

2

Geitaís, geitaostur,
geitajógúrt og
geitaskyr á
boðstólum

6

Hrútabukl á
Kex Hostel

25–26

Kynbætur á
íslenska
kúakyninu
ganga vel

Bændablaðið

21. tölublað 2014 ● Fimmtudagur 6. nóvember ● Blað nr. 430 ● 20. árg. ● Upplag 32.000



Starfsemi félagsins Holt og heiðar í Hallormsstaðaskógi vex og dafnar. Hér eru þær Guðný Vésteinsdóttir og Bergrún Arna Þorsteinsdóttir með falleg hrútaber, en óvenjugóð berjaspretta var í Hallormsstaðaskógi á liðnu sumri. Nýttu þær stóllur sér aðstæðurnar og bjóða í ár upp á hrútaberjasultu sem er nýjung hjá fyrirtæki þeirra, Holt og heiðar ehf. – Sjá nánar bls. 22 og 23.

Mynd / Margrét Þóra Þórsdóttir.

Guðmundur Jóhannesson: Verðum að stíga varlega til jarðar varðandi nýtt kúakyn

Guðmundur Jóhannesson, ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir í viðtali á blaðsíðu 10 í blaðinu að það verði að fara gætilega í allri umræðu um nýtt kúakyn.

Hann segir þetta í tilefni af Kastljóssviðtali við Sigurð Loftsson, formann Landssambands kúabænda, þar sem hann lýsti því yfir að knýjandi þörf væri á því að tekið verði til athugunar að heimila kynblöndun við íslenska kúakynið.

Einkum varar hann við innflutningi á erfðaeftni vegna sjúkdómahættu og eins vegna alþjóðlegra skuldbindinga með RÍÓ-sáttmálanum, en eitt af aðalmarkmiðum hans er að vernda líffræðilega fjölbreytni. Hann nái til alls lífríkis á Íslandi og það sé nauðsynlegt að vinna verndaráætlun fyrir öll okkar búfjárkyn, ekki aðeins íslenska kúakynið. „Það er nokkuð sem stjórnvöld ættu að setja í forgang en að mínu mati er óráðlegt að tala um innflutning á nýju kúakyni án þess að slík áætlun liggi fyrir,“ segir Guðmundur.

Hann telur vænlegri leið að vera fremur með fleiri en eitt kúakyn í landinu; það íslenska og svo eitt eða fleiri önnur. *Sjá bls. 10.* /smh

Unnið að sölu 34 prósent hlut þriggja hluthafa í ullarvinnslufyrirtækinu Ístexi:

Ráðgert að bændur kaupi 24 prósent hlut

— Einnig að félagið sjálft eignist 10 prósent af hlut framkvæmdastjóra, framleiðslustjóra og tæknistjóra félagsins

Í júní var greint frá því í Bændablaðinu að þrír stærstu eigendur ullarvinnslunnar Ístex hafi hafnað kaupsíðunni fjárfesta í 34% hlut þeirra í félaginu. Talið var að tilboðið hafi komið frá erlendum krónueigendum í gegnum verðbréfafyrirtækið Virðingu, en nú er komið í gang ferli um að bjóða íslenskum sauðfjárbændum að kaupa þennan hlut.

Hugmyndin gengur út á að selja 24 prósent hlut í Ístexi til bænda en að félagið kaupi sjálft 10% hlut. Þetta verði gert með þeim hætti að bændum, sem leggja inn ull, verði boðið að setja innlegg sitt sem greiðslu upp í hlutabréfakaup. Þá er miðað við að þeir sem áhuga hafa á að taka þátt í slíku, undirriti samning um hlutabréfakaup til fjögurra ára gegn því að fá 15% herra verð fyrir sína ull. Á móti leggi þeir sjálfir fram jafn háa upphæð til hlutabréfakaupa.

Þarna er um að ræða hluti Guðjóns Kristinssonar, framkvæmdastjóra fyrirtækisins, Jóns Haraldssonar framleiðslustjóra og Viktors Guðbjörnssonar í félaginu sem hefur

haft umsjón með tæknimálum og viðhaldi Ístex, en samanlagt eiga þeir 34% hlut. Heildarverðmæti Ístex er metið á tæpar 550 milljónir. Auk þremminganna eiga Landssamtök sauðfjárbænda 15,5% hlut í Ístexi. Þá eiga nú- og fyrrverandi starfsmenn 13%, fjármálafyrirtæki og önnur fyrirtæki eiga um 7% hlut og 1.800 nú- og fyrrverandi ullarinnleggjendur eiga síðan það sem út af stendur.

Guðjón sagði í Bændablaðinu í júní að þeir þremmingar hafi í sjálfu sér ekki unnið markvisst að því að selja sinn hlut, en ljóst væri að þeir væru farnir að eldast. „Við höfðum fengið tilboð í hlutinn áður en síðan kom tilboð án allra skuldbindinga. Ég bar það undir stjórnarformanninn sem aftur bar það undir forystu Landssamtaka sauðfjárbænda. Þar á bæ leist mönnum ekki vel á að okkar hlutur færi í hendur annarra og óskuðu eftir að við höfnum tilboðinu sem við gerðum. Við gerðum það í ljósi þess að bændur stefndu að því sjálfir að kaupa okkur út úr fyrirtækinu.“

Stjórnarformaður félagsins er

Ari Teitsson, fyrrum formaður Bændasamtaka Íslands. Hann hefur síðan í sumar unnið markvisst að þeirri hugmynd að bændur kaupi sjálfir umræddan hlut í félaginu, fremur en að hann renni til ótengdra fjárfesta.

Æskilegt að endurnýja hlut bænda í fyrirtækinu

„Þegar Ístex var stofnað tóku bændur þátt í þeirri stofnun með því að leggja fram um einn þriðja af hlutafé félagsins. Markmiðið var að bændur, lykilstarfsmenn og ullarkaupendur – sem þá voru aðallega kaupfélögin, væru þátttakendur í þessu, þannig að enginn ætti meirihluta,“ sagði Ari í samtali við Bændablaðið.

„Á þessum tíma hefur orðið sú breyting að líklega tæplega helmingur þeirra sem tóku þátt í þessu í upphafi er ekki lengur að framleiða ull. Þannig hefur hlutur hinna raunverulegu ullarframleiðenda þynnst mjög. Vegna markmiða stjórna fyrirtækisins – um að safna, vinna og markaðssetja íslenska ull, var það mat hennar

að það væri æskilegt að endurnýja hlut bænda í fyrirtækinu. Nú þegar lykilstarfsmenn, sem áttu rúm 44 prósent í félaginu frá stofnun, eru að hverfa frá störfum, þá var það mat okkar að ullarframleiðendur skyldu áfram eiga öflugan hlut í félaginu.

Ég vona að sem flestir bændur sjái sér hag í því að vera með. Félagið stendur vel um þessar mundir og hefur greitt arð síðustu fimm til sex árin. Bændur ættu þarna að vera að fjárfesta í tiltölulega góðu fyrirtæki og tryggja um leið framtíð ullarvinnslu.“

Formanni sauðfjárbænda list vel á hugmyndina


Þórnari Inga Péturssyni, formanni Landssamtaka sauðfjárbænda, list vel á þann farveg sem málið er í. „Ef þetta næst hjá okkur þá verður það bara virkilega ánægjulegur áfangi – að fyrirtækið verði þá að meirihluta í eigu bænda. Þetta mun virka þannig hjá okkur að það verður að sjálfsögðu enginn neyddur til að taka þátt í þessu, en við stefnum á að reyna að ná á bilinu 70–90 prósent,

þeirra sem leggja inn ull, inn í þetta – og 70 prósent að lágmarki. Við eigum alveg eftir að kynna þetta, en það er í raun alveg nýlega sem fór að sjá fyrir endann á þessu. Þetta hefur verið í umræðunni í nokkurn tíma hjá stjórn Ístex og þeim sem eru að selja – og við sauðfjárbændur höfum svo sem verið að blanda okkur í þær. Við teljum mikilvægt að afsetning ullar og ullariðnaðurinn sé í höndum bændanna sjálfra – því þannig getum við betur tryggt framtíð greinarinnar. Það eru því kannski ekki fjárfestingarsjónarmiðin sem hér vega þýngst,“ segir Þórnari.

Rekið með hagnaði

Ístex var reist úr rústum Álafoss fyrir rúmum tuttugu árum. Fyrirtækið er hið eina á landinu sem tekur við ull frá bændum. Ístex rekur ullarþvottastöð á Blönduósi og verksmiðju í Mosfellsbæ. Rekstur Ístex hefur á undanförunum árum gengið vel eftir að hafa verið í járnum framman af. Á síðasta ári var það rekið með 46 milljóna króna hagnaði. /HKr./smh

Fréttir



Íslenska geitin komin á veggspjald

Veggspjald sem sýnir litafjölbreytileika íslenska geitastofnsins er komið út.

Það eru Bændasamtök Íslands sem standa að útgáfunni en ljósmyndirnar koma úr ýmsum áttum. Á spjaldinu eru alls 24 fjölbreyttar myndir af geitum, teknar af Jóni Eiríkssyni, Áskeli Þórisssyni, Önnu Maríu Geirsdóttur, Jóhannu B. Þorvaldsdóttur og Guðmundi A. Guðjónssyni. Eins og kunnugt er hafa geitfjárræktendur staðið í ströngu síðustu ár til þess að vernda íslensku geitina og efla stofninn. Mikill áhugi er á meðal almennings um málefni geitfjárræktarinnar og er útgáfa veggspjaldsins ekki síst hugsuð til þess að ýta enn frekar undir fræðslu um þennan einstaka stofn.

Litaveggspjöld af íslensku búfé hafa notið mikilla vinsælda í gegnum árin en þau eru fánleg hjá BÍ og í bókaverslunum víða um land. Tvær stærðir eru í boði, A3 og stór veggspjöld í stærðinni 61X87 cm. Minna spjaldið kostar 900 kr. og það stærra 1.500 kr. Þeir sem vilja panta nýja geitaspjaldið geta sent tölvupóst á jl@bondi.is eða haft samband í síma 563-0300 og fengið veggspjald sent um hæl.



Rúllupylsu-keppnin 2014

Slow Food á Íslandi og Þaulsetur sf. standa fyrir keppni í gerð rúllupylsu í Þurranesi í Saurbæ laugardaginn 22. nóvember kl. 14. Skráning í keppnina er sama dag milli kl. 13–13.30 í Þurranesi.

Dómarar verða meðal annars Dominique Plédel Jónsson frá Slow Food Ísland og Kjartan H. Bragason frá Meistarafélagi kjötiðnaðarmanna.

Í tilkynningu frá aðstandendum keppinnar segir að rúllupylsugerð úr kindakjöti sé gömul og góð hefð á íslenskum heimilum. Keppnin sé haldin til að viðhalda og vekja athygli á fornum hefðum og handverki í matargerð.

Fornar verkunarhefðir og handverk í matargerð megi hvorki gleymast né staðna. Því sé nauðsynlegt að leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín, prófa nýjar leiðir og stuðla þannig að þróun í gerð hefðbundinna matvæla. Kynslóðirnar er því hvattar til að koma saman við rúllupyslugerð, læra hver af annarri og njóta tímans saman.



Bettina, sem er frá Þýskalandi, hefur búið á Íslandi síðan 1991 og unir hvergi hag sínum betur en í Brautartungu innan um geiturnar sínar, sauðféð, hestana og að sjálfsögðu eru hún og Jóhann, maður hennar, með kartöflu- og rófurækt.

Myndir / Magnús Hlynur Heiðarsson

Bettina Wunsch hóf geitabúskap í Þykkvabænum 2008:

Geitaís, geitaostur, geitajógúrt og geitaskyr á boðstólum

„Við fengum okkar fyrstu geitur 2008 frá Fjallalækjaseli við Þórshöfn, tvær huðnur og tvo hafra. Síðan þá höfum við fjölgað smátt og smátt í stofninum og erum komin með ellefu geitur og ætlum að fjölga enn frekar,“ segir Bettina Wunsch í Brautartungu í Háfshverfinu í Þykkvabænum.

„Mér finnst þetta frábærar skepnur, vinalégar og góðar.“

Prófar sig áfram með afurðir úr geitamjólkinni

Bettina mjólkar fjórar geitur daglega og er að prófa sig áfram með afurðir úr geitamjólkinni eins og geitaís, geitajógúrt, geitafetaost og geitaskyr.

„Viðtökurnar eru mjög góðar, fólk sem ég gef að smakka finnst þetta allt mjög gott og spennandi,“ segir hún. Allar geiturnar í Brautartungu hafa nafn og má þar nefna Gjósku, Dalíu, Þrá, Freyju, Rönd, Rósu, Gasellu, Jónsa og Presley.

/MHH



Bettina að handmjólka eina geitina á bænum.

Samið um eflingu geitfjárræktar við Erfðanefnd landbúnaðarins

Atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytið kynnti 16. október síðastliðinn að gerður hafi verið samningur við Erfðanefnd landbúnaðarins um að efla geitfjárrækt á Íslandi.

Reiknað er með að kostnaður verði samtals 7 milljónir króna á næstu þremur árum.

Gert er ráð fyrir að Erfðanefnd landbúnaðarins verði falið að ráðstafa stuðningnum í samræmi við tillögur vinnuhóps sem ráðherra skipaði í vor.

Samkvæmt tillögunum er ætlunin að auka beinan stuðning til geitabænda og gera átak í sæðistöku og djúpfyrstingu sæðis

svo koma megi upp erfðabanka er varðveiti mikilvægustu erfðapætti stofnsins. Þá verður, í samstarfi við Bændasamtök Íslands, búinn til stafrænn gagnagrunnur með öllum ætternisupplýsingum sem safnað hefur verið frá upphafi um íslenska geitfjárstofninn.

Einnig er stefnt að því að við

endurnýjun næstu búvörusamninga verði geitfjárrækt jafnsett sauðfjárrækt í opinberum stuðningi. Þannig megi tryggja ræktun og viðhald stofnsins til framtíðar. Auk þess mun það væntanlega auðvelda áhugasömum ræktendum að fjölga í hjörðum sínum og auka framboð á afurðum.

Það liggur ekkert á!

Við bjóðum sama góða afsláttinn af KRONE rúllusamstæðum til 15. janúar 2015.

En ef þér liggur á þá getum við gert betur!



KRONE COMPRIMA CF155 X-Cut samstæðuna ætlum við að bjóða fram að áramótum á hreint út sagt ótrúlegu verði og meira til.

KRONE COMPRIMA CF155 X-Cut er hlaðin búnaði:

- | | |
|--|--|
| ☞ 17 hnífa skurðarbúnaður | ☞ Lokuð geymsla fyrir 10 plastrúllur |
| ☞ Glussastýrður stíflulosunarbúnaður | ☞ Sjálfvirk smurning á keðjum, miðlægir smurstútar á legum |
| ☞ EasyFlow sópvinda (215 cm) án brauta, 60% færri slitfletir | ☞ Flotmikil dekk í yfirstærð: 500/55-20 12PR |
| ☞ Netbinding | ☞ Skýr og góð stjórn tölva með snertiskjá í lit |

KRONE Comprima CF 155 X-Cut er lauskjarna vél eins og flestar aðrar sambyggðar rúlluvélar sem boðnar eru á Íslandi en hefur eftirfarandi atriði umfram þær:

- ☞ Sjálfstætt vökvakerfi sem tryggir mun minna álag á dráttarvélina og vökvakerfi hennar
- ☞ Breytilega baggstærð, bindur og pakkar rúllum í stærðunum frá 1,25m upp í 1,50 m. Stærri rúllur spara plast og minnka vinnu við rúlluhirðingu og gjafir.

Allt þetta á aðeins kr. 8.950.000 án vsk.

En þetta er ekki allt. Við ætlum að gera enn betur!

Fyrir þá sem staðfesta pöntun fyrir 31. desember 2014 fylgja tveir veglegir kaupaukar:

1. Video - kerfi (myndavél og skjár) að andvirði 170.000 kr. án vsk.
2. Boðsmiði fyrir einn í skoðunarferð til KRONE verksmiðjanna í Spelle í Þýskalandi á vormánuðum 2015

Bændur og verktakar, gerið samanburð á búnaði, verði og gæðum. Við erum sannfærðir um það að þegar allt er tekið inn í reikninginn geta fáir boðið betur en KRONE.

Allt verð er tilgreint án virðisaukaskatts og miðast við gengi á Evru = 154 kr.



Þ Ó R Þ

Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



Fréttir

Daði Már Kristófersson, dósent í hagfræði:

Landnýting á að stýra styrkjum

Daði Már Kristófersson, dósent í auðlindahagfræði, sagði í erindi sem hann hélt á fundi á vegum Viðreisnar fyrir skömmu að afnema þurfi beingreiðslur í landbúnaði og auka þannig verðmætasköpun.

Að hans mati má draga úr soun og ýta undir verðmætasköpun í landbúnaði með því að breyta kerfinu. Hann sagði einnig að styrkir til sauðfjárræktar og mjólkurframleiðslu kostaði skattgreiðendur tæpa 8 milljarða króna á ári. Daði segir galla núverandi kerfis meðal annars þann að það sé nær eingöngu bundið við tvær búgreinar, sauðfjárrækt og mjólkurframleiðslu.

Að sögn Daða á landnýting fremur að stýra styrkveitingum en beingreiðslum, sem eru að hans mati óheppilegt fyrirkomulag. Hann telur að ef framleiðsla byggðist á landnýtingu fengi öll landnýting



Daði Már Kristófersson.

stuðning og að slíkt myndi styðja unga bændur og fjölbreyttari landbúnað betur en núverandi kerfi og ríkið mundi ekki skipta sér af því hvað bændur framleiða. /VH

Íslandsmeistarakeppnin í matarhandverki:

Ertu með gullvöru í þínum höndum – viltu fá mat á henni?

Hinn 13. nóvember næst-komandi verður haldin fyrsta „Íslandsmeistarakeppnin í matarhandverki“. Keppnin verður að þessu sinni opin fyrir allar Norðurlandþjóðirnar og fer fram í Norræna húsinu.

Nú þegar hefur fjöldinn allur af keppendum skráð vöru sína til leiks og eru skráningar komnar frá öllum Norðurlöndunum – líka frá Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum.



Ilmurinn af súrdeigsbrauði kannaður.

Ráðstefna og námskeið

Samhliða keppninni verður haldin ráðstefna, sem er opin öllum, þar sem hægt verður að fræðast um hvernig frændur okkar á Norðurlöndunum hafa stutt og markaðssett matarframleiðslu úr héraði. Ráðstefnan er styrkt af Íslandsstofu, Icelandair og Norræna húsinu.

Í kringum keppnina verður boðið upp á vettvangsferð, þar sem heimsóttir verða smáframleiðendur á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Eins verður boðið upp

á hálf dags námskeið og stutta fyrirlestra fyrir smáframleiðendur og aðra áhugasama um matvælaframleiðslu. Þessi fræðsla er í boði verkefnisins „Nýsköpun í lífhagkerfinu“ sem er hluti af Norræna lífhagkerfinu (Nordbio) sem er þáttur í formennsku-áætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

Skráning í keppnina, ráðstefnuna og á námskeiðin fer fram á vef Matis. Einnig má hafa beint samband við Gunnþórunni Einarsdóttur (858-5049). /smh



Jarðboranir á Norðausturlandi

Erum með bora lausa til verkefna á Norðausturlandi sem henta vel til borana á hitastigulsholum, vatnsholum, sjóholum og jarðhitaholum. Áratuga reynsla.

Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Steinar Má Þórisson, verkefnastjóra í síma 858-5236 (steinar@jarðboranir.is) eða Markaðsdeild Jarðborana í síma 585-5200

Jarðboranir, Hlíðasmára 1, 201 Kópavogi, sími 585 5200, www.jarðboranir.is

Garðar Páll Jónsson á Melstað segir refnum ekki vera að fækka:

Dýrbítar í Deildardal

– Fullyrðingar Náttúrufræðistofnunar um að ref hafi fækkað standast ekki

Garðar Páll Jónsson rafvirki býr á Melstað í Óslandshlíð í Skagafirði, þar sem tengdafaðir hans er með sauðfjárbú. Hann segir engar vísbendingar um að farið sé að fækka í refastofninum eins og Náttúrufræðistofnun haldi nú fram.

Garðar var ásamt fleirum í göngum í Deildardal nú í haust þegar gengið var fram á hræ af tveimur lömbum og einni fullorðinni rollu. Þá fannst ein gimbur sem var lifandi en illa særð og eitt hræ í viðbót sást en náðist ekki á mynd.

Greint var frá þessu í Feyki fyrir skömmu og sendi Garðar Bændablaðinu einnig myndir af illa útleiknum hræjum.

Garðar sagði í samtali við Bændablaðið að gengið hafi verið fram á hræin í Seljadal innst í Deildardal, hræin voru innan við svonefndan Tryppafoss neðan við á sem er kölluð Litla-á. Ein gimbur var illa særð en lifandi þar skammt frá, eða í hlíðinni vestan við Tryppafossinn. Gimbrinni var lógað eftir að hún kom til réttar, enda ekki hægt að græða svona sár. Garðar segir að einnig geti komist fluga í sárið og þá sé best að lina þjáningar eins fljótt og kostur er.

„Sem betur fer er það ekki árlegt að við fáum svona dýrbít þó að í þessum dölum sem féð gengur í, Unadal, Deildardal og Kolbeinsdal, vanti alltaf eitthvað af fé sem hvergi kemur fram. Núna var bitið fé í Deildardalnum og það komu fram særð lömb í Kolbeinsdalnum líka sem er næsti dalur vestan við.

Ég er búinn að vera í grenjavinnslu síðan 1996 og hef lent í svona haustbítum. Fyrir nokkrum árum skaut ég eina læðu í Viðvíkursveitinni og hún var búin að drepa fimm lömb á fimm dögum hjá Harald í Enni og líklega sjö lömb á tæpri viku.“

Segir Garðar að þessi lömb hafi verið í kálstykki við gamla bæinn á Læk sem er um þrjú hundruð metra frá veginum.

„Þar unnu að tvær læður og ég náði annarri en Steinþór í Kýrholti hinni degi seinna, þá var hún komin í fé sem þar var. Þarna var um haustlömb að ræða enda komið fram í október.“

– Varla komast slíkir dýrbítar yfir að éta allt sem þeir drepa?

„Nei, þeir drepa lömbin og éta af þeim snöppuna. Í þessu tilviki drap tófan lömbin og það kom engin hvolpahjörð á eftir í hræin. Fyrir nokkrum árum lentu menn í slíku í Borgarfirði. Þá voru menn að berjast við að ná dýrbít allt haustið og langt fram á vor. Þá var það refur sem drap féð og honum fylgdu að talið var 17 dýr. Menn skildu ekkert í því að hræin sem refurinn drap voru horfin eftir svo sem þrjá daga, allt nema beinin. Þegar þeir fóru að liggja yfir hræjunum, Snorri H. Jónsson frá Augastöðum og Snorri Jóhannsson frá Gilsbakka í Hvítársíðunni, held ég að þeir hafi náð á milli 12 og 17 dýrum. Dýrbítum sjálfum náðu þeir ekki fyrr en um vorið þegar fór að birta.“

Dýrbítur landlægur í Vesturfjöllunum

Garðar segir að Theódór Gunnlaugsson frá Bjarmalandi hafi einmitt talað um það í bók sinni „Á refaslóðum“ að flokka mætti tófur í tvo flokka, hrædýr og bitdýr. Sem betur fer væru bitdýrin ekki mjög algeng.

„Síðan ég byrjaði 1996 hef ég aðeins þrisvar lent í dýrbít. Hér í Vesturfjöllunum í Skagafirði er hann hins vegar landlægur. Þar fundu



Illu útleikin hræ sem fundust í göngum í Deildardal á dögnum.

Myndir / Garðar P. Jónsson.



Þessi gimbur var svo illa bitin að henni varð að lóga.

bændur fjögur eða fimm dauð lömb sömu helgina og ég var á ferðinni í Deildardal í haust. Dýrbítar eru ekki eins algengir hér austan megin í Skagafirðinum, kannski vegna þess að fjöllin eru erfiðari og féð kemur meira niður í byggð.“

– Hvað finnst þér um fullyrðingar Náttúrufræðistofnunar um að refnum fari fækkandi?

„Ég hef ekki séð það á mínu svæði. Nú þekki ég ekki alveg forsendur þeirra, en ef rökin eru að það séu færri veidd dýr, þá stenst það engan veginn.

Það er vanalega veitt eftir þekktum grenjum. Síðastliðinn vetur háttaði því þannig að það snjóaði í október og það var allt hér í klaka og ís alveg fram í maí. Gamli Fljótamenn segja að þetta sé fyrsti veturinn sem svo háttar til í þeirra minni, að aldrei hafi hlánað allan veturinn. Tófan lá því niðri á láglendi og í byggð. Í Eyjafirði var hún alveg niður í fjöru og ekkert ofan við 200 metra hæð. Það var eins hjá mér, en ég er með Hjaltadalinn og Kolbeinsdalinn.

Í svona tíðarfari gýtur tófan niður á láglendi og alls ekki víst að menn

verði varir við það. Þegar kemur fram á haustið fer að sjást hellingur af hvolpum, en það veiðast samt helmingi færri dýr.

Grenjaskyttur á næsta svæði fyrir utan mig tóku 50 dýr í vor og þar af 18 eða 19 í Þórðarhöfðanum þar sem er gott greni. Þeir náðu fyrsta dýrinu í þessu greni um miðjan júní. Næstu refafjölskyldu sem settist að í greninu náðu þeir um Jónsmessu og þriðju fjölskyldunni um mánaðamótin júní – júlí. Þá hafa læðurnar gotið í einhverju þokkalega þurru skjóli niðri á láglendinu og síðan hafa þær færst sig nær ætinu út í Þórðarhöfða þegar hvolparnir fóru að stækka. Í Tindastólnum voru líka þrjú greni á mjög þröngu svæði.“

Ekki minna um tófu en áður

„Ef Náttúrufræðistofnun miðar bara við veidd dýr stenst mat þeirra engan veginn. Meðalveiðin hjá mér er um 30 til 40 dýr á ári. Við förum bara í greni sem vitað er um, því við fáum ekki borgað fyrir leit að nýjum grenjum,“ segir Garðar. Þar sem tófan var ekkert í sínum hefðbundnu grenjum vegna klaka, og ekki leitað sérstaklega utan þess, þá var hún eðlilega ekki að veiðast. „Ég var undir ársmeðaltali í veiði núna, en það er samt engan veginn hægt að halda því fram að það séu færri tófur á svæðinu.“

Garðar segir að skottunum sé skilað inn til sveitarfélaganna, sem greiði ráðnum veiðimönnum. Sveitarfélögin skila síðan skýrslum til Náttúrufræðistofnunar. Mikil óvissa er með hvort skott af refum sem rjúpnaskyttur og aðrir veiðikorthafar drepa, skili sér, þar sem þeir sjá sér engan hag í að standa í því. /HKr:

– Sjá nánari umfjöllun um refastofninn á bls. 16, 20 og 21.



Út í heim með Fella

- Kraftvélar í samstarfi við Fella

Með kaupum
á Fella heyvinnutæki
fyrir áramót er 3ja daga
ferð til Þýskalands, að skoða
verksmiðjur Fella.
Flug, gisting og uppihald
fyrir einn innifalið.



SLÁTTURVÉLAR

Gerð	Vinnslubreidd	Fjöldi diska í slátturborði	Lýsing	Verð í kr. án vsk.*	Verð í kr. m. vsk.*
SM248	2,4 m	4	Þrítengibeisli	990.000	1.242.450
SM320	3,0 m	7	Þrítengibeisli	1.390.000	1.744.450
SM3570 TL	3,5 m	7	Þrítengibeisli miðjuhengd	1.860.000	2.334.300
SM4080 TL	4,0 m	8	Þrítengibeisli miðjuhengd	1.990.000	2.497.450
SM991 TL X2	9,3 m	2x7	Samstæða miðjuhengd	4.690.000	5.885.950
SM310 FP	3,0 m	6	Framsítturvéll	1.580.000	1.982.900

HEYÞYRLUR

Gerð	Vinnslubreidd	Fjöldi stjarna	Lýsing	Verð í kr. án vsk.*	Verð í kr. m. vsk.*
TH5204DN	5,2 m	4	Lyftutengd á þrítengibeisli	990.000	1.242.450
TH6606DN	6,6 m	6	Lyftutengd á þrítengibeisli	1.340.000	1.681.700
TH790 HYDRO	7,7 m	6	Dragtengd, brotin saman með vökva	1.580.000	1.982.900
TH1100HYDRO	10,2 m	8	Dragtengd, brotin saman með vökva	2.280.000	2.861.400
TH800 TRANS	7,7 m	6	Dragtengd, flutningsvagn	1.990.000	2.497.450
TH901 TRANS	8,6 m	8	Dragtengd, flutningsvagn	2.450.000	3.074.750

RAKSTRARVÉLAR

Gerð	Vinnslubreidd	Fjöldi stjarna	Lýsing	Verð í kr. án vsk.*	Verð í kr. m. vsk.*
TS426DN	4,2 m	1	Lyftutengd á þrítengibeisli	990.000	1.242.450
TS1502	6,3-7,0 m	2	Krabbaútfærsla, rakar til hægri	2.360.000	2.961.800
TS1603	6,6-7,7 m	2	Dragtengd, rakar til hægri	3.080.000	3.865.400
TS671	5,8-6,6 m	2	Dragtengd, rakar að miðju	2.390.000	2.999.450
TS801	6,8-7,6 m	2	Dragtengd, rakar að miðju	2.850.000	3.576.750
TS880	7,2-8,1 m	2	Dragtengd, rakar að miðju	2.990.000	3.752.450

* Verð miðast við gengi Evru 154

Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.200 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.600. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is
Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Frágangur fyrir prentun: Prentsníð.
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LEIÐARINN

Fagna ber málefnalegri umræðu um landbúnað

Fyrir skömmu sló Fréttablaðið upp á forsiðu að samkvæmt skoðanakönnun blaðsins vildu 53% landsmanna frjálstan innflutning landbúnaðarvara. Það er nokkru lægra en kom fram í svipaðri könnun MMR fyrir Viðskiptablaðið í mars á þessu ári, þegar hlutfallið var 61%.

Spurning sem þessi segir aldrei alla söguna og er leiðandi á vissan hátt. Fæstir vilja vera á móti „frelsi“ – nema að þeir hugsí málið til enda.

Innflutningur á landbúnaðarvörum er frjál

Nú er það svo að innflutningur á landbúnaðarvörum er frjál. Gríðarlega mikið af búvörum er flutt til landsins tollfrjálst og án skilyrða. Innflutningurinn er hins vegar í sumum tilvikum háður skilyrðum sem byggja á því að vernda heilbrigði manna og dýra. Þau eru til þess að vernda heilbrigði innlendra búfjárstofna sem eru lausir við fjöldamarga sjúkdóma sem eru landlægir víðast hvar erlendis. Bærust slíkir sjúkdómar hingað hefur íslenskt búfé ekki mótstöðu fyrir þeim og fátt yrði um varnir. Skilyrðin eru líka til þess að vernda heilbrigði fólks. Það er mikils virði að tíðni matarsýkinga er hér mjög lág í alþjóðlegum samanburði og þannig þurfum við að halda því. Gæði og heilbrigði vörunnar skipta miklu máli. Að sama skapi njóta sumar búvörur tollverndar til að jafna samkeppnistöðu þeirra gagnvart innlendri framleiðslu.

Hagsmunasamtök verslunarinnar hafa linnulítið barið á því að þessi staða sé lítils eða einskis virði. Hún er kannski einmitt lítils virði fyrir verslunina í landinu. Á meðan hún getur selt einhverjum eitthvað má þeim vera sama um annað. Því er stundum haldið fram að áhættan sé ekki mikil – en það er áhætta engu að síður og bændur vita sem er að tjón af völdum sýkinga sem hingað kunna að berast mun seint verða bætt af versluninni í landi. Hún tekur enga ábyrgð á því.

Íslendingar ferðast nú aftur í auknum mæli til útlanda, eftir að úr því dró á fyrstu árunum eftir bankahrunið. Þá hefur tollgæslan í nógu að snúast við að tollafgreiða pakka úr netverslunum erlendis frá. Það þarf ekki mikla rökfræði til að sjá að við þetta er verslunin að missa stóran spón úr aski sínum. Hún hefur ekki átt svar við þessari þróun.

Spjótunum er því beint að landbúnaðarvörum og áfengi, ef til vill í því skyni að bæta sér upp tekjumissi vegna breyttra verslunarháttá á öðrum sviðum.

En þrátt fyrir markvissan áróður síðustu mánaða og óljósa og leiðandi spurningu þá hefur þjóðin tekið afstöðu með landbúnaðinum – að sjálfsögðu, enda er það í samræmi við þá umræðu sem nú fer fram um allan heim um framtíðina í matvælaframleiðslu. Takk fyrir það, kæru landsmenn!

Málefnaleg umræða

Umræða um landbúnaðarstefnuna tók einnig ánægjulegri breytingu í síðustu viku. Daði Már Kristófersson hagfræðingur ræddi um hana á opnum fundi og sumir fjölmiðlar fjölðuðu um málið í kjölfarið. Hann gagnrýndi stefnuna, sem er ekki nýtt, en hann gerði það á málefnalegan hátt, sem er óneitanlega nýtt. Því ber að fagna. Alltof oft er fjallað um starfsskilyrði landbúnaðarins með örökstuddum upphrópunum og sleggjudómum. Aðalatriðið er þá að kerfið sé „slæmt“ og gagnslaust. Því fylgir yfirleitt ekki nánari greining á því hvað megi betur fara, hvað þá tillögur til úrbóta, nema þá að hætta öllum stuðningi við landbúnað, helst strax á morgun. Hætt er við að það mætti rústa ýmsa aðra grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar með sömu röksemdarfærslu.

Daði Már gerði að umtalsefni að okkar landbúnaðarstefna er ekki sú sama í öllum búgreinum. Það er rétt hjá honum. Stutt er við sumar greinar með beinum styrkjum, en í öðrum er aðalatriðið tollvernd og í enn öðrum er stuðningurinn lítill eða enginn. Verðlagning afurða er að jafnaði frjál, en í mjólkurframleiðslu er beitt opinberri verðlagningu að hluta, þó ekki á öllum vörum eða öllum sölustigum. Þetta hefur einfaldlega þróast á þennan veg hérlandis, en eykur óneitanlega flækjustigið, einkum fyrir þá sem horfa á kerfið utan frá. Þetta þarf að skoða og leita leiða til að stækka landbúnaðinn með því að skapa viðunandi rekstrarumhverfi fyrir fleiri greinar. Landbúnaðurinn er alltaf að verða fjölbreyttari og við þurfum að hugsa um að nýta öll tækifæri hans sem best. Eðlilegt er að ræða opið um hvernig það verður best gert.

Þá benti Daði Már einnig réttilega á að stuðningurinn í nautgripa- og sauðfjárrækt sem gengur kaupum og sölum hefur tilhneigingu til að eigngerast. Það er hár þröskuldur fyrir nýliða að þurfa að kaupa sig inn í þessar greinar oftast með mikilli skuldsetningu. Slíkt er ekki eftirsóknarverð staða fyrir ungt fólk að byrja búskap. Daði benti á að fyrir slíkt mætti komast með því að miða greiðslur frekar við ræktarland. Þá er ekki lengur horft á einstakar afurðir eða búgreinar, heldur bara er ætlunin að styðja við landbúnaðinn með almennum hætti, en bændum er látið eftir að ákveða hvað þeir kjósa að framleiða. Þetta er svipuð aðferð og Evrópusambandið notar til að styðja sinn landbúnað.

Þessar hugmyndir eru allrar athygli verðar, en þó þarf að skýra nánar hvernig þær eiga að virka. Hætt er við að stuðningur sem miðast við land eigngerist líka og komi þá einfaldlega fram í landverði. Dæmi eru um það hérlandis þegar stjórnvöld hafa reynt að auðvelda fólki að eignast húsnæði þá hefur það oft orðið til verðhækkunar á húsnæði.

ESB hefur notað þessa aðferð eins og áður sagði. Þar renna greiðslurnar til landeigenda, sem eru ekki endilega þeir sem sitja jarðirnar. Háir landbúnaðarstyrkir renna til ýmissa aðila sem stunda enga landbúnaðarframleiðslu, en leigja út land eins og til dæmis bresku konungsfjölskyldunnar. Enda er þetta harðlega gagnrýnt víða innan ESB. Það væri ekki framfaraskref hérlandis því að okkar opinberu framlög renna sannanlega til bænda.

Aðstæður til ræktunar hérlandis eru einnig afar misjafnar og landnýting er afar ólík eftir landshlutum. Ef útfæra ætti greiðslur út á land og gæta allrar sanngirni er því líklegt að það yrði heldur ekki einfalt mál. Vætanlega eru menn þó sammála um að slíkar greiðslur þyrftu að verða til þess að efla landbúnaðinn, matvælaframleiðsluna og byggðirnar, en rynnu ekki með beinum eða óbeinum hætti til einhvers konar nýlenduherra.

Hugsanlega er hægt að útfæra þessar hugmyndir hérlandis en gæta verður að því að landbúnaðurinn og byggðin þolir illa kollsteypur og það þarf að gefa sér tíma til breytinga. En það þýðir ekki að engar breytingar megi gera og það er sannarlega fagnaðarefni að landbúnaðarmál séu rædd á málefnalegum grunni. /SSS

LOKAORÐIN

Miklir möguleikar

Þótt ákveðin pólitísk öfl finni íslenskum landbúnaði allt til foráttu og leggi þess í stað lóð sín á vogarskálar hagsmunabaráttu stórkaupmanna, þá þurfa íslenskir bændur síður en svo að örvænta. Öll vísindaleg rök benda nefnilega til að vaxandi þörf verði fyrir framleiðslu bænda á norðlægum slóðum á næstu árum og áratugum.

Vísindamenn stofnana Sameinuðu þjóðanna virðast nú flestir vera komnir á þá skoðun að loftslagsbreytingar af mannavöldum sé staðreynd. Tala þeir nú um að þær loftslagsbreytingar sem þegar séu að eiga sér stað muni hafa áhrif á fæðuöryggi jarðarbúa. Ræktarlönd í hitabeltinu og á heittempruðum svæðum muni tapast vegna breytinga á veðurfari og að það muni ógna fæðuöryggi jarðarbúa. Þar af leiðir muni m.a. svæði á norðlægum slóðum verða æ mikilvægara fyrir matvælaframleiðslu heimsbyggðarinnar.

Athyglisvert er að skoða þessi varnaðarorð í ljósi þess sem verið hefur að gerast í Evrópu og Ameríku á liðnum áratugum. Þar hefur þróunin verið sú að til að auka framleiðni í landbúnaði þá hafa menn farið þá leið að nauðbeita land og ná upp meiri uppskeru með óhóflegri áburðar- og efnanotkun. Ekki verður þó haldið mikið lengra á þessari braut án þess að illa fari. Þá hefur ótölulegur fjöldi fréttu verið af tilraunum manna til að auka kjötfraðleiðslu „með sem hagkvæmustum hætti“. Þar hafa menn beitt fúkkalyfjum, sterum og erfðabreyttum jurtum til að reyna að ná hámarksafköstum. Þessu fylgja margháttaðir kvillar. Einn fylgifiskurinn er óhófleg notkun eiturefna. Það er m.a. talið hafa orsakað mikinn býflugnadauða í Evrópu og Bandaríkjunum, en býflugur eru einmitt lykillinn að ræktun nytjajurta til manneldis.

Auk þessa þá horfa Evrópumenn á þá staðreynd að sífellt meira ræktarland er tekið undir annað en landbúnað. Þannig hefur í Evrópuríkjum verið tekið land sem nemur ríflega flatarmáli Íslands, eða yfir 100 þúsund ferkílómetrum, undir aðra starfsemi en landbúnað. Það fækkar því öðum landkostunum til matvælaframleiðslu. Smám saman má því gera ráð fyrir að framboðið minnki á erlendum útflutningsmörkuðum. Í aukinni landnýtingu eiga Íslendingar hins vegar mikla möguleika. Ekki má heldur gleyma því að íslenskur landbúnaður er laus við þau eiturefni og fúkkalyfjaóhóf sem nú veldur usla víða um lönd. /HKr

Íslenska kýrin:

Nauðsynlegt að gera verndaráætlun fyrir búfjárstofna

Íslendingar bera ábyrgð á varðveislu íslenskra búfjárstofna samkvæmt Ríó-sáttmálanum frá árinu 1992. Má því búast við að það verði að gera ákveðnar ráðstafanir til að varðveita íslenska kúakynið verði innflutningur á norsku eða öðru erfðaeftni leyfður til að auka nyt íslenska mjólkurkúastofnsins.

Þorsteinn Ólafsson, dýralæknir á Nautastöðinni á Hesti í Borgarfirði, segir að Matvælastofnun hafi gert áhættugreiningu fyrir hugsanlegan innflutning á sæði úr norsku holdanautakyni til landsins.

„Að mínu mati er vissulega komin þörf að á flytja nýtt holdanautakyn til landsins eins og áður hefur verið gert. Ég var um tíma forstöðumaður Nauta- og einangrunarstöðvarinnar í Hrísey og mér vitanlega urðu engin óhöpp í tengslum við innflutning á dýrunum þangað. Hvorki á Galloway-sæði frá Skotlandi, í byrjun áttunda áratugarins, né á fósturvísunum, 1994, frá Danmörku



Þorsteinn Ólafsson dýralæknir.

úr Limousin- og Angus-nautgripum sem ólu af sér bæði naut og kvígur.

Það hefur aftur á móti gengið illa að framrækta þessa holdanautastofna vegna þess að þeir voru skyldir innbyrðis.“

Magnús Stephensen flutti inn danskar kýr

Þorsteinn segir að auk þess sem

landnámsmenn hafi flutt nautgripi til landsins á sínum tíma sé líklegt að Magnús Stephensen, dómstjóri í landsyfirdómi, hafi flutt inn kýr frá Danmörku í upphafi níttjándu aldar án þess að það sé að sjá í erfðaeftni íslenska kúastofnsins í dag.

„Í mínum huga er tæknilega ekkert öðruvísi að flytja inn holdagripi eða gripi til mjalta. Allt er þetta framkvæmanlegt og jafnvel án lagabreytinga með því að gera það í gegnum einangrunarstöð. Það er aftur á móti seinvirk og dýr leið að marga mati. Aftur á móti þarf lagasetningu ef flytja á sæði eða lifandi afkvæmi beint inn á bú.“

Verndaráætlun er alger forsenda

„Persónulega tel ég algera forsendu fyrir innflutningi að sett verði upp verndaráætlun fyrir íslenska kúakynið og íslenska búfjárstofna almennt og mér vitanlega ekkert slíkt verið gert fram til þessa.



Íslenskar kýr á beit.

Hvernig það er gert er svo pólitísk ákvörðun. Við gætum til dæmis gætt þess að innblöndunin færi ekki yfir 10 til 25% af íslenska stofninum eða ákveðið að halda eftir tvö til fimm þúsund íslenskum gripum á sérstökum búum. Einn valkostur getur svo verið að halda áfram að rækta íslensku mjólkurkúna og flytja ekki inn neitt erfðaeftni af mjólkurkúastofni. Styrkir til kúabænda tækju þá mið af því.

Eins gott að flytja inn hreinan stofn

„Ef til stendur að flytja inn nýtt

erfðaeftni þá tel ég allt eins gott að flytja inn nýtt og hreint kúakyn í stað þess að flytja inn sæði frá Noregi til innblöndunnar við íslenska stofninn. Með því mundum við spara okkur þann tíma sem fer í að blanda saman og rækta upp nýjan norsk-íslenskan kúastofn.“

Ávinningur með NRF felst aðallega í kjöti

Þorsteinn segir að helsti ávinningurinn við að flytja inn sæði úr norsku NRF-nautum felist í aukinni kjötfraðleiðslu þó að nytin ykist talsvert.

„Í kynbótum sínum hafa Norðmenn lagt mesta áherslu á heilbrigði og frjósemi sem hugsanlega gæti nýst okkur. Þeir hafa aftur á móti ekki lagt jafn mikla áherslu á nytina eins og gert hefur verið í ræktun margra annarra kúakynja,“ segir Þorsteinn Ólafsson dýralæknir. /VH

Líf og starf



Keppendur og íhaldsmenn.

Mynd / VH.

Hrútaþukl á Kex Hostel

Fyrsta vetrardag var boðið upp á hrútaþukl á Kex Hostel við Skúlagötu en hrútaþukl er keppni þar sem menn og konur spreyta sig á að dæma hrúta og meta hvernig þeir henta til kynbóta.

Böðvar E. Guðjónsson, framkvæmdastjóri Kexland, segir að viðburðurinn hafi gengið vel og að hann viti ekki til að áður hafi verið boðið upp á hrútaþukl í póstnúmeri 101.

„Kex Hostel er í góðu samstarfi við Landssamtök sauðfjárbænda sem hófst með rúningskeppni sem haldin var á Kex síðastliðið vor og kallast Gullnu klippurnar. Okkur þykir vænt um íslensku sauðkindina og viljum veg hennar sem mestan. Því kviknaði sú hugmynd að fá íslensku sauðkindina í 101 Reykjavík til að kynna borgarbörnum ágæti hennar. Hrútaþuklið er eðlilegt framhald Gullnu klippanna og einnig fannst okkur við hæfi að bjóða Vetur konung velkominn með þessum viðburði. Hvað er meira íslenskt en hrútaþukl í 101? Ekki skemmir fyrir að við munum bjóða gestum og gangandi upp á rammíslenska kjötsúpu meðan á viðburðinum stendur.“

Eyþór Einarsson hjá RML stjórnaði viðburðinum en þeir sem tóku þátt í þuklinu að þessu sinni voru Guðmundur Jörundsson fatahönnuður, Bjarni Snæðingur, Magni Þorsteinsson og Hugrún Árnadóttir í KronKron, Eygló Margrét Lárusdóttir í Kíós og Júlíus Meyvant sem vann keppnina. /VH



Hugrún Árnadóttir fatahönnuður var að taka þátt í hrútaþukli í fyrsta sinn.

Mynd / VH



Álitlegur fjöldi gesta mætti til að fylgjast með hrútaþuklinu á Kex Hostel á fyrsta vetrardag. Mynd / VH.

Eyþór Einarsson og Þórður Pálsson hjá RML. Þeir voru klukkutímann að undirbúa sig og gripina fyrir þuklið. Mynd / EHG.



MÆLT AF MUNNI FRAM

Enn verður kveðið frá „Kátum dögum“ á Þórshöfn sl. sumar. Til að gera ekki upp á milli Björns Ingólfssonar á Grenivík og Hjálmars Freysteinnssonar á Akureyri, þá fær Björn líka tvo vísnabætti fyrir sitt andlega fóður. Þar sem heimsmeistaramótinu í knattspyrnu var nýlokið þá var stjórnandanum Birgi Sveinbjörnssyni það efni nokkuð hugleikið. Björn var þráspurður út í fótbolta. Björn var frekar illa heima í þeirri íþróttagrein, en mundi þó til þess, að Javier Mascerano, landsliðsmaður Argentínu í knattspyrnu, gekk svo hart fram í undanúrslitaleiknum gegn Hollandi að hann reif á sér endaparminn:

Nú eru búnir að ná sér næstum því allir og fá sér hressingu og smá hvíld nema sá sem reif út úr rassgatinu á sér.

Birgir upplýsti að einungis 6 börn yrðu í skólanum á Raufarhöfn á komandi hausti, og skólahald einnig lagt niður í Svalbarðsskóla sakir barneklu. Hvað telur þú Björn helst til ráða?:

Þetta er augljóst ef að er gáð og alls ekki flókið né vandratað, til fjölgunar er þetta eina ráð. Eigum við nokkuð að ræða það?

Og fyrst Svalbarðsskóla hefur verið lokað, er skýringin aðeins ein:

Ekki er líflegt ástand þarna til æxlunar ei nokkur fús. Ef menn nenna ekki að barna er óþarfi að hafa skólahús.

Björn var líkt og hinir, inntur álits á Hönnu Birnu ráðherra:

Aðdáun smárri er ég gripinn, illa stendur hún sína plikt og mér finnst hún æði oft á svipinn eins og hún finni skítalykt.

Eins og komið hefur fram, þá tekur Björn sér árlegt fæðingarorlof við sauðburð hjá dóttur sinni Hólmfríði og tengdasyninum Þórarni I. Péturssyni á Grund í Höfðahverfi. Vonglaður gekk hann þar til verka í vor þar sem Sigmundur Davíð forsætisráðherra hafði heitið Þórarni því á þorrablóti þá um veturinn að koma til hans í sauðburðinn. Björn beið komu Sigmundar Davíðs nokkuð spenntur og skráði eftirfarandi stöðuskýrslu til dagbókar sinnar:

11. maí

Mannskap með reynslu út og inn -ekki er að því að spyrja-sárlega vantar í sauðburðinn, Sigmundur má fara að byrja.

17. maí

Ekki veit ég hvað á að gera, orðinn frekar vondaufur. Sífellt eru ær að bera en ekki kemur Sigmundur.

Eftir þinglok

Nú er, Simmi, búð þetta þing, þrætueplum gefið frí um stund. Skuldamálum tókst að koma í kring, kemurðu þá ekki að Stóru-Grund?

Lokavísá Björns á „Kátum dögum“ þetta sinn ber nokkur þreytumerki:

Mál er til komið að kveðja þetta geim komnir erum við hartnær að niðurlotum og ráðlegt að fara að ýta okkur heim áður en að við drepumst úr heilabrotum.

Umsjón:
Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggd1@gmail.com

Fréttir

Byggðaráð Blönduósbæjar gagnrýnir SSNV: Starfsstöð atvinnuráðgjafa flutt frá Blönduósi

Byggðaráð Blönduósbæjar harmar þá ráðstöfun Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra að leggja niður starfsstöð atvinnuráðgjafa á Blönduósi.

Byggðaráðið vekur jafnframt athygli á því að á sama tíma er auglýst eftir atvinnuráðgjafa þar sem starfsstöð hans er auglýst sérstaklega. Byggðaráð vill fá skýringar á þessari ráðstöfun.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem byggðaráð óskar eftir skýringum því í júlí síðastliðnum var óskað

eftir því að stjórn SSNV skýrði sérstaklega þá ákvörðun sína að leggja niður starf atvinnuráðgjafa á Blönduósi án kynningar og samráðs við sveitarstjórn.

Þá hvatti byggðaráð stjórn SSNV til virkari samskipta við sveitarstjórnir með aukinni upplýsingagjöf og benti m.a. á að nauðsynlegt væri að fundargerðir stjórna yrðu aðgengilegri á vef samtakanna mun fyrir en tíðkast hefur og að sveitarstjórnir yrðu upplýstar um t.d. skipulagsbreytingar og starfsmannamál.

Skriðuklaustur þátttakandi í Vakanum

Skriðuklaustur, menningarsetur og sögustaður í Fljótsdal er fyrsta menningarsetrið í Vakanum.

Starfsemi Gunnarsstofnunar á Skriðuklaustri hófst árið 2000 og er staðurinn einn af fjölsóttari ferðamannastöðum á Austurlandi. Gestir fá leiðsögn um hús Gunnars Gunnarssonar, kynnast ævi skáldsins og störfum og geta skoðað sýningu um miðaldaklaustrið sem stóð á 16. öld á Skriðuklaustri og var grafið upp á árunum 2000–2012. Á hverju ári heimsækja nú 30–40 þúsund gestir Skriðuklaustur.



Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, með viðurkenningu VAKANS.



Órvar Már Jónsson við tré sem gæti verið Íslandsmeistari í toppvexti meðal stafafurutrjáa.

Mynd / Þróstur Eysteinnsson.

Sproti ársins:

Íslandsmet hjá stafafuru

Toppsproti á stöku furutré í Þjóðskóginum á Höfða vakti sérstaka athygli á dögunum þegar Héraðs- og Austurlandsskógar héldu þar námskeið í umhirðu ungskóga.

Reyndist árssprotinn 2014 vera 105 cm langur sem er að öllum líkindum met hjá stafafuru hérlendis.

Þótt stór hluti landsmanna hafi upplifað sumarið 2014 sem rigningasumar, þá var það ekki reyndin austur á Héraði. Þar var

sumarið bæði langt og sólríkt og fyrir vikið var vöxtur trjáa almennt með ágætum. Fura þessi er í reit sem gróðursett var í árið 1996 og er kvæmið Taraldsey frá Noregi. Þar var stofnað til frægarðs með stafafurutrjám sem valin voru á Íslandi fyrir gott vaxtarlag og vaxtarþrótt. Þar kynbætur virðast hafa skilað sér m.t.t. hvors tveggja hjá stórum hluta trjáanna í þessum reit að því er fram kemur á vef Skógræktar ríkisins. /MÞ



Stóra Mörk III.

Mynd / HKr.

Byggingarframkvæmdir hjá bændum á Suðurlandi: Fjósið á Stóru Mörk III stækkað

— Eftir stækkunina rúmar það 120 til 130 mjólkurkýr

„Framkvæmdirnar ganga ágætlega og ég á von á að nýbyggingin, sem er 200 fermetrar, verði reist í næstu viku,“ segir Eyvindur Ágústsson, bóndi á Stóru Mörk III undir Eyjafjöllum, sem rekur kúabú ásamt eiginkonu sinni og tengdajölskyldu.

„Viðbótin felst aðallega í að setja upp nýja bása en við erum þegar með tvo mjaltaróbóta og góða fóðrunaraðstöðu.“

Eins og er erum við með 100 kýr en þær verða milli 120 og 130 eftir að framkvæmdunum lýkur. Nýju básarnir eru 40 og stærri en almennt gerist í íslenskum fjósum til þess að gripirnir hafi meira pláss.“

Eyvindur segir að þrátt fyrir að básarnir séu rýmri en reglur gera



Hér sést hvernig búið er að grafa frá eldri húsunum fyrir stækkunina á fjósinu.

Mynd / EÁ

råd fyrir eigi hann ekki von á að það verði farið að flytja inn stærra kúakyn til landsins á næstu árum.

„Persónulega hefði ég ekkert á móti því en er ekki bjartsýnn á að það gerist á næstu árum.“ /VH

MS skyrið fékk gull- og heiðursverðlaun á Herning-matarkeppninni í Danmörku

— Nýtur orðið mikilla vinsælda beggja vegna Atlantshafsins

MS skyrið tók gull- og heiðursverðlaun á Herning-matarkeppninni í Danmörku í síðustu viku.

Skyr frá Mjólkursamsölunni var sérstaklega sigursælt á Herning-matarkeppninni 2014 og hlaut þrenn gullverðlaun og þrenn heiðursverðlaun og þar með allar helstu viðurkenningar í þessum vöruflokki.

Meðal keppenda þar voru fyrirtæki á borð við mjólkurrisann Arla í Danmörku. Keppnin í Herning er hluti af stórrí matvælasýningu sem þar er annað hvert ár. Mjólkurbú hvaðanæva af Norðurlöndum taka þátt í keppninni en um 1.400 mjólkurvörur voru í keppninni nú í ár.

Keppt er í mismunandi flokkum og hlaut Mjólkursamsalan alls 39 verðlaun, þar af fimm gullverðlaun og fern heiðursverðlaun. Heiðursverðlaun fá þær vörur sem þykja skara fram úr í gæðum.

„Það er mjög ánægjulegt hversu vel gekk í keppninni og það er staðfesting á því hversu frábæra fagmenn við eigum. Í síðustu viku fengum við mjög góða viðurkenningu í Bandaríkjunum þegar hinn þekkti vefmiðill Huffington Post valdi skyr bestu matvöruna í jógúrtflokki í Bandaríkjunum. Það verður mjög gott innlegg í áform okkar um að byggja upp fyrirtæki til sölu og markaðssetningar á skyrri þar á næsta ári,“ sagði Einar Sigurðsson, forstjóri MS.

„Mjólkurvörur frá MS hafa



Jóakim Danaprins bragðar á skyrinu og ræðir við Guðmund Geir Gunnarsson, mjólkurbússtjóra MS Selfossi.

lengi átt góðu gengi að fagna á Herning. Skyrviðskipti okkar á alþjóðamarkaði aukast stöðugt. Við flytjum nú út skyr til fjögurra landa og á Norðurlöndunum framleiða samstarfsaðilar okkar skyr með sérleyfissamningi sem skilar félaginu mjög góðum tekjum.“

Norræna sýningin í Herning er haldin annað hvert ár. Þetta er í 11. sinn sem Mjólkursamsalan tekur þátt

og hefur hún sótt þangað fjölmargar viðurkenningar fyrir skyr og osta í harðri samkeppni við alþjóðleg stórfyrirtæki. Í fagkeppni sem þessari eru m.a. gefnar einkunnir fyrir bragð, áferð, eigin gerð og heildarútlit vörunnar. Heildareinkunn þessara þátta skera úr um hvaða vörur vinna til verðlauna sem skiptast í heiðursverðlaun, gull, silfur og brons.

Fréttir

Eimverk framleiðir íslenskt gin og viskí:

Fyrsta íslenska viskíinu tappað á flöskur fljótlega

Eimverk framleiðir viskí og gin úr íslensku byggi og fleiri jurtum sem bæði eru ræktaðar og vaxa villtar í náttúrunni. Útflutningur á gininu hófst í vor og er það flutt til nokkurra landa. Átöppun á viskíu hefst í smáum stíl innan nokkurra daga.

„Ginið, sem kallast Vor, er búið að vera í sölu frá því í maí á þessu ári og við erum með dreifingaraðila í nokkrum löndum. Viskíframleiðslan tekur aftur á móti lengri tíma en ég á von á að sala á því hefjist seinna á árinu,“ segir Haraldur Þorkelsson, framkvæmdastjóri Eimverk ehf. í Garðabæ.

Framleiðslugetan aukin á næsta ári

„Framleiðslugeta fyrirtækisins er samanlagt um 50.000 lítrar af gin og viskí á ári en í dag erum við að selja nokkur bretti á mánuði og það eru 500 til 1.000 lítrar af gini á hverju bretti. Miðað við eftirspurnina í dag eru sex mánuðir í að framleiðslugetan verði fullnýtt og að við þurfum að auka hana töluvert á næsta ári.

Í dag er ginið flutt til Danmerkur, Þýskalands, Ítalíu og Hong Kong og það fer í dreifingu í Bandaríkjunum um áramótin.“

500 viskíflöskur á mánuði

Að sögn Haraldar hefst átöppun á viskíinu, sem kallast Flóki, í nóvember en framan af verður ekki nema um 500 flöskur á mánuði að ræða, og verður það selt í gegnum sömu dreifingaraðila og ginið.

„Þetta er fyrsta íslenska viskíuð sem kemur á markað og því talsverð eftirvænting eftir því.“

Ginið bragðbætt með íslenskum plöntum

Haraldur segir að þeir noti um 30 tonn af íslensku byggi í framleiðsluna miðað við núverandi framleiðslu.

„Við fáum lífrænt bygg frá Vallarnesi og ætli það fari ekki kíló af því í hvern lítra af viskíu og gini. Auk þess kaupum við talsvert af öðrum plöntum í framleiðsluna eins og einiber, grænkál, rabarbara, krækiber, hvannarrót, fjallagrös og einnig þara.



Þessar plöntur eru notaðar til að bragðbæta ginið og ná því sem við viljum meina að sé séríslenskt bragð. Ginið er þríeimað og eru jurtirnar soðnar með við þriðju eimingu.“

Tvöfalt gull í San Francisco

„Blandan hefur fengið frábæra dóma erlendis og í vor fékk ginið tvöföld gullverðlaun á San Francisco World Spirits Competition í Bandaríkjunum. Tvöfalt gull þýðir að allir dómaramir gáfu gininu hæstu mögulegu einkunn í blinduprófi. Auk þess sem ginið okkar er víða á listum á netinu skráð sem eitt af tíu bestu ginunum í heimi.

Ginið er ekki ósvipað gini sem er framleitt í Skotlandi en auk viskís framleiða Skotar mikið af bragðmiklu gini,“ segir Haraldur Þorkelsson hjá Eimverk að lokum. /VH



Við höfum skuldbundið okkur til þess að stýra, vernda og þróa það sem kallað er upprunalegt umhverfi og líffræðilega fjölbreytni. Innan þessa ramma fellur margt fleira en íslenska kúakynið og í raun allt lífríki Íslands.

Íslenska kúakynið og erlend — Þarf að endurnýja kúastofninn?

Við verðum að stíga ákaflega varlega til jarðar

— segir Guðmundur Jóhannesson, ábyrgðarmaður í nautgriparækt hjá RML

Í Kastljóssviðtali á dögunum talaði Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda, um knýjandi þörf á því að tekið verði til athugunar að heimila kynblöndun við íslenska kúakynið — sé ætlunin að gera greinina samkeppnishæfari. Nefndi hann kynbótasamstarf við nágrannabýjóðir í því samhengi.

Bændablaðið leitaði álits hjá Guðmundi Jóhannessyni, ábyrgðarmanni í nautgriparækt hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, á þessum orðum og segir hann að vísast sé þetta rétt hjá Sigurði, en málið sé vandasamt af ýmsum ástæðum.

„Ef við lítum til þess hver framleiðsla okkar á hvern bás í fjósum okkar er þá verður ekki framhjá því lítið að hún er of lítil til þess að standa með góðu móti undir öllum þeim kostnaði sem fylgir því að endurnýja framleiðsluáðstöðuna. Ef við gefum okkur, sem er að öllum líkindum rétt, að nytin myndi aukast með innflutningi þá myndum við án efa gera greinina samkeppnishæfari eða öllu heldur auka framleiðni greinarinnar. Hins vegar er málið ekki einfalt og við verðum að stíga ákaflega varlega til jarðar með hliðsjón af þeirri stöðu sem við erum í hvað snertir sjúkdómastöðu landsins. Í dag er ekki heimilt að flytja inn erfðaeftir á sérstakrar undanþágu frá ráðherra og það bann byggir fyrst og fremst á sjúkdómavörnum. Stóru spurningarnar í þessum efnum eru fyrst hver vilji kúabænda sjálfrar og svo hvaða leiðir á að fara auk þess hvað hið ytra umhverfi knýr okkur til að gera,“ segir Guðmundur.

Skortir tölur um tíðni sjúkdóma hérlendis

Í forsiðuumfjöllun Bændablaðsins 23. október var viðtal við Birki bönða Tómasson á Móeðarhvoli, sem gerir klárt fyrir nýtt og stærra kúakyn, með nýbyggingu sem gerir ráð fyrir fleiri fermetrum á hverja kú. Þar segir hann að gripirnir sem fengjust með nýju kúakyni yrðu stærri, heilsuhaustari og framleiddu meira. Guðmundur segir að lítið sé hægt að staðhæfa í þessum efnum.

„Til þess skortir okkur tölur yfir tíðni sjúkdóma hérlendis en á Norðurlöndunum hafa menn viðhaft sjúkdómaskráningu um jafnvel áratugaskeið. Þetta hefur vantað hérlendis en með tilkomu gagnagrunnsins Heilsu ættu þessi mál að færast til betri vegar.

Okkar stærsti framleiðslu-sjúkdómur er jógurbólga eins og annars staðar. Hin síðari ár hefur staðan farið batnandi hvað það snertir og til dæmis er jógurbólga tilgreind förgunarástæða kúa í skýrsluhaldinu í 27 prósent tilfella í stað 40–45 prósent fyrir áðeins 4–5 árum síðan. Ending íslenskra kúa virðist ákaflega svipuð og gerist og gengur annars staðar sem bendir til þess að heilsufarið sé



Guðmundur Jóhannesson.

ekkert lakara, en það er líka ekkert sem segir að það sé betra ef horft er til framleiðslusjúkdómanna. Við megum svo ekki gleyma því að hérlendis erum við laus við stór vandamál eins og ýmis fótamein og kálfasjúkdómar eru fátíðir hér.

Án efa fengjum við stærri kúr sem myndu mjólka meira. Við þurfum ekki annað en skoða tölur um meðalnyt úr nágrannalöndunum og þungatölur kúnna þar til þess að leiða líkum að því.“

Erfitt að bera saman framleiðni milli landa

Guðmundur segir erfitt að bera saman framleiðnina milli landa.

„Myndin er skekkt af hinum ýmsu styrkjum sem landbúnaður nýtur, ekki bara hjá okkur heldur alls staðar í hinum vestræna heimi og víðar. Við búum við nokkuð mikinn stöðugleika í mjólkurframleiðslunni hérlendis og höfum þar notið stjórntækja eins og framleiðslustýringar og opinberrar verðlagningar. Menn getur greint á um hvort þau tæki séu af hinu góða en eigi að síður hafa þau tryggt bændum og neytendum ákveðið verð. Erendis þurfa bændur að glíma við sveiflur í verði mjólkur sem geta haft gríðarleg áhrif á framleiðni búanna og afkomu greinarinnar. Ef við hins vegar mælum framleiðni í mjólkurafköstum er alveg ljóst að við höfum dregist aftur úr.“

Flestir geta verið sammála um að talsverðar framfarir hafi orðið í kynbótum íslenska kúastofnsins. Guðmundur segir ljóst að við eignum líka heilmikið inni í kynbótaframförum — það sýni rannsókn sem Ágúst Sigurðsson og Jón Viðar Jónmundsson gerðu fyrir nokkrum árum.

„Þar kom fram að við keyrum stofninn á tveimur þriðju af hámarksafköstum með tilliti til erfðaframfara. Skýringin er sú að notkun heimanauta er alltof mikil hjá okkur auk þess sem of margir kjósa að standa utan ræktunarstarfsins og taka ekki þátt í skýrsluhaldi.“

Óraunhæft að ná 17–18 prósentu aukningu með kynbótum

„Það er líka ljóst að við munum ekki ná sívaxandi eftirspurn með

kynbótaframförum, það er ekki miðað við þann vöxt sem við sjáum núna. Verði reyndin sú að við þurfum að framleiða 140 milljónir lítra á næsta ári þýðir það 24 milljón lítra aukningu á tveimur árum eða nálægt 2,7 kg mjólkur á dag á hverja kú. Þetta er 17–18 prósent aukning og ég held að slíkri aukningu sé algjörlega óraunhæft að ná með kynbótum á svo stuttum tíma hvar sem er í heiminum.

Það er svo aftur staðreynd að við munum aldrei ná kynbótaframförum sem jafnast á við framfarirnar í stóru mjólkurframleiðslukynjunum vegna smæðar íslenska kúastofnsins og takmarkaðra möguleika okkar til að nota tæki eins og kyngreint sæði og val með erfðamörkum.“

Höfum skuldbundið okkur til að vernda íslenska kúastofninn og í raun allt lífríki Íslands

„Svo er það sú hlið sem snýr að verndun þessa stofns — og skyldur okkar í þeim efnum.

Ísland er aðili að Ríó-sáttmálanum eða samningnum um líffræðilega fjölbreytni, en eitt af aðalmarkmiðum hans er að vernda líffræðilega fjölbreytni og að stuðla að sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Í því felst meðal annars að við höfum skuldbundið okkur til þess að stýra, vernda og þróa það sem kallað er upprunalegt umhverfi og líffræðilega fjölbreytni. Innan þessa ramma fellur margt fleira en íslenska kúakynið og í raun allt lífríki Íslands.

Þetta sýnir okkur hins vegar að það er nauðsynlegt að vinna verndaráætlun ekki aðeins fyrir íslenska kúakynið heldur öll okkar búfjárkyn. Það er nokkuð sem stjórnmöld ættu að setja í forgang. Að mínu mati er óráðlegt að tala um innflutning á nýju kúakyni án þess að slík áætlun liggi fyrir. Það þarf líka að leggja fyrir hver á að bera fjárhagslegar skuldbindingar af slíkri verndun og mér virðist flestir benda á ríkisvaldið í þeim efnum.“

Brýnt að gera verndaráætlun

„Ég held að sú leið sem farin yrði við innflutning á nýju kúakyni yrði frekar sú að við myndum vera með fleiri en eitt kúakyn í landinu, það íslenska og svo annað eða önnur. Það sýnir okkur einmitt hversu brýnt er að gera verndaráætlun fyrir íslenska kúakynið því markmiðið með innflutningi væri aldrei að eyða því íslenska. Við verðum því, áður en til ákvörðunar um innflutning kemur, að vera búin að gera okkur góða grein fyrir því hvernig við ætlum að vernda íslenska kúakynið og haga kynbótaskarfinu í framhaldi af innflutningi.

Við megum alls ekki taka þá ákvörðun að flytja inn og sjá svo til. Slík vinnubrögð myndu skapa glundroða og spilla því góða starfi sem unnið hefur verið á síðustu 110 árum.“ /smh

ORKUSPARNAÐUR

Bjóðum mikið úrval af varmadælur frá vönduðum framleiðendum, gæði og þjónusta ásamt hámarks orkusparnaði, framleiddar í Evrópu.



Hafðu samband og kynntu þér mögulegan orkusparnað þér að kostnaðarlausu.

VARMAÐÆLUR - VARMAKIPSTAR - KÆLIKERFI - HITATÚPUR
INNHRINGIBÚNAÐUR - HITASTJÓRNBÚNAÐUR - HRINGRÁSADÆLUR
JARÐVEGSLAGNIR - TÖLVUKÆLAR

Smiðjuvegur 70 - gulgata
200 Kópavogur
www.verklagnir.is

Sími: 517 0270
VERKLAGNIR.IS
Sérfræðingar í varmadælum

Stóri
dagurinn

HVAÐ MYNDIR ÞÚ GERA VIÐ 50 MILLJÓNIR?

Tryggðu
þér miða á
hhi.is

EINN MIÐI, ÞREFALDIR MÖGULEIKAR

ÞALÚTRÁTTUR

70 MILLJÓNIR

3.000 manns fá allt frá 5 þúsund
krónum upp í 25 milljónir.

A

50

1

MILLJÓN Á MANN

5 x 1 MILLJÓN

5 heppnir vinningshafar fá
eina milljón króna hver.

DRÖGUM

11.

NÓVEMBER

MILLJÓNAVELTAN
50 MILLJÓNIR

50 milljóna króna
vinningur á einn miða.



HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vænlegast til vinnings

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma **563 8300** eða
hjá næsta umboðsmanni. **Miðaverð er aðeins 1.300 kr.**

Bændablaðið smáauglýsingar **56-30-300**

Ertu tilbúinn?

DALEN 2014 - Blæs þar sem aðrir brotna.

- 2014 blásarinn frá DALEN er hannaður fyrir verktaka og allra erfiðustu aðstæður.
- Hægt er að tengja blásarann á þrjá vegu: Að framan á frambeisli, að aftan til þess að bakka og að auki er hægt að draga blásarann.
- Beintengt drif, engar keðjur
- Vinnslubreidd: 270 cm
- Aflþörf: 140 hö
- Aflúrtakshraði: 1000 snún/mín
- Vökvasnúningur á túðu
- Vökvatjakkur á túðu

Bændur - verktakar: Hafið samband við okkur og tryggjið ykkur eintak. Eigum einnig fyrirliggjandi minni stærðir snjóblásara frá DALEN.



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is



DALEN

Öflugur blásarar
fyrir öflugra traktora

Fréttir

Vottun og skráning

Brynhildur Inga Einarsdóttir		
Sögustein, Ölfusi	Frjógvud egg	borg1@centrum.is
Guðmundur Sigurjónsson		
Túngötu 57b, Eyrarbakka	Frjógvud egg	
Pórey Pálsdóttir		
Norðurbraut 21, Selfossi	Frjógvud egg	phoreyp@simnet.is
Kolbrún Júlíusdóttir		
Kolsholti 1, Flóahreppi	Frjógvud egg	kolsholt@islandia.is
Magnea og Sigurbjörn		
Ásamýri, Hellu	Frjógvud egg	asamyri@hotmail.com
Agnar Berg Sigurðsson		
Kotvelli 3, Rangárþingi	Frjógvud egg	agnarbs@mi.is
Erna Árfells		
Berjanesi, Rangárþingi		
Jóhanna Harðardóttir		
Hlésey, Hvalfjarðarsveit	Frjógvud egg	johanna@hlesey.is
Magnús Ingimarsson		
Kjalardal, Hvalfjarðarsveit	Frjógvud egg	m.ingimars@gmail.com
Ingi Vignir Gunnlaugsson		
Hrannarbyggð 12, Ólafsfirði	Frjógvud egg	ingivg@simnet.is
Valgerður Auðunsdóttir		
Húsatóftum 1, Skeiðum	Frjógvud egg	valhus@uppsveitir.is
Vala Andrésdóttir Withrow		
Redmond, Washington, USA	Frjógvud egg	vala.andres@gmail.com
Máni Hákonarson		
Dalsgarði 1, Mosfellsbæ	Frjógvud egg	hallafroda@yahoo.com
Hilmar og Salvör		
Bolaklettum 1, Kjósarhreppi	Frjógvud egg	hilmaraegir@simnet.is
Dóra Aðalsteinsdóttir		
Eyrarvegi 12, Grundarfirði	Frjógvud egg	bardal63@gmail.com
Pórarinn Sighvatsson		
Léttahlíð 3, Helgafellssveit	Frjógvud egg	sumarbustadir@simnet.is
Þorvarður Jóhann Guðbjartsson		
Naustabúið 6, Hellissandi		
Sigríður og Sveinn Þórðarson		
Trabuco Canyon, Kaliforníu, USA		
Anna Sigríður Helgadóttir		
Brúnagerði, Þingeyjarsveit		



Mynd / smh

Aðalfundur Eigenda- og ræktendafélags landnámsþænsna (ERL):

Ályktaði um vottun og skráningu viðurkenndra ræktenda

Aðalfundur Eigenda- og ræktendafélags landnámsþænsna (ERL) hélt aðalfund sinn í Bændahöllinni 25. október sl. Auk venjulegra aðalfundarstarfa urðu miklar og góðar umræður um ræktunarstarfið.

Þá var því fagnað að verið er að byggja upp skrá yfir viðurkennda ræktendur.

Ályktað um vottun og skráningu

Tvær tillögur til ályktunar voru bornar upp um ræktunarmálin og voru þær samþykktar samhljóða. Ályktanirnar eru þannig:

1. Aðalfundur Eigenda- og ræktendafélags landnámsþænsna haldinn í Bændahöllinni þann 25. október 2014, lýsir yfir ánægju með framkvæmd stjórnar ERL við vottun og skráningu ræktenda sem fylgja skilgreindum

og samþykktum reglum ERL um útlit og atferli landnámsþænsna.

Stjórn ERL er hvött til að ljúka sem fyrst skoðun þænsna hjá þeim ræktendum sem óskað hafa eftir vottun félagsins, þá verði birt skrá um viðurkennda ræktendur á vefsíðu ERL, í Landnámsþænnunni og í Bændablaðinu sem fyrst.

2. Aðalfundur Eigenda- og ræktendafélags landnámsþænsna haldinn í Bændahöllinni þann 25. október 2014 felur stjórn félagsins að bjóða fram ókeypis skoðun á landnámsþænnunni út árið 2015.

Líflegt félagsstarf

Félögum fer fjölgandi í ERL og eru þeir nú 274 að tölu, þar með nokkrir erlendis, þar sem landnámsþænsnin njóta vaxandi

vinsælda líkt og hér á landi. Fram kom að við skoðun á ræktunarbúum víða um land hafi komið fram að aðbúnaður þænsnanna sé að jafnaði góður. Töluvert færast í vöxt að landnámsþænsni séu haldin í kaupstöðum og kaupsveitum og hafa verið samþykktar sérstakar reglur í nokkrum sveitarfélögum um slíkan tómsundabúskap. Breytilegt er hve margar hænur má halda á hverjum stað, á bilinu 4–15, en í öllum tilvikum er bannað að hafa hana. Stjórn ERL skipa nú þau:

Hugi Ármannsson, formaður Valgerður Auðunsdóttir, gjaldkeri Ása Lísbet Björgvinsdóttir, ritari Atli Þór Friðriksson, varamaður Magnús Ingimarsson, varamaður. Þá er Halldór Sigurðsson skoðunarmaður reikninga.

ERL gefur út ritið Landnámsþænan og heldur úti vefsíðunni www.haena.is með margvíslegum upplýsingum og fróðleik.

Vottun og skráning ræktenda landnámsþænsna:

Fjölmargir ræktendur hafa fengið vottun hjá ERL

Strax eftir að útlitseinkennin höfðu verið samþykkt á aðalfundi Eigenda- og ræktendafélags landnámsþænsna, var farið að ræða um hvernig hægt væri að tryggja að ræktendur færu eftir reglunum.

Á aðalfundi 2013 var lögð fram tillaga um að ERL kæmi upp skrá yfir ræktendur með landnámsþænsn af hreinum stofni, ræktuð samkvæmt viðurkenndum útlitseinkennum. Fundur þessi var óvenju fjölmennur og var tillagan samþykkt óbreytt með öllum greiddum atkvæðum og hefur núverandi stjórn unnið ötullega að því að koma þessu í framkvæmd.

Ein skoðunarferð hefur verið farin um Suðurland og tvær um Suðvestur- og Vesturland, skoðað verður á Norðurlandi á næstunni og unnið er að því að skoðað verði á Vestfjörðum og Austurlandi fljótlega. Þess ber að geta að öll þessi vinna er unnin í sjálfböðavinnu af trúnaðarmönnum og aðilum í stjórn ERL.

Verið að selja fugla sem ekki falla að viðurkenndri lýsingu

Í fréttatilkynningu frá félaginu



Landnámsþæni.

Mynd / smh

segir að því miður hafi borið á því að verið sé að selja fugla sem ekki falla að viðurkenndri lýsingu

landnámsþænsna, annaðhvort með fiðraða leggi eða vangaskegg.

„Bæði eru þetta ríkjandi eiginleikar sem sennilega hafa blandast inn í stofninn á seinni árum. Þessir eiginleikar voru ekki í upprunalega stofninum, það sýna bæði myndir og umsagnir fólks sem umgekkst þá fugla. Því miður er blöndunin í stofninum orðin alltof útbreidd og því þurfa allir ræktendur að vera vakandi yfir þeim ungum sem fæðast, skoða þá vel og láta þá fara sem eru með fiður á leggjum eða vangaskegg, litur á eyrum hvítur eða ljósgulur kemur svoltið seinna, síðan er hægt að velja þá fugla sem best standast viðmið útlitslýsingarinnar og rækta skal rækta undan, út frá því sem stendur eftir. Þannig er aðeins unnt að vinna saman að því að hreinsa þessa óæskilegu erlendu blöndun út. En það getur tekið nokkur ár, því að þetta getur leynst og komið fram eftir 1, 2 eða 3 ár, þótt ræktandi haldi að allt sé í lagi hjá sér. Því getur þetta komið upp alls staðar. Hér til hliðar er tafla með þeim ræktendum landnámsþænsna sem nú þegar hafa hlotið vottun ERL.

Lýsing á einkennum landnámsþænnar sem vottun ERL byggist á

Útlitseinkenni:

1. Fremur lítill haus miðað við búkstærð og goggur stuttur, breiður og boginn fremst. Misstórir fjaðratoppar á haus algengir.
2. Kambar af ýmsum gerður, einfaldur; annaðhvort beinn eða lafandi, rósakambur, blöðrukambur, kórónukambur og krónukambur.
3. Eyru hvít eða fölgul.
4. Separ langir á hönum en misstórir á hænum.
5. Augu gulgræn eða gulbrún/orange.
6. Háls fremur stuttur og sver.

7. Búkur þéttvaxinn, stutt bak sem mjókkar aftur og breið, hvelfd bringa. Þyngd: hænur 1,4–1.6 kg og hanar 2,1–2,4 kg hjá fullvöxnum fuglum.
8. Fiðurhamur þéttur og sléttur.
9. Vængir breiðir og stuttir, mjókka aftur með búkunum.
10. Stél hátt sett, mjög hreyfanlegt. Hanar með nokkrar langar og bognar stélfaðrir.
11. Litafjöllbreytni mjög mikil, allir litir leyfðir.
12. Leggir langir og í mörgum litum.
13. Hænur venjulega með litla

spora, en hanar með langa og uppsveigða spora.

14. Klær fjórar, afturkló eilítið innanfótar.
15. Leggir berir.

Atferliseinkenni:

1. Mannelsk, forvitin og sjálfbjarga. Heldur góðu jafnvægi.
2. Hæurnar hafa sterka móðurhvöt og vilja gjarna liggja á.
3. Hver einstaklingur hefur sinn persónuleika.
4. Frjósemi góð hjá báðum kynjum.




Það eru fleiri hugmyndaríkir þegar kemur að listsköpun með heyrillum en íslenskir bændur. Þessa mynd tók Runólfur Sigurðsson af listilega upp settu auglýsingaskilti bænda á landamærum Lúxemborgar og Þýskalands, nánar tiltekið rétt hjá bænum Perl. Runólfur býr annars með konu sinni, Þórunni Sóleyju Skaftadóttur, á bænum Sigríðarstöðum í Fljótum, þegar þau eru ekki í Lúxemborg.

Landnámshænan er komin út:

Hænur eru námsfúsar

Blað Eigenda- og ræktendafélags landnámshæna kom út fyrir skömmu. Í blaðinu er fjöldi áhugaverðra greina fyrir áhugafólk um landnámshænur. Í blaðinu kemur fram að félagið hafi verið starfandi í 10 ár og að félagsmönnum hafi fjölgað jafnt og þétt frá stofnun félagsins. Þar má einnig lesa áhugavert viðtal við Alínu Huldu Pálsdóttur dýrabeinafornleifafræðing sem meðal annars hefur verið að skoða hænsnabein sem fundist hafa við fornleifauppgroft hér á landi. Af öðru efni í blaðinu má nefna grein um fótisnyrtingu hænsna, lýsingu á einkennum íslensku landnámshænnar og ráð fyrir ræktendur. Þar kemur einnig fram að hænur sjái betur en menn og að margar þeirra séu námsfúsar og klárar.

NH



HREINSI- OG SMUR- EFNI, GÍROLÍUR, SMUROLÍUR OG RÚÐUVÖKVI

FYRIR ALLAR GERÐIR BIFREIÐA



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!



Kemi • Tunguhálsi 10, 110 Reykjavík • www.kemi.is • Sími: 415 4000
Ópið: Mánudag - fimmtudags: Frá kl. 8.00-17.30. Föstudaga: Frá kl. 8.00-17.00.

Til sölu

Björt og rúmgóð þriggja herbergja íbúð í tveggja hæða húsi (næsta gata við Landspítala), 98 fm í 101 Reykjavík. Eldhús endurnýjað og tæki, harðviðarinnrétting. Baðherbergi endurnýjað. Flísar á gólfi og veggjum, sturtuklefi. Viðarborð og flísar á gólfum.

- Ný rafmagnstafla
- Hiti og rafmagn sér
- Lóð steinlögð að hluta og skjólveggir
- Sér bílastæði á lóð
- Laus fljótlega

Tilboð

Uppl. í síma 691-4024



Kjarni málsins Ekkert viðhald



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða gluggar@kjarnagluggar.is



Kjarnagluggar

Selhellu 13, Hafnarfirði • sími 554 2800
kjarnagluggar.is

AUGLÝSINGASTOFA E. BACKMÁN

Prolac Pasta



Prolac Paste / ZooLac Paste er þykkni til styrktar þarmaflóru húsdýra. Fyrir dýr með meltingartruflanir og veikburða ungið.

- Bætir meltingu og kemur jafnvægi á þarmaflóru
- Notist á álagstímum, t.d. flutningur, skita, fæðubreytingar eða til að bæta gerlaflóru meltingakerfis eftir sýklalyfjakúr
- Einnig hægt að nota fyrirbyggjandi
- Þrenns konar áhrif í einum og sama skammtinu
- Þaulprófuð og sannreynð vara – með frábærum árangri - hefur verið á markaði í meira en 10 ár
- Kaupfélag Borgfirðinga er nýr dreifingaraðili á Íslandi



Egilsholti 1
310 Borgarnesi
Verslun opin 8-18 virka daga
10-14 laugardaga, sími: 430-5500

Sendum um land allt!



Gamli bærin Múlakot.

Málstofa um gamla bæinn í Múlakoti

— haldin í Goðalandi og Múlakoti 8. nóvember

Laugardaginn 8. nóvember verður haldin málstofa um gamla bæinn Múlakot í Fljótshlíð í Goðalandi og Múlakoti frá kl. 14.00 til 17.30.

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, mun setja málstofuna og síðan verða haldin nokkur áhugaverð erindi en yfirskrift málstofunnar er „Saga – Varðveisla – Framtíð“.

Ákveðið hefur verið að koma á fót sjálfseignarstofnun um gamla bæinn þar sem tilgangurinn er endurbygging gömlu bæjarhúsanna og að standa fyrir kynningu á staðnum og því mannlífi sem þar blómstraði með sýningum og fjölbreyttum verkefnum.

„Við hjónin höfum í raun verið að stefna í þessa átt í nokkurn tíma, þ.e.a.s. vinna að því að Múlakotsbærinn yrði gerður að eins konar ferðamannastofu þar sem gestir gætu skoðað gamla garðinn og hótelið/heimilið og settar yrðu upp ýmsar sýningar tengdar listamönnum sem hér unnu, sögu ræktunar, hótelleksturs, byggingarsögu og margt fleira,“ segir Sigríður Hjartar í Múlakoti en hún og maður hennar, Stefán Guðbergsson, eru eigendur Múlakots.

„Við hjónin gefum gömlu friðuðu bæjartorfunu og land umhverfis til verkefnisins og Rangárþing eystra og Skógasafn verða með í sjálfseignarstofnuninni. Jafnhliða er ætlunin að koma á fót vinafélagi,“ segir Sigríður enn fremur. Málþingið er opið öllum áhugasömum.

Langt á undan sinni samtíð

Í Múlakoti í Fljótshlíð var rekin menningartengd ferðaþjónusta löngu áður en það hugtak var mótað og saga staðarins er margþætt. Múlakot var sjálfstæð bújörð úr landi landnámsjarðarinnar Eyvindarmúla.

Í Jarðabókinni 1710 er hennar getið sem bújarðar og tvíbýlis lengur en elstu menn muna. Þar var stundaður hefðbundinn blandaður búskapur, sem Markarfljót setti þó stundum þröngar skorður, svo sem á fyrri hluta 20. aldar, þegar lá við landauðn vegna ágangs fljótsins.

Vegna náðýlis við Markarfljót var mikill ágangur ferðamanna í Múlakoti, en þeir þurftu fylgd, bæði yfir Markarfljót og eins inn í óbyggðir, svo sem Þórsmörk. Oft þurfti á gistingu að halda og smám saman þróaðist veitinga- og gistihúsarektur á staðnum. Húsakynni löguðu sig að þeirri staðreynd og árið 1928 var byggt veitingahús við íbúðarhúsið, sem var byggt stuttu eftir Suðurlandsskjálftann 1896. Loks var gistihús byggt við árið 1946.

Múlakot varð eitt helsta gistihús landsins sem sjá má m.a. af því að sumarið 1928, þegar verið var að byggja veitingahúsið, rituðu 1850 gestir í gestabók hótelsins.

Garðurinn eitt aðal aðdráttaraflíð

Garðurinn í Múlakoti varð eitt aðal aðdráttarafl staðarins. Hann var verk Guðbjargar Þorleifsdóttur húsfreyju, sem taldi árið 1897 stofnár garðsins. Hann var í stöðugri þróun og óx úr 10 m-2 reit í 1000 m-2 skruðgarð. Þessi sjálfmenntaða bóndakona var snillingur og var iðulega fengin til að prófa fyrst erlendar tegundir, sem ekki var reynsla fyrir hvort gætu þrífist hérlandis. Hún var beðin um að veita forstöðu ræktunarstöð í Múlakoti, en afþakkaði. Hún var gerð að heiðursfélagi Garðyrkjufélags Íslands og sámd Fálkaorðunni, einna fyrst kvenna.

Nýlenda listamanna

Í Múlakoti var listamannanýlenda um langt árabíl. Ásgrímur Jónsson listmálari dvaldi nokkur sumur í Múlakoti hjá Guðbjörgu og Túbál Magnússyni, eiginmanni hennar. Þar málaði hann allmargar myndir, fyrst sumarið 1913. Ásgrímur vakti áhuga félaga sinna á fegurð staðarins og gestrisni Múlakotshjóna og fjöldi listamanna fetaði í fótspor hans. Þar má nefna Jón Stefánsson fyrstan manna.

Ólafur Túbals, sonur hjónanna, fékk sína fyrstu tilsögn í myndlist hjá Ásgrími og vinir hans, sem hann kynntist við listnám í Danmörku, dvöldu mörg sumur í Múlakoti. Þar má telja Gunnlaug Scheving og Jón Engilberts en einnig listakonurnar Kristínu Jónsdóttur og Júlíönu Sveinsdóttur. Tekist hefur að hafa uppi á um 20 listmálurum sem máluðu í Múlakoti. Erlendir listamenn máluðu töluvert í Múlakoti. Danski listmálariinn Johannes Larsen ferðaðist um Ísland sumrin 1927 og 1930 þegar hann undirbjó myndskreytingu heiðursútgáfu Dana á Fornsögumum sem kom út vegna 1000 ára afmælis Alþingis. Ólafur var leiðsögumaður hans um landið bæði sumrin.

Ólafur Túbals var afkastamikill listmálari og hélt fjölmargar sýningar, bæði einn og með öðrum. Hann var lengi meðal vinsælli listmálara landsins og varla það sveitaheimili á Suðurlandi sem ekki átti málverk eftir Ólaf Túbals.

Allt þetta verður reynt að kynna í Múlakoti að lokinni endurbyggingu og öflugt Vinafélag mun vonandi styðja sjálfseignarstofnunina í því starfi. /MHH /HKr.



Kjalvegur. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra skora á samgönguyfirvöld að bæta ástand Kjalvegur og ráðast í nauðsynlegar endurbætur á fjölda annarra vega og samgöngumannvirkja á svæðinu. Mynd / HKr

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra um Samgönguáætlun:

Mótmæla fálæti sem landshlutanum er sýnt varðandi nýframkvæmdir

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra leggja ríka áherslu á að áfram verði unnið að uppbyggingu vega á Norðurlandi vestra. Mótmæla samtökin harðlega því fálæti sem landshlutanum hefur verið sýnt þegar kemur að nýframkvæmdum í Samgönguáætlun sem gildir til ársins 2022.

„Leggja verður áherslu á að hlutur Norðurlands vestra verði réttur í þeirri vinnu sem nú er að hefjast við endurskoðun Samgönguáætlunar,“ segir í ályktun sem samþykkt var á ársþingi samtakanna fyrir skemmstu.

Fram kemur einnig að sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra hafi lagt á það áherslu að byggja upp greiðari samgöngur innansvæðis, m.a. með viðhaldi núverandi vegakerfis og stækkun atvinnu- og skólasóknarsvæða að leiðarljósi.

„Aukin umferð ferðafólks kallar víða á úrbætur á héraðsvegum af öryggissjónarmiðum og nauðsynlegt er að leggja héraðs- og tengivegi bundnu slitlagi. Þar með er ekki sagt að í öllum tilvikum þurfi að vera um að ræða tvíbreiða vegi,“ segir í ályktuninni.

Stórbæta þarf héraðs- og tengivegi

Þingið benti á nokkrar framkvæmdir sem það telur brýnt að settar verði inn á samgönguáætlun, m.a. Þverárfjallsvegur, þ.e. endurbygging Strandavegar frá Þjóðvegi 1 að Höskuldsstöðum. Þá telur þingið afar brýnt að stórbæta viðhald héraðs- og tengivega í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og að þeir verði lagðir bundnu slitlagi. Ekki sé viðunandi að hagsmunir íbúa á Norðurlandi vestra verði áfram fyrir borð bornir þegar að úthlutun fjármuna til viðhalds- og nýframkvæmda á héraðs- og tengivegum kemur.

Þingið krefst þess að fjármunir til héraðs- og tengivega á starfssvæði SSNV verði stóruauknir frá núgildandi Samgönguáætlun, jafnframt verði úthlutað í nýrri áætlun fjármunum til að halda megi áfram nauðsynlegri uppbyggingu og viðhaldi. Þingið leggur m.a. áherslu á Vatnsnesveg í þeim efnum, Miðfjarðarveg, Þingeyrarveg, Svínvetningabraut, Skagaveg, Skagafjarðarveg, Reykjastrandarveg, Tindastólsveg og Hegranesveg.

Vegstæði um Holtavörðuheidi verði lækkað

Þá telur þingið nauðsynlegt að áfram verði unnið að viðhaldi og breikkun þjóðvegur 1 á starfssvæði samtakanna. Í ályktuninni er fjallað um vegstæði um Holtavörðuheidi og vill þingið að þegar verði hafnar athuganir á lækknun vegstæðis þjóðvegur 1 um Holtavörðuheidi og að sú framkvæmd verði sett á Samgönguáætlun. Þingið skorar einnig á samgönguyfirvöld að bæta úr ástandi Kjalvegur, en sívaxandi umferð þar um krefst mun meira viðhalds og þjónustu en verið hefur.

Að lokum skorar þingið á innanríkisráðherra að tryggja áætlunarflug til Sauðárkróks og minnir á að óviðunandi er að Norðurland vestra verði eini landshlutinn, sem ekki liggur að höfuðborgarsvæðinu, sem ekki nýtur þjónustu innanlandsflugs. Þingið skorar á innanríkisráðherra að láta kanna kosti þess að gera Alexandersflugvöll á Sauðárkróki að varaflugvelli fyrir Keflavíkurflugvöll, Reykjavíkurflugvöll og Akureyrarflugvöll. /MPP

Ársþing SSNV lýsir ánægju með auknar almenningssamgöngur:

Harmar einhliða ákvörðun ríkisins um að hætta niðurgreiðslu olúgjalds

- Óásættanlegt að ríkið velti kostnaði yfir á sveitarfélögin

Ársþing Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra var haldið á Hvammstanga nýlega. Í ályktun frá þinginu er lýst yfir ánægju með aukna þjónustu við íbúa á sviði almenningssamgangna, sem reynst hafi mikilvægur þáttur í að styrkja samgöngur innan svæðis og tengja það við aðra landshluta.

Vaxandi fjöldi farþega sýni, svo ekki verði um villst, að áhugi er fyrir að nýta þjónustuna og þróa hana enn frekar.

Ársþingið harmar hins vegar að ekki skuli hafa gengið eftir þau fyrirheit sem gefin voru af hálfu ríkisins varðandi einkaleyfi á umsömdum akstursleiðum og að ríkið hafi einhliða ákveðið að hætta



Hvammstangi.

niðurgreiðslu olúgjalds vegna almenningssamgangna, með þeim afleiðingum að afkoma verkefnisins hefur ekki orðið í samræmi við áætlanir.

Ársþingið telur áframhaldandi aðkomu sveitarfélaga að verkefninu byggjast á að fjárframlög ríkisins og farþegatekjur dugi fyrir rekstrarkostnaði og að bætt verði

lagaleg umgjörð verkefnisins svo umboð til sérleyfisaksturs verði skýrt og óskorað.

Ekki er ásættanlegt, segir í ályktuninni, að kostnaði við almenningssamgöngur verði velt yfir á sveitarfélögin eða ríkið sjái sér leik á borði að nýta sér þær sem nýjan tekjustofn á kostnað sveitarfélaganna. /MPP

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Hafa áhrif um land allt!

CompAir loftpressur léttu bústörfin

- öflugar loftpressur fyrir
stórt sem smátt

Hvort sem þig vantar 50 l eða
10.000 l loftpressu þá eigum
við rétta lausnina fyrir þig.

Eigum einnig fyrirbyggjandi
pessur fyrir mjaltþjóna.

Við erum sérfræðingar í lofti!



Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is



IDN VÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is

ÓDÝRIR-STERKIR-LIPRIR

ÁSAFL

Hjallahraun 2
220 Hafnarfj.
s. 562 3833
s. 863 5512
www.asafl.is
asafl@asafl.is



Vandlega uppgerðir Thwaites vagnar frá 1 - 5
tonn í burði. Ný vél, sæti, dekk, vökvadælur ofl.
Skoðið nánar á www.davidcornwallis.com.

Bændablaðið smáauglýsingar 56-30-300
Næsta blað kemur út **20. nóvember**



Vertu viðbúinn vetrinum

Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
Léttar • Sterkar • Traustar

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

Ísnet Húsavík • s. 5 200 555
Ísnet Akureyri • s. 5 200 550
Ísnet Sauðárkrúkur • s. 5 200 560
Kristbjörg Ólafsfjörður • s. 5 200 565



ÍSFELL
www.isfell.is

Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is



www.lyfja.is



Amorolfin ratiopharm við naglsveppum

ný lausn án lyfseðils í apótekum Lyfju

Lyfjalakk á neglur

Amorolfin er breiðvirkt sveppalyf sem er mjög
virkt gegn algengum tegundum af naglsveppum og
er ætlað á bæði fingur- og tåneglar.

Amorolfinið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og í
gegnum nóglinna og getur þar af leiðandi útrýmt
sveppnum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum.

Þar sem meðferðin er staðbundin eru **aukaverkanir**
mjög sjaldgæfar og þá aðallega svæðisbundnar,
sem er mikill kostur fyrir notandann.



**20% kynningar-
afsláttur**
gildir til 15. nóvember 2014

Notkunarvið: Amorolfin ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfin og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nógnum sem
áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfini eða
einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Forðast skal að lyfjalakið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar
með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nógnum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir
sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og ónýtar neglur ættu að ræða
viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðganga og brjósttagjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmun:** Lyfjalakið er borið
á sýktar fingur- eða tåneglar einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu lækis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nóglin
hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst
staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2014.

Ert þú klár fyrir veturinn?



SaMASZ
snjóplógar
snjótennur

Búvís
Akureyri • Sveinungsvík

Búvís • Grímseyjargötu 1 • 600 Akureyri • Iceland
Sími 465 1332 • buvis@buvis.is • www.buvis.is

STEKKUR

Tilberar, nábrækur og flæðarmús

— eru mestu þarfapíng

Í íslenskri þjóðtrú er sagt frá margs konar fyrirbærum og er tilberi eitt af þeim. Eins og nafnið gefur til kynna er veran sem sköpuð er með göldrum til þess ætluð að bera björg í bú. Nábrækur og flæðarmús eru einnig hin mestu þarfapíng.

Samkvæmt þjóðtrúnni voru það aðallega konur sem sköpuðu tilbera og var það gert með því að vefja mannsrifi, sem fengið var úr kirkjugarði, í gráan ullarflóka og geyma það við brjóst sér. Til að lifga tilbera við þarf að ganga til altaris og spýta messuvíni í barminn og á rífið að minnsta kosti þrisvar sinnum eða þar til beinið lifnar við.

Sjúga blóð innanlæris

Fyrr á tímum voru tilberar aðallega notaðir til ferða á næstu bæi til að sjúga mjólk úr kúnum og bera heim til tilberamóðurinnar. Eftir að heim var komið gubbaði fyrirbærið mjólkinni í ílát og fékk að sjúga blóð innanlæris á tilberamóðurinni að launum.

Vitað er að seinni tíma tilberar hafi verið sendir á öldurhús og lagst þar á bjórkрана og oftar en ekki orðið svo ofurfullir að þeir hafa gubbað megninu af vökvanum úr báðum endum áður en þeir hafa komist heim.

Nábrækur

Nábrækur eru annað þarfapíng, eða gjaldbuxur, sem draga til sín fé. Sá sem vill eignast slíka flík þarf að gera samning við einhvern lifandi um að mega fá af honum skinnið eftir andlátíð. Eftir að sá sem á skinnið er látinn og grafinn verður sá sem samninginn um það gerði að grafa líkið upp og flá af því skinnin ofan frá mitti og niður úr. Gæta verður þess að hvergi komi gat á skinnið við verkið því þá verðar brækurnar gagnslaugar. Því næst skal viðkomandi fara í skinnbuxurnar eða holdsmokkinn sem óðar grær við húðina og verður hluti af holdinu. Áður en brækurnar koma að notum verður að stela peningi frá fátækri ekkju á einhverri hinna þriggja stórhátúða ársins á milli pistils og guðspjalls og láta í pung nábrókarinnar. Eftir það draga brækurnar í sig fé og pungurinn aldrei tómur þegar eigandinn leitar í honum.

Sá annmarki fylgir nábrókum að sá sem á annað borð er kominn í þær kemst ekki úr þeim með góðu móti. Besta ráðið til að losa sig úr þeim er að fá annan mann sér til hjálpar og fara í buxurnar sjálfviljugur. Verður sá sem fær buxurnar að fara í hægri skálmina jafnóðum og eigandinn fer úr þeim. Takist það verður ekki aftur snúið. Vonandi verða nábrækur komnar í verslanir fyrir jól.

Flæðarmús eru litlir sjávarhryggleysingar og þeirrar náttúru gæddar að draga fé úr sjó. Til að veiða slíkt kvikindi þarf hár af óspjallaðri mey sem ríðið er í örfínt net sem lagt er í sjó. Veiðist flæðarmús í netið skal fara með hana heim og gæta vel. Því næst skal stela peningi og leggja undir kvikindið. Eftir það dregur það fé úr sjó fyrir eiganda sinn. /VH



Nábrækur. Mynd / Sigurður Atlason

Ragna Aðalsteinsdóttir á Laugabóli segist verða fyrir verulegu tjóni á hverju ári vegna ágangs refs:

Tómt rugl í Náttúrufræðistofnun að tófunni sé að fækka

— Hér er ekki lengur neitt fuglalíf og tófan drepur skepnurnar fyrir framan nefið á manni

Ragna Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli við Ísafjarðardjúp, segist vera orðin langþreytt á afskiptaleyzi stjórnvalda vegna ágangs refs á svæðinu. Hún segist á hverju ári tapa fjölda lamba og jafnvel fullorðinna kinda líka í refskaft. Þá sé hún nú með um tuttugu lömb sem séu afar smávaxin eftir sumarið og hafi dafnað illa eftir að refurinn hafi hrakið þau frá mæðrum sínum.

„Þetta er engu lagi líkt. Í sumar hefur tófa verið með greni hér rétt fyrir ofan laugina sem er í um 400 metra fjarlægð frá bænum. Þar var fullt af yrðlingum og fólk sem kom hingað í heimsókn í sumar sá þetta. Hér er orðið refurinn um allt og ekki lengur að finna fugla af neinu tagi hér í nágrenninu. Það er ömurlegt að þurfa að sitja uppi með þetta,“ segir Ragna.

„Það er tomt rugl í sérfræðingum Náttúrufræðistofnunar þegar þeir segja að tófunni fari fækkandi. Þetta er svo mikil lygi að það hálfa væri nóg. Svo er það tóm vitleysa að tófur geri sér ekki greni í nálægð við önnur greni. Eftir því sem henni fjölgar verður þéttleiki grenjanna meiri. Þetta sér maður greinilega bara hér fyrir ofan túnin hjá mér.“

Fær engan frið fyrir þessum vargi

„Ég fékk heim nú í haust um 20 lömb sem voru að stærð eins og mánaðargömul lömb þrátt fyrir að hafa gengið úti í allt sumar. Þetta eru allt lömb síðan í vor sem tófan hefur fælt undan mæðrum sínum. Þá gátu þau ekki lengur verið á spena sem er nauðsynlegt til að þau nái að þroskast eðlilega. Þetta eru ekkert annað en píslir sem hafa villst undan. Þar sem meira er um tvílembt fé en áður getur rollan ekki passað bæði lömbin fyrir refnum. Svo eru dæmi um að rollurnar séu drepnar líka. Þetta fer versnandi ár frá ári og fólk getur rétt ímyndað sér hvernig er að reyna að vera með fé sem fær engan frið fyrir þessum vargi.“

Ragna segist hafa ráðið mann úr Kópavogi til að hjálpa sér við að fækka refnum, en honum hafi orðið lítið ágengt svo ekki sjái högg á vatni. Hún segist nú vera að svípast um eftir manni sem sé tilbúinn að vera þarna í nokkurn tíma samfellt til að reyna að vinna á refnum. Segir hún þó mikilvægt að veiðar séu stundaðar af fagmennsku og á eins mannúðlegan hátt og kostur er. Þótt tófan sé henni til ama segist hún engan áhuga hafa á að henni verði útrýmt með öllu.

Hefur misst yfir 20 kindur í sumar

— Hefur þú misst mikið fé í sumar?

„Já, ég er búin að missa yfir 20 í sumar. Þetta hefur farið versnandi í um 20 ár. Svo er farið að ala yrðlinga í búrum bæði í Súðavík og í Heydal sem síðan er sleppt út í haga. Hér hefur komið einn gæfur yrðlingur, líklega frá Súðavík, sem verið hefur að þvælast hér í girðingunni hjá mér í leit að æti. Þetta er ekkert annað en ill meðferð á dýrum sem ég er búin að klaga til yfirvalda.“

Tófan útrýmir fuglinum

— Hvað með fuglalífið í Laugadal?

„Það sést ekki lengur mófugl og þar með er rjúpu ekki lengur að finna hér. Það voru tveir menn úr Reykjavík hér frammi í dal í leit að rjúpu á dögumum. Þeir fóru um allt



Ragna Aðalsteinsdóttir, bóndi á Laugabóli, segir að tófunni sé síður en svo að fækka. Mikilvægt sé að halda henni í skefjum til að minnka skaðann sem hún veldur á sauðfé og til að hún útrými ekki fuglalífinu. Mynd / HKr.



Laugaból í Laugadal með Laugadalsvatni í forgrunni. Refurinn hefur gerst afar nærgöngull í sumar og gaut ein refalæðan m.a. við laug sem er nokkur hundruð metra frá íbúðarhúsinu. Mynd / HKr.

en urðu hvergi varir við rjúpu. Það er verið að láta tófuna um að eyða rjúpu og öðrum mófugli rétt eins og menn útrýmdu geirfuglinum forðum. Yfirvöld láta þetta algjörlega afskiptalaust.

Þetta er alveg að gera mann vitlausan og er algjörlega ólíðandi. Hér er ekki lengur neitt fuglalíf og tófan drepur skepnurnar, sem maður ætlaði að reyna að lifa á, fyrir framan nefið á manni. Svo eru lömbin sem skila sér eins og afturkreistingar,“ segir Ragna sem hefur m.a. rætt málið við alþingismenn að undanfögnu.

/HKr.



Hjörtur Smári Vestfjörð með eitt af lömbunum sem villst hefur frá móðurinni og hefur því ekki hefur náð eðlilegum vexti í sumar.

B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is

2 manna herbergi

9.000 kr

Bændablaðið

Kemur næst út

20. nóvember

Jólavörur í úrvali

Amma mús - handavinnuhús

Amma mús – handavinnuhús
Grensásvegi 46, 108 Reykjavík • Sími 511 3388
Opið mán.–fös. 9–18, Lokað er á laugardögum til 31. ágúst.

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 15. nóvember 2014

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

Vinsamlegast hafið samband við
Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124

Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri

30% afmælis afsláttur af speglum

framleiðsla í 45 ár

Sandblásur myndir og texta á spegla, lýsing á bakvið spegla

Gler ■ speglar ■ sandblástur ■ slípun

Smíðjuvegi 7 - 200 Kópavogi - Sími: 54 54 300 www.ispan.is - ispan@ispan.is

Opíð alla virka daga 08:00-17:00 Sendum um allt land

Isþan
GLER OG SPEGLAR

Erum með dekk í öllum verðflokkum fyrir veturinn. Góð ráð og tilboð veita sölumenn okkar í síma **590 2045**

Umboðsmenn um land allt

benni.is

Dekkin í verkinn

Traktorinn, fjórhjólíð, jeppinn og mótörhjólíð

MAXXIS Fyrir jeppann, fjórhjólíð og mótörhjólíð

Cultor Gæðadekk fyrir íslenskan landbúnað

BFGoodrich TAKE CONTROL

TOYO TIRES driven to perform

Bilabúð Benni
Vagnhöfða 23
110 Reykjavík
Sími: 590 2000

Til leigu er íbúðarhús á jörðinni Vatnsdalsgerði í Vopnafirði

Um er að ræða tveggja hæða hús þar sem á efri hæð eru eldhús, búr, baðherbergi, þvottahús, stofa og fjögur svefnherbergi. Neðri hæð er lítið eldhús, baðherbergi og tvö svefnherbergi, auk bílskúrs.

Fjarlægð frá þorpi er um 3 km. Leiga eftir samkomulagi.

Áhugasamir hafi samband við Björn Halldórsson í síma 861-2840 eða tölvupósti bjornhalld@gmail.com

praxis
... þegar þú vilt þægindi

Vinnufatnaður
Fyrir fagfólk

Mikið úrval af flottum gæða vinnufatnaði sem þolir þvott allt að 95° og þarf ekki að strauja.

Vatteraðir jakkar 14.900 kr.
Fást í 5 litum, lime, svörtu, rauðu, kongabláu og fjöluþláu. Einnig til á herrana.

25240 Sportskór Litur Svart, hvítt. Str. 36-42 Verð kr. 9.900

25090 Dömsandalar Litur Svart, hvítt, blátt. Str. 36-42 Verð kr. 14.990

Pantið vörulista hjá okkur praxis@praxis.is

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opíð mánud. - föstud. 11:00-17:00, lokað laugardaga.

Slow Food-hátíðin Salone del Gusto og Terra Madre haldin í Tórínó:

Bragðörkin og fjölskyldubúskapur í brennidepli



Hin mikla matarhátíð Slow Food-hreyfingarinnar, Salone del Gusto & Terra Madre, var haldin í Tórínó á Ítalíu, dagana 23. til 27. október. Íslendingar voru þátttakendur nú eins og á undanförunum hátíðum og kynntu sérstöðu íslenskrar matarmenningar á nokkrum viðburðum á hátíðinni.

Má þar meðal annars nefna málstofu sem snerist eingöngu um íslenskar afurðir. Málstofan var vel sótt, en þar fór fram kynning á nokkrum þeirra afurða sem hafa komist inn í svokallaða Bragðörk [Ark of Taste]. Bragðörkin er staðsett á þeirri verkefnahyllu samtakanna sem fjallar um líffræðilega fjölbreytni og þar er safnað saman afurðum víðs vegar úr heiminum sem þykja menningarlega verðmætar. Þar innanborðs eru afurðir sem eru taldar fágætar á heimsvísu og hafa ótvíræð gæði til að bera.

Málstofa um íslenskar afurðir Bragðarkarinnar

Á íslensku málstofunni voru flutt stutt erindi og svo var gestum boðið að smakka salt, harðfisk og skyr. Eirný Sigurðardóttir, eigandi Búrsins, sagði frá skyrinu, Sif Matthíasdóttir, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands, talaði um íslenska geitastofninn, Gunnþórunn Einarsdóttir frá Matis útskýrði vinnsluna á saltinu (en því var einmitt nýverið bætt í Bragðörkina) og Dominique Plédél Jónsson greindi frá harðfisknum.

Ein stærsta hátíð sinnar tegundar

Hátíðin er ein hin stærsta sinnar tegundar í heiminum og er hún haldin annað hvert ár, fyrst árið 1996. Talið er að um 220 þúsund manns hafi sótt sýninguna þetta árið.

Fjölskyldubúskapur og Bragðörk

Tvær megináherslur voru nú á hátíðinni; fjölskyldubúskapur og einmitt Bragðörkin.



Dominique Plédél Jónsson, formaður Slow Food Reykjavík, lagði saltið frá Saltverki á evrópska hillu Bragðarkarinnar.

Hveraverkað Saltverks-sjávarsalt

Í mars síðastliðnum var hveraverkað íslenskt sjávarsalt frá Saltverki samþykkt inn í Bragðörkina. Síðan hefur aðeins lúru verið bætt þar inn af Íslands hálfu.

Dominique Plédél Jónsson, formaður Slow Food Reykjavík, bætti saltinu frá Saltverki við afurðirnar á evrópsku hillu Bragðarkarinnar á hátíðinni á dögunum – og þó að saltkrukkan sé kannski ekki efnislega stór, þá er hún mikil um sig og mikilvægt innlegg af Íslands hálfu.

Hið heita hveravatn á Reykjanesi á Vestfjörðum er nýtt í alla þætti framleiðslunnar, forsuðuna, saltkristalgerðina og þurrkunina. Saltgerðin hjá Saltverki er handverk



Pallborð íslensku Bragðarkarinnar. Sif Matthíasdóttir talaði um íslenska geitastofninn, Gunnþórunn Einarsdóttir útskýrði vinnsluna á saltinu, Eirný Sigurðardóttir sagði frá skyrinu og Dominique Plédél Jónsson greindi frá harðfisknum.

Bragðörkin leggst að íslenskri bryggju

Nú íslenskar afurðir eru nú í Bragðörkinni; íslenska geitin, hefðbundið íslenskt skyr, kæstur hákarl, sólþurrkaður saltfiskur, hjallaverkaður harðfiskur (ýsa), hjallaverkaður harðfiskur (steinbítur), hangikjöt, hveraverkað salt og lúra. Á málstofunni á hátíðinni var geitinni, saltinu, skyrinu og harðfisknum gerð nokkur skil og gestir fengu að bragða á nokkrum þeirra, tvenns konar hveraverkuðu salti frá Saltverki; lakkríssalt og blóðbergssalt, skyr frá Erpsstöðum og hjallaverkuðum harðfisk frá Hafdal í Hafnarfirði.



Málstofan var vel sótt og þótti sérstakt að Ísland fengi sér málstofu fyrir sig, en aðrar málstofur um afurðir Bragðarkarinnar voru helgaðar heilum heimsálfum.

Í dag eru um 1.600 afurðir smáframleiðenda í Bragðörkinnog

koma frá löndum víðs vegar á byggðu bóli móður jarðar. Stefnan er að innan fárra ára verði afurðirnar í Bragðörkinni tíu þúsund.

Hinn vinkill hátíðarinnar rímar við það að 2014 er yfirlýst alþjóðlegt ár fjölskyldubúskapar hjá Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna. Þar er einmitt tilgangurinn að vekja athygli á mikilvægi fjölskyldubúa – og smárra framleiðenda matvæla almennt – í baráttunni gegn hungri og fátækt í heiminum. Menningarlegi þáttur fjölskyldubúskapar er einnig talinn mikilvægur í félags-, efnahags- og umhverfislegu tilliti.

Á setningarhátíðinni talaði José Graziano da Silva, forseti Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, um mikilvægi fjölskyldubúskapar. Þar kom fram að í heiminum væru 500 milljónir fjölskyldubúa, þar sem smáframleiðsla væri stunduð. Hann sagði að hjá 84 prósentum af öllum heimsins býlum, réði hvert býli um sig aðeins yfir minna en tveimur hektara lands. Þessi býli ráða einungis yfir 12 prósent af öllu ræktarlandi heimsins.

Stefnt gegn skyndibitavæðingunni

Slow Food-hreyfingin á uppruna að rekja til manns að nafni Carlo Petrini og telst vera stofnuð árið 1989 í Bra, heimabæ Petrini, skammt suðaustan við Tórínó.

Slow Food er alþjóðleg gras-rótarhreyfing með um hundrað þúsund félagsmenn innanborðs um heim allan. Hreyfingunni er stefnt gegn skyndibitavæðingunni síðustu áratuga og hefur það að markmiði að vernda heiður smáframleiðslu matvæla; með gæði, hreinleika og sanngirni að leiðarljósi. Eitt af leiðarstefjum Slow Food að því marki er að standa vörð um líffræðilega fjölbreytni. /smh

Terra Madre Kitchen – Ísland

Hangikjötið sló í gegn og rokseldist

Dóra Svavarsdóttir (Culina) og Þórir Bergsson (Bergsson Mathús) elduðu hangikjöt í Heimseldhúsinu (Terra Madre Kitchen) á hátíðinni.

Meðlætið var byggsalat, rótargrænmeti, rófustappa og skyrsósa. Diskurinn var seldur á 10 evrur á staðnum og er skemmst frá því að segja að rétturinn sló í gegn og var einn sá mest seldi út úr Heimseldhúsinu á hátíðinni.

Ágóðinn er notaður til að styrkja verkefni Slow Food þar sem fjármagn vantar. Fjallalamb lagði til hangikjöt, Erpsstaðir skyríð, saltið kom frá Saltverki, bygg og rótargrænmeti frá Vallanesi og Hraun í Ölfusi gaf rófurarnar.



Libanskur fiskréttur var seldur samhliða íslenska hangikjötinu.



Þórir og Dóra höfðu varla undan að setja á diskana.



Kátir Íslendingar á Terra Madre Kitchen. Eirný Sigurðardóttir, Arnheiður Hjörleifsdóttir, Sif Matthíasdóttir og Jörundur Svavarsson frá Hrísakoti.



Dóra hrærir í pottunum baksviðs.



Kynning á hrútakosti sæðingastöðvanna 2014–2015

Útgáfu hrútaskrárinnar verður fylgt eftir að vanda með kynningarfundum víðs vegar um land á hrútakosti sæðingastöðvanna. Fundirnir eru haldnir af búnaðarsamböndunum í samstarfi við Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML). Hér er yfirlit yfir fyrstu fundina. Fundir sem haldnir verða mánudaginn 24. nóvember eða síðar verða kynntir í næsta Bændablaði og á heimasíðu RML.

Búnaðarsambandssvæði	Dagur	Staður og tími
Búnaðarsamtök Vesturlands	Fim. 20. nóv	Hvanneyri kl. 20:30
Búnaðarsamtök Vesturlands	Fös. 21. nóv	Holt, Öfundarfirði kl. 20:30
Búnaðarsamband Suðurlands	Fim. 20.nóv	Klaustur kl. 13:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Fim. 20.nóv	Smyrlabjörg kl. 20:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Fös. 21.nóv	Heimaland kl. 14:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Fös. 21.nóv	Þingborg kl. 20:00



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is



Lífrænn búskapur á Íslandi – staða og horfur

Bændasamtök Íslands og VOR - verndun og ræktun ásamt Félagi framleiðenda í lífrænum búskap halda málþing um stöðu og horfur í lífrænum búskap í samræmi við ályktun Búnaðarþings 2014, miðvikudaginn 19. nóvember næstkomandi í Heklusal Radisson Blu Hótel Sögu, 2.hæð, kl. 13-17. Málþingið er öllum opið og verða nánari upplýsingar um það gefnar á www.bondi.is

Undirbúningsnefndin



Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

Vagnar og stálgrindahús frá WECKMAN Steel



STÁLGRINDAHÚS

Fjöldi stærða og gerða í boði



RÚLLUVAGNAR – LÖNDUNARVAGNAR

Stærð palls 2,55 x 8,6m



STURTUVAGNAR

Burðargeta 6,5 – 17 tonn

Þak og veggstál galvaniserað og litað

- Bárað
- Kantað
- Stallað

Fjöldi lita í boði



H. Hauksson ehf

Vikurhvarfi 5 • Kópavogi • Sími 588 1130
hhaukssonehf@simnet.is

Sparaðu með varmadælu hitun kæling



FRAMLEIDDAR OG PRÓFAÐAR FYRIR NORÐLÆGAR SLÓÐIR



LG NORDIC PRESTIGE P09MN.NM2
Besta varmadæla sem nokkurn tíma hefur verið prófuð

LG Nordic varmadælurnar eru framleiddar sérstaklega fyrir norrænt loftslag en ekki aðeins aðlagðar frá Evrópu gerðum. Þetta þýðir aukin einangrun á hverju hólfi fyrir sig í tækinu sem er utanhúss, sem ver það fyrir kulda, salti og raka og þar með tæringu sem hefur verið mikið vandamál á Norðurlöndunum og þá ekk síst á Íslandi. Einnig með tvöfaldri pressu, af-frysti, hitalögn í botni, silikon áferð á printplötum og fl. Hvert og eitt nýtt líkan er prófað á norðurslóðum í að minnsta kosti eitt ár áður en almenn framleiðsla og sala er sett í gang. LG Nordic varmadælurnar sem bæði hita og kæla, eru þróaðar í nánú samstarfi milli norrænna tæknimanna og sérfræðinga LG Electronics í Suður Kóreu sem þýðir að þær geta staðist harða norræna vetur, kalt og rakt loftslag með hitastigi niður fyrir -25° gráður á Celsíus.

LG Nordic Prestige varmadælurnar eru þær hljóðlátustu sem framleiddar eru. Hámark 43 dB utandyra en innan dyra er lágmarks hljóðstyrkur aðeins 25 dB í upphitun (38 / 33 / 25 / 17 sleep 9-13°) Við kælingu og sleep er hljóðið aðeins 17 dB sem raunverulega heyrir ekki.

Nýjasta prófun SP (Sveriges Tekniska Forskningsinstitut) á varmadælu, staðfestir að LG NORDIC PRESTIGE P09 sýnir bestu útkomu við köldustu aðstæður og í aðaleinkun þar sem dælan gaf bestan orkusparnað hvar sem þú býrð í Svíþjóð.



FRÁBÆR SPARNAÐUR ORKUFLOKKUR A++
SEER 8.6 SCOP 4.6
INVERTER SYSTEM

SCOP/SEER er mælikvarði sem sýnir hversu mikið varmadæla getur sparað á ári, þetta er kallað árleg upphitun/ kæling. Árs hitunar kvarði (SCOP) 4,6kW og kæli-kvarði SEER 8,6kW, setur Nordic Prestige varmadælurnar í orkuflokka hitun: A++ kæling: A++ Því hærri einkunn sem dælan fær, því meiri sparnaður að sjálfsögðu. Sparnaður getur numið allt að 85%.

LG Nordic Artcool CA12 3,8kW (hám 6.0kW) m.v. -7°C 239.000.kr.
LG Nordic Prestige P09 4,4kW (hám 6.6kW) m.v. -7°C 298.000.kr.
LG Nordic Prestige P12 4,8kW (hám 6.8kW) m.v. -7°C 349.000.kr.



LOFTTÆKNI EHF
Hvamsdal 4 190 Vogar
Sími: 546 9500 Farsími: 892 8030 lofttaekni.is

LOFTTÆKNI

Umboðs, uppsetninga og þjónustuaðilar:

Akureyri: Ljósgrjafinn ehf, S:460-7799 ljosgjafinn.is

Eskifjörður: Rafkul ehf, S:822-8567

Vestmannaeyjum: Geisli ehf, sími 421 4900

Hvolsvöllur: Rafverkstæði Ragnars ehf, S:487-8022

Patreksfjörður: Vélsmiðjan Logi ehf, S:456-1245

Vestur & suðvesturland: Ölver Ragnarsson rafvirki, S:893-3543

Miklar þversagnir í yfirlýsingum Náttúrufræðistofnunar um stærð og viðgang refastofnsins:

Segir nú að refum fækki en fullyrti í vor að þeim fjölgaði — „vegna vetrarveiða“

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Náttúrufræðistofnun Íslands sendi frá sér fréttatilkynningu hinn 22. október sl. um að íslenski refastofninn sé á niðurleið og að fækkun í stofninum hafi byrjað 2009. Er þetta þvert á upplýsingar frá veiðimönnum og bændum víða um land sem og upplýsingar frá spendýravistfræðingi Náttúrufræðistofnunar í maí á þessu ári sem taldi að refnum færi fjölgandi.

Í Fréttablaðinu í maí var frétt um veiði undir fyrirsögninni „Aukin veiði fjölgar ref“. Rætt var við Ester Rut Unnsteinsdóttur, spendýravistfræðing hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Þar hélt hún fram þeirri þversögn að auknar veiðar á ref hafi leitt til þess að refnum fjölgaði ört. Vakti þetta mikla undrun meðal reyndra veiðimanna og bænda sem þekkja vel til veiða og háttalags refsins.

Veiðimenn halda lífi í refnum!

Útskýringar spendýravistfræðingsins á því hvernig á þessu staði vöktu jafnvel enn meiri undrun. Þar sagði hún að aukin áhersla hafi verið á vetrarveiði, sem fer þannig fram að egnt er fyrir refina með því að bera út æti og þeir skotnir þegar þeir koma nærri. Í fréttinni sagði Ester að margt benti til þess að allt of mikið æti væri sett út og þar sem það er ekki vaktað öllum stundum, verði það til þess að refir sem ella hefðu soltið í hel yfir veturinn nái að komast í fæði og lifa af. Hún lagði til að haldið verði utan um hversu mikið æti sé lagt út. Það gæti jafnvel verið ódýrari aðgerð til að fækka dýrunum að hætta að leggja út æti fyrir refi yfir veturinn.

Þá var í fréttinni sagt að refastofninn á Íslandi væri á bilinu 10 til 13 þúsund dýr.

Rúnum fimm mánuðum seinna

„Refum er farið að fækka“

Eftir fréttina um fjölgun refsins frá því í maí rak veiðimenn í rogastans þegar tilkynning barst frá Náttúrufræðistofnun 22. október um algjöran viðsnúning í viðkomu refsins. Honum hafi meira að segja verið að fækka allt frá árinu 2009!

Í tilkynningunni, sem undirrituð er af Ester Rut Unnsteinsdóttur segir:

Íslenski refastofninn á niðurleið

„Refum er farið að fækka hér á landi eftir samfelldan vöxt um áratugaskeið. Samkvæmt nýjasta mati voru um þriðjungi færri dýr í stofninum en þegar hann var síðast metinn árið 2010. Fækkunin tekur jafnt til þeirra svæða þar sem refurinn er veiddur og til friðlanda eins og á Hornströndum en þar varð hrún í stofninum árið 2014. Ástæður þessara stofnbreytinga eru óþekktar en tengjast líklega veðurfari, fæðuskilyrðum, heilbrigði dýranna og jafnvel aðbörnum mengunarefnum. Veiðimenn eru lykilaðilar í vöktun og rannsóknum á refastofninum en þeir senda hræ af felldum dýrum til krufninga og aldursgreiningar.“

Nýjustu útreikningar á stærð íslenska refastofnsins sýna að refum hefur fækkað talsvert á undanförunum árum. Er þetta í fyrsta skipti síðan mælingar hófust að refum fækkar á landinu. Haustið 2007 hafði stofninn



Refurinn er slægur og duglegur að bjarga sér. Sækir hann þá í það æti sem best liggur við hverju sinni. Gildir þá einu hvort það eru egg, æðarfugl, svartfugl eða mófugl. Er nú deilt um hvort offjölgun í refastofninum sé farin að valda ójafnvægi í dýralífi Íslands. Sumir refir eiga það svo til að leggjast á lömb og jafnvel fullorðið fé eins og dæmin sanna. Þennan uppstoppaða ref er að finna á Melrakkasetrinu í Súðavík.

Mynd / HKR.



Áætluð lágmarksstærð íslenska refastofnsins að haustlagi hvert ár. Lóðréttu línurnar sýna 95% öryggismörk og eru þau stærri eftir því sem nær dregur í tíma vegna þess að talsverður hluti hvers árgangs er enn óveiddur. Stofnmat til ársins 2007 var unnið af Páli Hersteinssyni en nýjustu útreikningarnir eru á stofnstærð frá 2008 til 2010.

Heimild / Náttúrufræðistofnun

verið í samfelldum vexti í meira en 30 ár og var orðinn riflega áttfalt stærri en í upphafi vöktunarinnar árið 1979. Um þær mundir var íslenski refastofninn að rétta úr sér eftir að hafa verið í sögulegu lágmarki. Stofnbreytingin var misjöfn, fjölgunin fór rólega fram fyrstu 15–20 árin. Árið 1997 fór stofninn að vaxa hraðar en á þeim tíma var áhersla aukin á vetrarveiði þótt grenjavinnsla hafi ekki minnkað að sama skapi. Enn hraðari aukning varð eftir 2004 og náði hún hámarki árið 2008. **Næstu tvö árin, 2009 og 2010, fækkaði refum mikið, eða um 32% á landinu í heild. Vísbendingar eru um að fækkunin hafi haldið áfram næstu ár, 2011–2014, en ekki er hægt að fullyrða að svo hafi verið á þessu stigi.** [feitletrun blaðsins]“ – Þetta stangast algjörlega á við orð spendýravistfræðingsins í Fréttablaðinu frá því í maí 2014. Síðan segir í tilkynningunni:

„Reikniaðferðin sem beitt er við

stofnmatið byggir á bakreiknaðri lágmarksstærð hvers árgangs veiðinnar á hverju ári. Síðasta stofnmat var unnið árið 2010 og gaf árlega stofnstærð frá upphafi vöktunar til ársins 2007. Einungis er hægt að reikna út með nokkurri vissu 3–5 ár og lengra aftur í tímann þar sem enn er talsvert stór hluti yngri árganga óveiddur þegar matið fer fram.“ Síðan segir:

„Skekkjumörkin eru hærri eftir því sem fleiri dýr eru á lífi í þeim árgöngum sem verið er að meta. Ekki verður hægt að segja til um þróun stofnsins og stöðu hans 2011–2014 með öruggum hætti fyrr en fleiri dýr úr hverjum þessara árganga hafa verið veidd (refir lifa í 10–11 ár).“

Þá segir einnig:

„Vöktun refastofnsins og rannsóknir henni tengdar eru alfarið byggðar á góðu samstarfi við veiðimenn um allt land. Þeir senda hræ af felldum refum til krufninga

og aldursgreiningar af öllum svæðum og árstímum. Með hverju sendu hræ fylgir útfyllt eyðublað þar sem fram koma upplýsingar um veiðina, dagsetningu og skotstað. Þessar upplýsingar eru mikilvægar til að aldursgreining og útreikningar verði sem nákvæmust. Veiðimenn eiga miklar þakkir skilið fyrir að útvega sýni til rannsókna og vöktunar á íslenska refastofninum.

Ástæður stofnbreytinga refsins geta verið af margvíslegum toga, meðal annars breytingar á veðurfari, fæðuskilyrðum, heilbrigði dýranna og aðbörnum mengunarefnum. Burðargeta landsins er óþekkt en hún er breytileg og hugsanlega hefur henni verið náð, a.m.k. á einhverjum svæðum. Lykilþættir í fjölgun og fækkun stofna er fjöldi dýra sem fæðast og lifa það að tímgast ásamt fjölda þeirra sem deyja eða tímgast ekki (frjósemi, geldhlutfall og dánartíðni). Þetta er allt metið út frá veiðigögnum og því úrtaki veiðarinnar sem skilað er inn til rannsókna.

Þar sem refir tímgast einu sinni á ári, lifa einkvænislífi og helga sér óðul þar sem fjölskyldan heldur til yfir sumarið eru gögn um grenjavinnslu á hverju landsvæði mjög mikilvæg. Þannig má fá innsýn í þéttleika og hægt að spá betur um búsvæðaval og burðargetu landsvæða.

Samkvæmt upplýsingum frá veiðimönnum af Suðurlandi voru fleiri geldlæður á ferli á grenjatíma sumarið 2014 en þeir eiga að venjast. Einnig hafði nokkrum grenjaskyttum, bæði á Norður- og Suðurlandi gengið erfiðlega að finna greni í ábúð í vor. Á Vesturlandi bar svo við að yrðlingar voru mjög misstórir, sem gæti bent til óstöðugs eða minna fæðuframboðs.“

Hugsanlega var veturinn erfiður

„Hugsanlega var veturinn dýrunum erfiður enda snjóþungt víða og óhægt um vik að komast í æti. Áhugavert væri að fá upplýsingar frá veiðimönnum víðar af landinu um hvern reynsla þeirra var af grenjavinnslu sl. sumar og hvort menn hafi orðið varir við eitthvað óvenjulegt undanfarið.“

Þetta er óneitanlega athyglisvert innskot og hlýtur að vekja spurningar. Oskiljanlegt er hvernig vísindamenn geta lagt fram fullyrðingu í nafni vísindastofnunar um að ref sé farið að fækka í landinu án þess að fyrir liggji haldþærar rannsóknir á forsendum þeirrar fullyrðingar. – Áfram heldur fréttatilkynningin með merkilegri fullyrðingu:

„**Hin skarpa aukning í stofnstærð refa frá árinu 1997 hefur verið nefnd í samhengi við aukna hvatningu af hálfu yfirvalda til vetrarveiða. Þessu fylgdi því að óhöflegt magn ætis var lagt út sem agn á sumum svæðum. Takmarkandi þættir stofns á borð við tófuna eru einmitt fæða að vetrarlagi en hún skiptir höfuðmáli fyrir lífslíkur og frjósemi læðna. Aukið veiðiálag hafði ekki neikvæð áhrif á stofnvöxtinn enda hefur ekki verið sýnt fram á það hérlandis að beint orsakasamband sé milli veiðiálags og stærðar refastofnsins.** [feitletrun blaðsins].“

Fylgst hefur verið með refum í friðlandi Hornstranda undanfarin 16 sumur með því að fara á þekkt greni, kanna ábúð í þeim og fylgjast með afkomu yrðlinga yfir sumarið. Þar varð nánast hrún í refastofninum

síðastliðið sumar (2014) en fjöldi dýra fundust dauð í vor og aðeins fáein pör komu upp yrðlingum. Er þetta í fyrsta skipti sem eitthvað slíkt hefur gerst á rannsóknartímabilinu enda hefur ábúðahlutfall refagrenja á Hornströndum (og þar með fjöldi grendýra) verið stöðugt fram að þessu.

Samkvæmt veiðiskýrslum frá Hornströndum frá 8. áratug sl. aldar, þegar stofninn var í lágmarki á landsvísu, var ástandið svipað þá og nú: Óhægt var um vik fyrir grenjaskyttur að vinna greni þar sem læður gutu seint eða ekki og dauð dýr fundust að vorlagi. Veiðar hafa ekki verið stundaðar á Hornströndum frá árinu 1995.

„**Af ofangreindu virðist ljóst að fækkunin í íslenska refastofninum sem hófst árið 2009 er enn í gangi, bæði þar sem veiðar eru stundaðar og eins þar sem tófan nýtur friðhelgi.** [feitletrun blaðsins]

Ástæður hinna hröðu vaxtarbreytinga í stofninum á árunum 2004–2010 eru verðugt rannsóknarefni og er mikilvægt að kanna betur hvaða breytingar hafa orðið innan hvers landsvæðis fyrir sig á þessum tíma.“ – Svo mörg voru þau orð.

Engin svör

Bændablaðið sendi Ester Rut Unnsteinsdóttur, spendýravistfræðingi hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, fyrirsögn í síðustu viku vegna þversagna í yfirlýsingum um viðgang refastofnsins. Var það gert í framhaldi af samtölum við veiðimenn og bændur sem hafa mikla reynslu af ágangi refs og veiðum. Þar hafa veiðimenn m.a. bent á að ef Náttúrufræðistofnun miði sínar tölur við skil á skottum til sveitarfélaga og skilum sveitarfélaga á skýrslum þar um, þá sé eðlilegt að tölur brennlist vegna veðurfarsaðstæðna í fyrirvetur. Víða hafi háttað þannig til á síðastliðnum vetri að þekkt greni sem staðsett voru ofan 200 metra hæðarlínu voru á kafi í klaka og snjó allt frá því í september fram í maí. Refurinn hafi því ekki getað nýtt þau greni og fært sig niður á láglandið. Veiðimenn fái hins vegar ekki greitt fyrir að leita uppi ný greni og því séu eðlilega lítill skil á skottum af dýrum úr grenjum sem ekki voru nýtt. Þar af leiðir að skilatlömur voru mjög brenglaðar.

Þá var spurt um tölur um ætlaðan fjölda refa eftir landsfjórðungum.

Vegna fullyrðinga veiðimanna og bænda um að refurinn sæki mjög grimmt í mófugl og sagnir ferðamanna af Hornströndum og víðar um að þar sjáiast vart lengur mófugl var óskað eftir upplýsingum þar að lútandi. Þar sem um mjög mikilvægt spursmál er að ræða varðandi jafnvægi í náttúrunni hlýtur það að vera í verkahring Náttúrufræðistofnunar að rannsaka slíka hluti. Því var óskað eftir tölum úr talningu á ref á Hornströndum á undanförunum árum. Þá var einnig óskað eftir tölum úr talningu á mófugli á Hornströndum á undanförunum árum til samanburðar. Síðan var líka spurt:

Hefur Náttúrufræðistofnun rannsakað hvort sveiflukennd afföll í rjúpnastofninum meggi hugsanlega að hluta rekja til refsins og afkomumöguleika hans í mismunandi árferði?

Þegar blaðið fór í prentun hafði svar við fyrirsögninni ekki borist en kvittað hafði verið fyrir móttöku erindisins og sagt að því verði svarað við fyrstu hentugleika.

Ef refnum fjölgar meira mun fuglum fækka

— segir Ólafur Jónsson, refaskytta á Fjöllum í Kelduhverfi, og segir að refir leggi nú mun meira í greni sem eru nær byggð en áður

Ólafur Jónsson, Fjöllum í Kelduhverfi, ritaði grein í blaðinu Skotvís fyrir skömmu þar sem hann leggur út af mikilli fjölgun í refastofninum og hugmyndum um breytingar á reglugerð. Hann sagðist í samtali við Bændablaðið telja það fjarstæðu að refnum færi fækkandi eins og Náttúrufræðistofnun haldi nú fram.

„Ef refnum fjölgar enn frekar mun fuglum fækka eins og hefur sýnt sig þar sem mest er nú um refi og getur t.d. farið svo að friða þurfi rjúpuna aftur eins og gert var upp úr síðustu aldamótum. Þegar æti minnkar er hætt við að refir leiti meira í mengað sjávarfang í fjörum en það er talið geta verið ástæða þess að refastofninum hnignar annars staðar. Það er því kappsmál fyrir okkur að halda refastofninum í jafnvægi þannig að við eigum áfram fjölskrúðugt fuglalíf og heilbrigðan refastofn,“ segir Ólafur.

Hann telur að skýringin á tölum Náttúrufræðistofnunar nú geti m.a. stafað af því að minna hafi verið skilað inn af skýrslum frá sveitarfélögum þessi tvö ár sem ríkið hélt að sér höndum með greiðslur. Það segi hins vegar ekkert um stöðu refastofnsins. Þá sé líka gríðarlegur munur á tölum sem skilað er inn til Umhverfisstofnunar og tölum sem gefnar eru upp af veiðikortahöfum. Alls skiluðu 69 sveitarfélög veiðiskýrslum um refaveiðar til Umhverfisstofnunar árið 2010 en aðeins 61 árið 2013. Samkvæmt þeim veiddust 3.986 refir 2012 en samkvæmt innsendum tölum veiðikorthafa veiddust 7.986 stk. Fyrir 6 mánuðum var því haldið fram að refastofninn væri í örum vexti vegna útburðar ætis, en nú er því haldið fram að hann hafi minnkað um nær þriðjung sl. ár. Svona misvísandi yfirlýsingar eru ekki til þess fallnar að auka tiltrú veiðimanna á útreikningum vísindamanna. Upplifun veiðimanna er sú að refum fjölgi enn og rjúpnaskyttur sjá fleiri tófuslóðir en rjúpnaspor og hafa einstaka veiðimenn skotið fleiri tófur en rjúpur.“

Skiptar skoðanir og misjöfn sjónarmið

Ólafur nefnir að umhverfis- og auðlindaráðherra hafi skipað starfshóp til að endurskoða og gera tillögur að breytingum á reglugerð nr. 437/1995, um framkvæmd refa og minkaveiða. Þá hafi Umhverfisstofnun gert drög að áætlun til þriggja ára um refaveiðar en á fjárlögum er gert ráð fyrir 30



Fullyrft hefur verið að refir séu að stórskaða fuglalíf á stórum svæðum, m.a. á Hornströndum. Þá hafa verið vangaveltur um að veiðar tófunnar geti að einhverju leyti skýrt sveiflur í viðgangi rjúpnastofnsins, en þar skortir rannsóknir. Á þessari mynd sést vel hversu afkastamikil tófan getur verið í fugladrápinu. Þessi tófa var veidd í Vaðlaheiði 4. júlí 2011. Hún var með 23 þúfuttittlingsunga í kjaftinum sem vógu samtals 415 grömm. Innfellda myndin sýnir hvernig hún lá með fuglana í kjaftinum eftir skotið.

Mynd / Hilmar Stefánsson.

milljónum árlega á tímabilinu, sem styrk frá ríkinu til sveitarfélaganna vegna þessa. Umhverfisstofnun hefur sent sveitarfélögum samning um refaveiðar og hafa sum þeirra samþykkt hann án samráðs við veiðimenn. Þar kemur fram að senda skuli stofnuninni grenjaskrár, skráningu á tjóni, fjölda og flokkun, upplýsingar um leyfar á grenjum og fl. og þá getur Náttúrufræðistofnun kallað eftir sýnum frá sveitarfélögum. Betur hefði farið á því að vinna þetta í samráði við veiðimenn en það þykir ekki við hæfi frekar en við breytingar á lögum og reglugerðum.“

Ref hefur fjölgað gríðarlega og háttalag hans hefur breyst

„Sagt hefur verið að refum fjölgi hér á landi þrátt fyrir aukið veiðiálag en einmitt þar gætir mikils misskilnings.

Eftir að framlög ríkisins lækkuðu verulega og kostnaðurinn fluttist til sveitarfélaganna hafa mörg þeirra, sum illa stæð, farið að spara útgjöld til refaveiða. Hafa þau þá t.d. sett hámark á fjölda dýra sem greitt er fyrir þ.e. veiðikvóta, greitt aðeins hluta af kostnaði og komið hefur fyrir að sum þeirra hafa ekki sinnt þessum málaflokki.“

Refirnir færa sig nær byggðinni

„Veiðimenn eru sammála um að refir leggi nú mun meira í greni sem eru nær byggð en áður og vinnast ekki þar sem þau eru oft óþekkt. Nú er nær aflagt að menn reki refaslóðir eða beiti sauðfé að vetrarlagi en einmitt þannig fundust oft ný greni áður fyrr. Þá hefur sífelld fjölgun friðlanda og aukning á skógarsvæðum neikvæð áhrif. Af þessum sökum hefur ref fjölgað gríðarlega þrátt fyrir sama veiðiálag þ.e.a.s. að leitað er í þekktum grenjum á vorin.

Þá er uppi sú umræða að útlagt æti fyrir refi yfir vetrartímenn auki frjósemi og valdi fjölgun í stofninum. Svo rammt kveður að þessu að í fyrrnefndum drögum eru vangaveltur um hvort setja þurfi takmarkandi reglur um útburð ætis. Líklega eru einhverjir sem leggja út æti og sinna ekki um veiðar og er rétt að taka á því. Hitt er þó mun algengara að þessu sé sinnt og er árangur oft mikill. Með þessu móti nást oft dýr sem hvekkst hafa verið á greni, geld dýr sem ella mundu vera í náttúrunni til þarnaesta vors að minnsta kosti og einnig dýr sem annars mundu verða í óþekktum grenjum og fjölga sér óáreitt.

Á sumum svæðum tala menn um að treglega gangi í æti en þó séu þar

geld dýr og sjálfur hef ég krufið margar refalæður í góðum holdum (margar þeirra feitar) þegar langt er liðið á meðgöngutíma sem ekki eru með fóstur. Ekki eru til handbærar upplýsingar um vetrarveiðar þar sem mörg sveitarfélög skrá bara „skott“ hvort heldur sem þau eru af fullorðnum grendýrum, yrðlingum eða vetrarskotnum og sum þeirra greiða bara ráðnum grenjaskyttum.“

Engar forsendur fyrir takmörkun vetrarveiða

„Ný tækni hefur verið að koma fram sem hefur sýnt að hægt er að stunda vetrarveiði með öðrum hætti en áður og getur skilað miklum árangri. Það eru því ekki forsendur fyrir að setja takmarkandi reglur um vetrarveiðar. Þá er í drögum talað um að rannsaka skaðsemi af völdum refa og að sveitarstjórnir / veiðimenn skili inn hræjum af veiddum dýrum. Flestir refaveiðimenn eru á lágmarkslaunum, sumir í sjálfboðavinnu og fá ekkert greitt fyrir kostnað við byssur, riffla, sjónauka, GPS-tæki, og margan annan búnað sem nauðsynlegur er. Þeir þurfa oft að fara langan veg gangandi með allan sinn búnað og liggja úti undir berum himni langtímum saman, í misjöfnum veðrum. Það verður að teljast

ólíklegt að það litla hlutfall sem ríkið ætlar að greiða við veiðarnar verði til þess að veiðimenn komi með hræ af refum í stórum stíl til byggða. Oft er talað um að skaðsemi af völdum refa sé aðallega í sauðfjárrækt og æðarrækt en þar kemur fleira til.

Ferðaþjónustan, sem nú er orðin stærsti gjaldeyrisskapandi atvinnuvegurinn, auglýsir ósnortna náttúru og fjölskrúðugt fuglalíf. Það er því óeðlilegt að fjölmennustu sveitarfélögin taki lítinn sem engan þátt í kostnaði við refaeyðingu þrátt fyrir að hafa mestan hag af ferðaþjónustu. Eðlilegast væri þó að ríkið bæri allan kostnað af refaeyðingu og rannsóknnum sem myndi þá koma jafnt niður á landsmenn, óháð búsetu.

Margir veiðimenn óttast þó að þá verði nýting fjármuna ekki sem skyldi og vitna gjarnan í minkaveiðiátakið fyrir nokkrum árum sem var undir stjórn Umhverfisstofnunar. Af þeim 144 milljónum sem fara átti í verkefnið fóru líklega ekki nema 73 milljónir til veiðimanna í veiðiátak en afgangurinn fór í undirbúning, rannsóknir, vöktun, umsjón, skipulag, ráðgjöf, skýrslur, áætlun, gagnagrunn og fleira,“ segir Ólafur Jónsson.

/HKr.

Sealskinz er breskt fyrirtæki sem framleiðir einstaka línu af vatnsheldum vörum fyrir höfuð þitt, hendur og fætur.

Sealskinz notast við 3ja laga einkaleyfisráða tækni í prjónuðum sokkum, hönskum og húfum til að búa til óaðfinnanlegar vörur sem eru algerlega vatnsheldar en anda engu að síður.

Reykjavík GG sjósport / Lífland / Postura / Reykjavík mótör center / Örninn / **Borgarnes** Knapinn / **Snæfellsbær** Vélsmiðja Árna Jóns **Búðardalur** K.M. þjónustan / **Blönduós** N1 píparinn / **Sauðárkrúkur** Kaupfélag Skagfirðinga Eyrrinni **Varmahlíð** Kaupfélag Skagfirðinga **Akureyri** Fákasport / Lífland / Jótunn / **Höfn í Hornafirði** Vélsmiðja Hornafjarðar / **Selfoss** Jótunn / **Hveragerði** Golfklúbbur Hveragerðis



Alberto Giachino, sjálfboðaliði frá SEEDS-samtökunum, tíni hrútaber í Hallormsstaðaskógi nú fyrr í haust. Á innfelldu myndinni eru Guðný og Bergrún með hluta afrakstrar af tínslu á góðri hrútaberjauppskeru í Hallormsstaðaskógi í sumar. Þær munu í framhaldinu bjóða í ár upp á hrútaberjasultu sem er nýjung hjá fyrirtæki þeirra, Holti og heiðum ehf. Myndir / MÞÞ

Starfsemi félagsins Holt og heiðar í Hallormsstaðaskógi vex og dafnar:

Tækifæri fólgin í því að vinna úr íslensku hráefni

„Það er óhætt að fullyrða að okkur hefur verið vel tekið, fólk hefur verið ánægt með vörurnar og við erum þakklát fyrir þær góðu viðtökur sem við höfum hlotið á markaði,“ segja þær Bergrún Arna Þorsteinsdóttir og Guðný Vésteinsdóttir, sem ásamt eiginmanni Guðnýjar, Þórólfi Sigjónssyni, eiga og reka fyrirtækið Holt og heiðar ehf.

Öll eru þau fædd og uppalin í sveit, frá Skagafirði um Möðrudal og til Hornafjarðar. Guðný og Þórólfur eiga einnig og reka Sveitasetrið að Hofsstöðum í Skagafirði en Bergrún Arna er aðstoðarskógarvörður hjá Skógrækt ríkisins í Hallormsstaðaskógi.

Holt og heiðar er matvæla-vinnslufyrirtæki með starfsstöð sína í kjallara undir höfuðstöðvum Skógræktar ríkisins í Hallormsstaðaskógi. Þar fer framleiðslan fram, en þegar kemur að því að afla hráefnis til vinnslunnar berst leikurinn víða. Áhersla er á sultugerð og koma þar m.a. rabarbari og ber af ýmsu tagi við sögu, en einnig nýta stöllum afurðir sem fengnar eru úr austfirskum skógum, skógarsveppi og birkisafa.

Alls framleiða þær Bergrún og

Guðný 12 vörutegundir, en frá því starfsemi félags þeirra hófst og fyrstu vörurnar fóru á markað, sumarið 2010, hafa þær á hverju ári þróað og boðið upp á nýja vöru. Nýjungin í ár eru tvær nýjar sultutegundir, hrútaberjasulta og rífsberjasulta.

Hugmyndin kviknaði í kaffispylli við eldhúsbörðið

Hugmyndin að stofnun félagsins kviknaði í kaffispylli við eldhúsbörðið einhverju sinni í janúarmánuði árið 2009. Í kjölfarið ákváðu þær Bergrún og Guðný að drífa sig á frumkvöðlanámskeið sem Imprá hélt á Austurlandi það vormisserið en á námskeiðinu var farið í helstu þætti er lúta að stofnun og rekstri fyrirtækja. Námskeiðið segja þær að hafi nýst þeim vel til að komast af stað með hugmyndina og hjólin fóru að snúast. Strax um sumarið var farið út að afla hráefnis, tína ber, sveppi og ná rabarbara í hús.

„Við stofnuðum fyrirtækið síðar á árinu 2009, fundum hentugt húsnæði fyrir framleiðsluna og byrjuðum á því að safna birkisafa og prófa okkur áfram með birkisírópsgerð auk þess sem við nýttum okkur



Holt og heiðar er matvælavinnslufyrirtæki með starfsstöð sína í kjallara undir höfuðstöðvum Skógræktar ríkisins í Hallormsstaðaskógi. Hér eru þær Bergrún og Guðný sem eiga og reka fyrirtækið ásamt eiginmanni þeirrar síðarnefndu, Þórólfi Sigjónssyni. Myndir / MÞÞ

líka rabarbara. Fyrstu vörurnar voru komnar á markað í júlí árið 2010 og síðan þá höfum við þróað starfsemina og bætum ævinlega við einhverju nýju á hverju ári,“ segja þær.

Fjölskyldan hefur fengið að kenna á okkur

Töluvert þarf til af hráefni til framleiðslunnar og af ýmsu tagi, en þær hafa alla anga úti varðandi öflun þess. „Fjölskyldan hefur fengið að kenna á okkur og líklega eru börnin löngu búin að fá nóg, en þau hafa verið virkjuð á þeim vettvangi,“ segja Bergrún. Foreldrar hennar, Vernharður og Anna Birna, hafa um árin lagt drjúga hönd á plög og verið iðin við hráefnisöflun að sumar- og haustlagi. Einkum hafa þau sinnt upptöku rabarbara af krafti, en félagið fær hann m.a. úr nokkrum görðum á heimaslóð, Héraði. Úr rabarbara framleiða þær rabarbarasultu, með og án vanillu og einnig síróp.

Skógarbændur á Héraði leggja inn sveppi hjá félaginu, bæði lerki- og furusveppi, en þeir eru bæði þurrkaðir og heilfrystir og einnig blandaðir út í sölt.

Vantar tínslufólk

Þá nýta þær einnig birki úr Hallormsstaðaskógi, nota birki-safann í birkisíróp og birkilauf í te og sölt. Skógarberin; hrútaber, rífsber og sólber, eru notuð í sultugerð. „Við fáum sjálfbóðaliða frá SEEDS-samtökunum okkur til aðstoðar við berjatínslu, en það má eiginlega segja að tínslan sé veikasti hlekkurinn í okkar starfsemi. Það vantar tínslufólk hér fyrir austan, fólk sem er tilbúið að tína og leggja inn hjá okkur ber. Auðvitað gætum við framleitt mun meira ef við hefðum úr meira hráefni að spila,“ segir Guðný.

Smáframleiðendur frá A-Ö

Starfseminni hefur vaxið fiskur um



Chihiro Saitou sem kunni vel við sig í Hallormsstaðaskógi, en þar tíndi hún hrútaber fyrir Holt og heiðar á vegum SEEDS-sjálfbóðaliðasamtakanna.

hrygg og sem fyrr segir framleiðir félagið Holt og heiðar nú alls 12 vörutegundir. „Okkur hefur verið vel tekið, við fórum hægt af stað, byrjuðum rólega og ætluðum ekki að reisa okkur hurðarás um öxl. Viðtökur fóru strax fram úr björtustu vonum þannig að við höfum smám saman verið að bæta

við okkur, en auðvitað erum við smáframleiðendur frá A-Ö og bjóðum handunna vöru svo við erum alls ekki að keppa við þá stóru á þessum markaði. Neytendur verða sífellt meðvitaðri um uppruna og innihald þeirra matvæla sem þeir neyta þannig að það er ágætis rými fyrir okkar vöru á

markaðnum,“ segja þær. „Öll okkar framleiðsla er úr íslensku hráefni, við höfum að mestu fært okkur yfir í lífrænt vottaðan hrásykur og við notum ekki viðbætt hleypi- eða rotvarnarefni.“

Aðlögum starfsemina að árferði

Þær Bergrún og Guðný segja hráefnisöflun vegna framleiðslunnar háða veðri og vindum og vissulega geti skipst á skin og skúrir, það komi góð ár með ríkulegri uppskeru en einnig megi búast við verra árferði af og til og afraksturinn því rýrari. „Það veldur okkur ekki mikilli streitu þó eitt og eitt árið vanti eitthvert hráefni frá náttúrunnar hendi. Þannig var það til dæmis árið 2012 þegar sama sem engir sveppir uxu hér fyrir austan og við áttum af þeim sökum enga sveppi það árið. Nú í ár var afskaplega gott berjaár, hrútaberin eru sem dæmi mjög góð og vaxa út um allan skóg, þannig að við bjóðum upp á hrútaberjasultu í ár sem er nýjung hjá okkur. Það færir okkur tækifæri að vinna úr íslensku hráefni, en með því að vera meðvituð um að árferði er misjafnt frá ári til árs aðlögum við okkar starfsemi að því,“ segja þær.

Taka með sér matarminjagrip

Íslendingar sem og útlendir gestir sem sækja landið heim hafa tekið vörum frá Holti og heiðum vel. Samstarfskonurnar hafa sett saman gjafapakkningar sem slegið hafa í gegn sem matarminjagripir, en ferðamenn grípa gjarnan með sér slíka pakkningu á ferð sinni um landið og flytja með sér til síns heima. „Gamla góða rabarbarasultan með fjallagrösum hefur verið mjög vinsæl, en fólk hefur líka tekið nýjum framleiðsluvörum vel og þykir gaman að prófa eitthvað nýtt.“

Matar- og handverskmarkaður

Þær segjast vera nokkuð iðnar við að sækja markaði og kynna vörur sínar þar. Þannig hafi þær verið tíðir gestir á Handverkshátíð á Hrafnagili um árin, verið á matarmarkaði Búrsins í Hörpunni og þar verða þær stöllur í góðum gir um aðra helgi, dagana 15. og 16. nóvember næstkomandi.

Vörurnar eru einnig í verslunum vítt og breitt um landið. Eins hafa þær sótt jólamarkaði og verða í ár t.d. á Jólamarkaðnum á Ingólfstorgi og Jólatrésmarkaði Barra á Egilsstöðum.

/MPÞ

Landnýting og ferðapjónusta með hliðsjón af almannarétti

Bændasamtök Íslands, Félag ferðapjónustubænda og Landssamtök landeigenda halda málþing um landnýtingu og ferðapjónustu með hliðsjón af almannarétti þriðjudaginn 18. nóvember næstkomandi í Heklusal, Radisson Blu Hótel Sögu, 2. hæð, kl. 10–14. Málþingið er öllum opið og verða nánari upplýsingar um það gefnar á www.bondi.is

Undirbúningsnefndin



Bændasamtök Íslands,
Bændahöllinni við Hagatorg,
107 Reykjavík

Verklagsreglur vegna fjármuna til ullarnýtingar:

Minnst 84% til bænda og deilist hlutfallslega niður eftir gæðum

Þann 23. nóvember 2012 staðfesti atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðherra verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar.

Reglurnar voru birtar í Stjórnartíðindum sama dag. Fimmtudaginn 11. september 2014 var auglýst eftir umsóknum um stuðning til söfnunar ullar í Bændablaðinu og í Morgunblaðinu 27. september 2014. Umsóknarfrestur rann út þann 25. september 2014 og aðeins barst ein umsókn. Sá umsækjandi, ÍSTEX hf., er reiðubúinn til þess að uppfylla öll skilyrði samkvæmt 3. og 4. gr. verklagsreglnanna.

Um fyrirkomulag um greiðslur til bænda segir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. verklagsreglnanna að fjármunum til ullarnýtingar skuli ráðstafað þannig að a.m.k. 84% skulu greiddast til bænda og skal fjárhæðinni deilt niður hlutfallslega eftir gæðum á hvert kíló hreinnar ullar miðað við alla innlagða ull á tímabilinu 1. nóvember–31. október samkvæmt verðskrá sem Bændasamtök Íslands útbúa. Svo er einingaverð fyrir alla flokka lækkað niður í 80% og fyrirframgreiðslur verða greiddar á því einingaverði. Uppgjör fyrir árið verður síðan framkvæmt í nóvember 2015.

Þá segir í 1. mgr. 6. gr. að Bændasamtökin skulu fyrir 1. mars ár hvert ljúka uppgjöri gagnvart seljendum ullar.

Stjórn Bændasamtaka Íslands fjallaði þriðjudaginn 14. október síðastliðinn um svofellda tillögu að verðskrá og fyrirkomulagi vegna

Verðskrá fyrir ull			
Nr	Gæðaflokkur	Áætlað verð	Stuðlar
10	H- Lamb	616	1,40
11	H-1 Flokkur	594	1,35
12	H-2 Flokkur	462	1,05
13	H-2 Lamb (lítið gölluð)	594	1,35
14	M-Svart	484	1,10
15	M-Grátt	484	1,10
16	M-Mórautt	484	1,10
22	M-2 Flokkur	132	0,30
23	M-3 Flokkur		
24	Úrkast		
26	Greitt f. Flokkun		

Innvigtunararmánuður	Greiðsludagur
Nóvember - desember	1. febrúar 2015
Janúar	1. mars 2015
Febrúar	1. apríl 2015
Mars	1. maí 2015
Apríl	1. júní 2015
Maí - júlí	1. september 2015
Ágúst - september	20. nóvember 2015

greiðslna til bænda, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 2 gr. verklagsreglnanna. Fjárhæðir eru áætlaðar og birtar með fyrirvara um breytingar á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2015.

Um ráðstöfun fjár vegna ullarnýtingar gilda áðurnefndar verklagsreglur Bænda-

samtaka Íslands nr. 993/2012. Verklagsreglurnar eru aðgengilegar á bondi.is og á vef Stjórnartíðinda. Nánari upplýsingar gefur Guðrún S. Sigurjónsdóttir hjá Bændasamtökum Íslands á netfangið gss@bondi.is og í síma 563-0300.

Ráðstefnan Hrossarækt 2014

fer fram í Súlnasal Hótel Sögu laugardaginn 8. nóv. nk.



Dagskrá:

- 13:00 Setning – Sveinn Steinarsson, formaður fagráðs og FHB
- 13:10 Hrossaræktarárið 2014 – Niðurstöður kynbótamats
- 13:30 Heiðursverðlaunahryssur með afkvæmum 2014
- 14:00 Verðlaunaveitingar:
 - Hæsta aðaleinkunn ársins (aldursleiðrétt)
 - Verðlaun, knapi með hæstu hæfileikaeinkunn ársins (án áverka)
 - Verðlaun, hæsta litförótta hryssa ársins
- 14:25 Erindi um tannheilbrigði hrossa – Sonja Línal Þórisdóttir dýralæknir
- 14:50 Erindi um niðurstöður hófarannsóknar – Sigurður Torfi Sigurðsson járngameistari
- 15:15 Tilnefningar og verðlaun fyrir ræktunarmann/ menn ársins 2014
- 15:30 Kaffihlé
- 15:45 Umræður

Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir!

Fagráð í hrossarækt



Þorsteinn Ólafsson dýralæknir og Sveinbjörn Eyjólfsson, forstöðumaður Nautastöðvarinnar að Hesti í Borgarfirði.

Mynd / VH

Nautastöðin að Hesti í Borgarfirði:

Kynbætur á íslenska kúakyninu ganga vel

Nautastöð Bændasamtaka Íslands að Hesti í Borgarfirði er hluti af ræktunarkerfinu og kynbótastarfi íslensku kýrinnar. Bændablaðið heimsótti stöðina fyrir skömmu og fræddist um starfsemina af Sveinbirni Eyjólfssyni forstöðumanni og Þorsteini Ólafssyni stöðvadyralækni.

Bændasamtök Íslands og RML halda úti umfangsmiklu skýrsluhaldi um íslensku kúna. Í þessum skýrslum er að finna upplýsingar um afurðir og allt hvað eina sem verið er að skoða í tengslum við kynbótastarfið. RML sér um að safna saman og halda utan um þessar upplýsingar og út frá þeim er svo unnið kynbótamat fyrir hvern einstakling og stofninn í heild. Í framhaldi af því er fundið út hverjar eru bestu kýrnar og bestu nautin og bændur hvattir til að framrækta þá gripi. Í ræktuninni er eingöngu kynbætt fyrir mjólkurframleiðslu en ekki auknu kjötmagni.

6.600 sæðisskammtar úr hverju nauti

Sveinbjörn segir að Nautastöðin kaupi í kringum 70 nautkálfa á ári sem eru aldir upp á Hesti. „Kálfunum fækkar síðan eftir því sem kostir þeirra og gallar fara að koma í ljós. Í lokin eru um 25 kálfar úr hverjum árgangi eftir sem ungnaut og nýttir til sæðistöku.“

Úr hverju nauti eru teknir 6.600 sæðisskammtar og 900 eru notaðir strax en restin er geymd þar til komnar eru nægjanlegar upplýsingar um kvígur undan þeim. Þær upplýsingar eru svo notaðar til að raða nautunum í kynbótamatinu og þá standa tvö til fjögur bestu nautin eftir sem nautsfeður og önnur tvö til fimm sem kýrfeður en öðru sæði er fargað.“

Munurinn á nauts- og kýrfeðrum í þessu tilfelli er sá að bestu tuddarnir eru kallaðir nautsfeður. Reynslan sýnir að þeir eru líklegastir til að kynbæta stofninn verulega og þess vegna eru keyptir nautkálfar undan þeim. Um leið eru þeir líka bestu kýrfeðurnir. Kýrfeður eru aftur á móti naut sem líkleg eru til að flytja



Sveinbjörn Eyjólfsson og Klara Sveinbjörnsdóttir undirbúa sæðistöku.



Það getur greinilega verið skrautlegt kynlífið hjá nautunum á Hesti og eins gott hjá Sveinbirni að hafa þá hraðar hendur við sæðistöku.

Gríðarlegur árangur hefur náðst í að auka nýtt íslensku kýrinnar frá því að skipulagt kynbótastarfi í þeim tilgangi hófst. Í dag er meðalnyt íslenskra kúa um 5.750 lítrar á ári og hátt í 8.000 lítrar á þeim búum þar sem kýrnar mjólka mest, en var milli 3.000 og 4.000 lítrar fyrir 30 árum.

æskileg erfðaeftir milli kynslóða mjólkurkúa en ekki nægjanlega mikið til að vera nautsfeður.

Próteininnihald vegur 44% af kynbótamatinu

Kynbætur eru flókið starf og gríðarlega margir þættir sem spila inn í þegar kemur að því að flytja erfðaeftir milli kynslóða. Sveinbjörn segir að í dag sé verið að kynbæta fyrir mörgum eiginleikum og að sumir þeirra séu afurðatengdir en aðrir ekki.

„Afurðir eins og prótein í mjólk, bæði prósent og magn, vega 44% af heildareinkunninni. Allir aðrir þættir vega átta prósent en þeir eru ending, frjósemi, frumutala í mjólk, júgur, spenar, skap og mjaltir. Bændur gefa einkunn fyrir skap og mjaltir en annað er unnið upp úr skýrsluhaldinu.“

Geðþrýði og mjaltir

Þorsteinn segir að einkunn fyrir mjaltir sé breytileg eftir því hvort kýrnar séu fast-, laus- eða mismjólka.

„Á bæjum þar sem er verið að nota eldri gerðir af mjaltavélum vilja bændur að kýrnar mjólkist jafnt og getur því einkunnagjöfin fyrir mjaltir verið breytileg eftir tækjabúnaðinum á hverjum stað. Með skapi er aftur á móti átt við hvernig kýrnar eru í umgengni.“

Meðalnyt kúa 6.000 lítrar á ári

Gríðarlegur árangur hefur náðst í að auka nýtt íslensku kýrinnar frá því

að skipulagt kynbótastarf í þeim tilgangi hófst. Í dag er meðalnyt íslenskra kúa um 5.750 lítrar á ári og hátt í 8.000 lítrar á þeim búum þar sem kýrnar mjólka mest, en var milli 3.000 og 4.000 lítrar fyrir 30 árum.

„Annar þáttur sem ræður mjög miklu um gæði kynbótastarfsins er hversu mikið magn hvítra blóðkorna mælist á hverjum millilítra af mjólk. Magn hvítu blóðkornanna er mælikvarði á júgurheilbrigði gripanna og við viljum að magnið sé sem lægst. Kýr sem fær júgurbólgu rýkur til dæmis upp í talningunni,“ segir Þorsteinn, „og sumar ná sér aldrei alveg aftur.“

Sveinbjörn segist muna þá tíð þegar keppikeflið var að ná þessari tölu niður fyrir milljón. „Í dag eru mörkin 400 þúsund en gæðamjólk verður að vera undir 200 þúsund.“

Til séu kýr sem hafi mjólkað yfir hundrað þúsund lítrum á tíu mjaltaskeiðum en að slíkt sé sjaldgæft en að meðaltali eignast íslenskar kýr ekki nema tvo til þrjá kálfa.

Talsverð notkun heimanauta

Sveinbjörn segir að tölfraeðin sýni að árangur kynbótastarfsins sé mikill en að því miður sé enn talsvert um að bændur noti heimanaut til undaneldis og það tefji fyrir kynbótastarfinu.

„Kýr á Íslandi eru 20 til 25 þúsund og 7 þúsund kvígur og miðað við þann stofn gengur starfið mjög vel en auðvita hægar en þar sem menn eru að vinna með stofna sem telja hundruð þúsunda eða milljónir gripa.

Við sendum út milli 45 og 50 þúsund sæðisskammt til bænda á ári en tökum milli 140 til 200 þúsund skammta og stórhloti þeirra fer í geymslu og er að lokum fargað.“

Viða erlendis í stórum stofnum eru ekki nema 35 til 40 virkir kynbótagripir sem standa að baki kynbótastarfinu og skyldleiki víða jafnmikill og jafnvel meiri í stærstu kúastofnum erlendis en innan íslenska kúastofnsins.

Saga sæðingastöðva og skyldleikarækt

Nautastöð BÍ hefur verið starfandi frá 1969 þegar hún tók við hlutverki Búfjárræktarstöðvar Vesturlands sem var á Hvanneyri. Þorsteinn segir að fyrsta sæðingastöðin á Íslandi hafi verið í Eyjafirði og sett á stofn 1946.

„Í fyrstu var unnið með sæðið ferskt og um 1970 eru nokkrar sæðingastöðvar starfandi á landinu. Skömmu eftir það er farið að frysta sæðið hér á landi og í framhaldi af því fækkar stöðvunum og að lokum var bara ein stöð eftir á Hvanneyri. Árið 2009 tekur svo Nautastöðin á Hesti alfarið við þeirri starfsemi og í dag er starfrækt þar einangrunarstöð, kálfauppeldi og sæðistaka.“

Að öllu jöfnu eru 70 nautkálfar á Nautastöðinni en pláss er fyrir 90. Stíur fyrir sæðistökunaut eru 24. Sæðistaka er framkvæmd tvisvar í viku en hvert naut er einungis látið stökkva einu sinni í viku.

Starfmenn stöðvarinnar eru þrír en auk Sveinbjörns og Þorsteins starfar þar Ragnheiður Steinunn Hjörleifsdóttir fjósameistari.

Þorsteinn segir að í raun séu allir gripirnir á stöðinni ungnaut því að þeim sé lógað þegar búið er að taka úr þeim 6.600 sæðisskammta. Miðað við stærð kúastofnsins eru 6.600 skammtar hámark þess sem hægt er að nota til kynbóta án þess að skyldleikarækt innan stofnsins verði of mikil og hann verði of einsleitur.

„Viða erlendis í stórum stofnum eru ekki nema 35 til 40 virkir kynbótagripir sem standa að baki kynbótastarfinu,“ segir Sveinbjörn. Þorsteinn bætir við að skyldleiki sé víða jafnmikil og jafnvel meiri í stærstu kúastofnum erlendis en innan íslenska kúastofnsins.

Innra og ytra eftirlit

Þorsteinn hóf störf sem sem



Ragnheiður Steinunn Hjörleifsdóttir, fjósameistari Nautastöðvarinnar. Allir gripirnir á stöðinni eru ungnaut og er lógað þegar búið er að taka úr þeim 6.600 sæðisskammta.

Mynd / VH



Ragnheiður þarf að mörgu að hyggja á lager Nautastöðvarinnar.

Myndir / VH

Fjósameistarinn á Nautastöðinni:

Nautin misgeðgóð eins og mannfólkið

Ragnheiður Steinunn Hjörleifs-dóttir er fjósameistari á Nautastöðinni á Hesti og sér um fóðrun og daglega hirðingu gripanna.

„Ég hef unnið hér í fjögur ár og mér finnst starfið mjög skemmtilegt enda fyrrverandi bóndi í Norðurárdal en ég ólst upp á næsta bæ við Hest. Mér þykir afskaplega gaman að umgangast nautin því þau eru svo ólík innbyrðis. Sum eru einstaklega geðgóð en önnur geðstírðari alveg eins og mannfólkið.“

Aðspurð viðurkennir Ragnheiður að stundum geti vinnan verið líkamlega erfið en segir um leið að hún haldi sér í þjálfun. „Auk dýrahaldsins sé ég um að setja köfnunarefni á frystikútana þar sem sæðið er geymt og útsendingar á því.

Skemmtilegast finnst mér þó þegar ég fer og sæki nýja kálfa og kynnist þannig fólki á bæjum um allt land auk þess sem er gaman að fylgjast með því hvernig viðkomandi kálfur kemur til með að standa sig.“

/VH



Mynd / VH

Að öllu jöfnu eru 70 nautkálfar á Nautastöðinni en pláss er fyrir 90. Stíur fyrir sæðistökunaut eru 24.



Í fyrstu var unnið með sæðið ferskt og um 1970 voru nokkrar sæðingastöðvar starfandi á landinu. Skömmu eftir það er farið að frysta sæðið hér á landi.



Sæðið er geymt í frystibrúsum og sendir eru út milli 45 og 50 þúsund sæðisskammtar til bænda á ári.

dýralæknir stöðvarinnar í sumar. „Auk þess að fylgjast með heilbrigði

dýranna á stöðinni er mitt hlutverk að vera ráðgjafi varðandi starfsemi hennar. Hér er átt við meðhöndlun og mat sæðisins. Ég er einnig að skoða mögulegt þróunarstarf, fylgjast með nýjungum og hvort við séum að nota bestu og hentugustu aðferðirnar sem völ er á í okkar starfi. Í dag erum við að nota talsvert fleiri sæðisfrumur við hverja sæðingu en kollegar okkar erlendis. Spurningin er því hvort okkur sé óhætt að minnka skammtinn og um leið fækka sæðistökum á stöðinni. Ég er einnig að skoða hvort við séum að nota bestu stráin og getum notað minni til sæðinganna. Þessi atriði tengjast öll gæðum starfseminnar

Ég er líka að skoða frjósemi kúabúa um allt land út frá skýrsluhaldi Bændasamtakanna og finna hvort og hvar séu brotalamir sem hægt er að lagfæra.“

Að sögn Þorsteins er mannlegi þátturinn í kynbótastarfinu oft meiri en menn gera sér grein fyrir. „Dæmi um það er hvenær bændur sæða kýrnar því það segir sig sjálft að kýr sem ekki er sædd eða haldið ber ekki kálfi. Því miður sýnist mér vera talsvert um að bændur séu ekki að sæða kýrnar sínar á réttum tímum og að það dragist of lengi eftir burð. Einnig sýnist mér oft dragast að sæða kýr aftur sem ekki halda. Ég tel að þetta stafi af því að bændum yfirsjáist beiðslin eða þekkja ekki einkenni þeirra. Ég hef einnig verið að skoða vinnubrögð frjótækna

Sveinbjörn segir að tölfraeðin sýni að árangur kynbótastarfsins sé mikill en að því miður sé enn talsvert um að bændur noti heimanaut til undaneldis og það tefji fyrir kynbótastarfinu.

og hvað þeir eru að gera vel og hvað má betur fara hjá þeim auk þess sem ég held námskeið fyrir verðandi sæðingamenn.“

Landssamband kúabænda hefur áhuga á að kaupa Nautastöðina

Viðræður eru í gangi um að Landssamband kúabænda kaupi Nautastöðina af BÍ og að greinin verði þannig sjálf ábyrg fyrir kynbótastarfinu. Sveinbjörn segir að í sínum huga fælu kaupin ekki í sér breytingar. Eignarhaldið flyttist aðeins til milli bænda en allt er þetta öndvegisfólk sem er gott að vinna með. Engar stökkbreytingar yrðu heldur á ræktunarferlinu eða kynbótastarfinu enda er því stjórnað af fagráði þar sem LK á fulltrúa og hefur átt lengi.

„Kostnaður við rekstur Nautastöðvarinnar er í kringum 85 milljónir á ári og rekstrarniðurstaða verið í kringum núllið undanfarin ár. Stöðin er samvinnurekstur í eigu allra bænda á landinu í gegnum BÍ. Verðlagning sæðisins er ákveðið á búnaðarþingi í samræmi við áætlun um rekstrarkostnað stöðvarinnar. Auk þess sem við seljum gripi til slátrunar og smáræði af vörum í

smásölu til frjótækna sem þeir nota við sæðingarnar.“

Alltaf að læra

Sveinbjörn segir að rekstur Nautastöðvarinnar sé alltaf að breytast með aukinni þekkingu og reynslu. „Í eina tíð voru allir gripir bundnir á bás en hér eru þeir alltaf lausir í rúmgóðum stíum. Ég tel reyndar að það væri skynsamlegt fyrir okkur að minnka þær og fjölga þeim þannig. Eins og staðan er í dag þurfum við stundum að setja minni kálfa í stíur með þeim stærri og þá getur komið til árekstra á meðan þeir eru að læra hvar þeir standa í goggunarröðinni. Það hefur líka verið erfiðara á þessari stöð en þeirri gömlu að fá nautin til að stökkva eða vinna með okkur við sæðistökuna en það hefur þó verið að lagast og ekki annað að sjá en að dýrunum líði vel hér og það er lítið um sjúkdóma og meiðsl.

Við þurfum fljótlega að fara að endurnýja elstu tækin sem eru orðin hátt í fimmtíu ára gömlu,“ segir Sveinbjörn Eyjólfsson, forstöðumaður Nautastöðvarinnar að Hesti í Borgarfirði, að lokum.

/VH

Héraðssýning hrúta á Snæfellsnesi haustið 2014:

Glæsileg sýning með úrvali lambhrúta af svæðinu

Snæfellingar eru forystumenn hér á landi í samsýningum úrvalshrúta á héraðavísu. Þeir héldu haustið 1954 fyrstu héraðssýningu á fullorðnum hrútum hér á landi.

Slíkar sýningar voru síðan haldnar á mjög mörgum stöðum um allt land þar til sýningar á fullorðnum hrútum lögðust af undir lok síðustu aldar. Það eru síðan Snæfellingar sem endurvekja þetta sýningarform í byrjun þessarar aldar þar sem sýnt er úrval lambhrúta á svæðinu. Þar var Eiríkur Helgason í Stykkishólmi í forystu fyrir vösku liði héraðsbúa. Þessar sýningar hafa síðan verið haldnar árlega með glæsibrag og önnur héruð fetað í fótspor Snæfellinga síðar.

Tvískipta þurfti sýningunni

Haustið 2014 var enn blásið til sýninga. Vegna skiptinga svæðisins í tvö varnarhólf þurfti eins og alltaf áður að tvískipta sýningunni. Föstudagskvöldið 17. október komu fjárræktarmenn austan girðingar saman með sína glæsigrípi í Haukatungu syðri 2. Þar voru mættir samtals 13 lambhrútar.

Daginn eftir komu síðan topparnir vestan girðingar saman á Hofsstöðum og voru það samtals 28 hrútlömb sem þangað komu. Alls voru það því 41 hrútur sem mætti á héraðssýninguna. Dómarar voru Eyjólfur Ingvi Bjarnason og sá sem pistil þennan ritar. Þátttakan í sýningunni var heldur minni en oftast áður.

Sterkustu ræktunarbúin voru þarna mætt með sína einstaklinga en því miður var almenn þátttaka ekki jafn mikil og oftast áður. Hrútaþópurinn var frábær og þannig að öllum líkindum sá jafnbesti sem á slíka sýningu hefur mætt á svæðinu. Sá árangur er ekki jafn sætur og vert væri þegar hann skýrist að hluta af minni þátttöku.

Full ástæða er til að hvetja hinn almenna sauðfjárræktanda á svæðinu til virkrar þátttöku í þessu starfi og sérstaklega þurfa sauðfjáreigendur austan girðingar að vera virkari. Þessi sýning hefur skapað sér virðingu, það sýnir verulegur fjöldi utanhéraðsmanna sem sækir sýninguna. Ég ráðlegg eindregið sauðfjárræktarmönnum á Snæfellsnesi að halda fána sýningarinnar vel á lofti á komandi árum.

Bestu ærnar verðlaunaðar

Áður en greint var frá dómum



Í efsta sæti lambanna á sýningunni var lamb númer 22. Það eiga þau Ásbjörn Pálsson og Helga Jóhannesdóttir í Syðri-Haukatungu II og hlutu þau fyrir það hinn glæsilega verðlaunaskjöld sem verið hefur í umferð á héraðssýningunum allt frá árinu 1954. Hér heldur Arnar Ásbjörnsson á skildinum sem þau munu varðveita til næstu sýningar.

Mynd / Herdis Leifsdóttir Mávahlíð.

hrútanna voru bestu ær í skýrsluhaldi í héraðinu verðlaunaðar. Þar skipaði efsta sætið ær 09-944 á Heggstöðum í Hnappadal, en það er samanburður kynbótamats sem ræður hér úrslitum. Verðlaunaðar eru hverju sinni ærnar sem þá fylla upplýsingagrunn sinn vegna kynbótamatsins. Í ár eru það ærnar fæddar 2009.

Ærin sem skipar toppsætið er svört að lit. Hún var þrílembd strax gemlingsárið og ætið síðan og hefur skilað vænum lömbum. Hún er dóttir Mókolls 03-978, en dætur hans hafa reynst fádæma afurðar um allt land. Móðurfaðir er Sómi 02-972 og er hún því nokkuð skyldleikaræktadur afkomandi Kosti 98-895 en hann var einhver allra besta ærfaðir sem til notkunar hefur komið á sæðingastöðvunum.

Lamb 560 eft í hópí hvítu hrúta

Í hópí kollóttu hvítu hrútanna mættu 9 einstaklingar. Þetta voru jafnbettri kollóttir hrútar en áður en full fáir.



Efsti kollótti hrúturinn.



Vinningshafar í hvítu, hyrndu og mynd af mislita hrútum frá Hraunhálsi sem var í öðru sæti.

Þar skipaði efsta sætið lamb 560 á Hjarðarfelli. Þetta lamb er á allan hátt mjög vel gert með mikla bolbreidd



Flottir félagar. Gunnar Kristjánsson, Fáskrúðabakka og Óttar Sveinbjörnsson, Kjalvegi á Hellissandi, létu sig ekki vanta á sýninguna.

Mynd / HL



Vinningshafar í kollóttu flokknum, Guðbjartur Gunnarsson og Harpa Jónsdóttir á Hjarðarfelli.

Mynd / Iðunn Svansdóttir



Á héraðssýning lambhrúta var 41 hrútur í heildina, 13 austan girðingar og 28 vestan girðingar. Þar af voru 26 synir sæðingahrúta.

Mynd / Iðunn Svansdóttir



Hér bera þeir saman bækur sínar, ráðunautarnir Jón Viðar Jónmundsson og Eyjólfur Ingvi Bjarnason.

Mynd / Iðunn Svansdóttir

og holdfylling prýðileg. Auk þess var þetta ákaflega þrúð kind á velli, hreinhvítur og lagðsíður. Þessi hrútur er úr sæðingum undan Baugi 10-889 en móðurfaðir lambsins er Bóas 05-724.

Í öðru sæti var lamb 140 frá Hraunhálsi. Hér er á ferðinni feikilega harðholda og þéttholda lamb með prýðisgóða gerð og mjög vel proskað. Hins vegar var þetta eitt örfár kollóttu lambanna sem

ekki var hreinhvítt. Þessi kappi er einnig úr sæðingum sonur Kropps 10-890 og í móðurætt hans að finna fjölmarga þekktu kollóttu stöðvarhrúta.

Þriðja sætið hreppti síðan lamb 589 á Hjarðarfelli. Þetta var ákaflega vel gert lamb með góðan vænleika og vel vöðvafyllt. Þessi hrútur er eins og hinir úr sæðingum undan Snarfara 09-860 en móðurfaðir hans Magni 06-730 á Hjarðarfelli,



Vinningshafar í flokki hyrndra, hvítu hrúta. Talið frá vinstri: Heiða Helgadóttir frá Gaul, sem lenti í þriðja sæti, Gísli Örn Matthíasson á Álftavatni lenti í öðru sæti og Arnar Ásbjörnsson í Syðri-Haukadal lenti í þriðja sæti.

Mynd / HL

er þekktastur kollóttra kynbótahrúta þar á svæðinu á síðasta áratug.

Mesti fjöldinn var í flokki hvítra, hyrndra hrúta

Langflestir sýndir hrútar voru í hópi hvítu, hyrndu hrútanna eða 25 hrútar samtals. Fyrsta sætið þar skipaði lamb 22 í Syðri-Haukatungu II. Þetta var þroskamikið og mjög föngulegt lamb. Skrokkurinn er allur sivalur og gríðarlega vel vöðvafylltur, sérstaklega voru lærahold ákaflega mikil. Þessi glæsigrípur er úr sæðingum undan Garra 11-908 en móðurföðurfaðir lambsins er Kveikur 05-965.

Í öðru sæti var lamb 166 á Álftavatni. Hér er einnig feikilega vel gert lamb með gríðarlega góða holdfyllingu og hörð hold. Þessi hrútur hafði það líka til síns ágætis að vera ullarmikill og hreinhvítur. Hrúturinn er undan Putta 11-324, en það er hrútur undan Hrífloni 07-837 sem Gísli átti en nú er kominn til notkunar á sæðingastöð í vetur, en móðurföðurfaðir lambsins er Þrjónn 07-812.

Í þriðja sæti var lamb 316 í Gaul. Þetta var ákaflega holdfastur hrútur með feikilega þykkan og öflugan bakvöðva og öll gerð gallalaus nema örlítið um gul hár í ull. Þessi hrútur er sonur Snáks 11-525 sem sjálfur stóð sem lamb í einu af efstu sætum hliðstæðrar sýningar það ár. Það vekur athygli að allir þessir þrír topphrútar meðal hvítu, hyrndu hrútanna eiga Hríflon 07-837 að föðurföður.

Mislitu lömbin góð að allri gerð

Flokkur mislitu lambanna taldi að þessu sinni aðeins sjö lömb en flest þeirra voru að sama skapi góð að allri gerð. Þar stóð efstur lamb 35 í Syðri-Haukatungu II. Hrútur þessi var svartbotnóttur að lit og hyrndur. Lamb þetta er klettþungt miðað við stærð, prýðisvel gert með frábæra holdfyllingu í afturhluta, einkum var lærvöðvinn sérlega vel lagaður. Þessi eðalsteinn er sonur Salamons 10-906 en móðurfaðir hans Bikar 10-515 kom frá Hesti.

Í öðru sæti kom síðan lamb 148 á Hraunhálsi. Hrútur þessi er svartur og smáhnýflóttur. Hrúturinn er ákaflega vænn og útlögumikill með gríðarlega mikla og góða vöðvafyllingu á öllum verðmestu hlutum skrokksins. Þetta er ákaflega tilkomumikið lamb. Bein föðurlína hans er skipuð hrútum úr hverjum árgangi en föðurföðurfaðir hans vakti verðskuldaða athygli haustið 2011 sem besta mislita lambið á sýningunni það árið.

Þriðja sætið skipaði síðan lamb 75 í Syðri-Haukatungu II. Þetta er grátt lamb og hyrnt. Hrúturinn er feikilega vel þroskaður, breiðvaxinn, mjög vel gerður og með mikla vöðvafyllingu. Faðir þessa hrúts er Gráni 13-542, sem er sonarsonur Sokka 07-835 en móðurföðurfaðir lambsins er Mímir 04-951 auk þess sem Bikar 10-515 sem áður er nefndur stendur að baki.

Efsta sæti lambanna á sýningunni dæmdist lambi 22 í Syðri-Haukatungu II. Þau Ásbjörn Pálsson og Helga Jóhannesdóttir munu þess vegna varðveita til næstu sýningar hinn glæsilega verðlaunaskjöld sem verið hefur í umferð á héraðssýningunum allt frá árinu 1954.

Vel sótt sýning

Sýningin var prýðisvel sótt af sýningargestum þó að fjöldi sýningargripa hefði mátt vera meiri eins og áður er rætt. Þar munu Snæfellingar gera bragarbót á strax á næsta ári. Að sýningunni var staðið mjög vel af hálfu sýningarhaldara og fór hún á allan hátt vel fram.


Áhrif sæðinganna á hrútakost sem sýndur var eru mjög mikil. Af sýndum lömbum voru 26 þeirra tilkomin við sæðingu. Garri 11-908 átti flesta syni eða fjóra en þeir Baugur 10-889 og Salamon 10-906 áttu hvor um sig þrjá syni. Þá vakti athygli mína þegar móðurætt sýningalambanna er skoðuð hve gríðarlega mörg hyrndu lambanna röktu ættir til Kveiks 05-965 á móðurhliðina (auk þeirra sem voru afkomendur hans í föðurlínu). /JVJ

Dýrmundur og málið með veginn

Dýrmundur Dýrmundsson er þrasgjarn uppgjafarbondi á mölinni sem varð að hætta búskap þegar vegagerðin hætti að halda veginum við og mjólkurbíllinn hætti að sækja nytina úr kúnum.

Ofangreint er umfjöllunarefni bókarinnar Dýrmundur og málið með veginn sem Jón Pálsson, guðfræðingur og viðskiptafræðingur, hefur sent frá sér.

Aðalpersóna bókarinnar, sem er afskaplega sérlandaður, lendir í pólitískri sálarkreppu eftir að flokkurinn sveik hann að hans mati og hann varð að flytja á mölina. Hann er ómyrkur í máli og lætur gamminn óspart geisa um sveitunga sína og stjórnvöld en er um leið sérdeilis sjálfhverfur og stoltur af ætterni sínu og uppruna. /VH



Bændablaðið
Kemur næst út
20.
NÓVEMBER

Bætiefni efla bústofn

Fjölbreytt vöruúrval fyrir mjólkurkýr



HiMag fata



Hin sívinsæla bætiefnafata fyrir kýr og kindur.

Geldstöðufata



Bætiefnafata sem er sérstaklega löguð að þörfum mjólkurkúa á geldstöðu.

Rautt Tranol



Fljótandi A-, D-, og E-vítamín og selengjafi.

Allium hvítlauksolía



Inniheldur styrkjandi hvítlauksextrakt sem getur haft jákvæð áhrif á júgurheilbrigði.

Pro-Keto



Vítamínbættur og lystugur orkugjafi fyrir kýr, einkum í kringum burð.

Lífland, Brúarvogi 1-3
Sími 540 1100
lifland@lifland.is

Lynghálsi, Reykjavík
Sími 540 1125
www.lifland.is

Lónsbakka, Akureyri
Sími 540 1150

Efstubraut, Blönduósi
Sími 540 1155





Lokaæfingin og prófun á Massey Ferguson 5610 fyrir Suðurlandsleiðangurinn fór fram á Vatnajökli í september.

Mynd / Arctic Trucks.

Massey Ferguson dráttarvélur í leiðangri Sir Edmund Hillary árið 1958 voru fyrstu ökutækin sem fóru á Suðurlandinn:

Nú fer Massey Ferguson 5610 á pólinn með íslenskri aðstoð Arctic Trucks

- Ökumaðurinn er hollenska traktorskonan Manon Ossevoort sem æfði sig á Vatnajökli fyrir leiðangurinn á pólinn

Hinn 4. janúar 1958 kom fyrsta vélknúna ökutækið á Suðurlandinn, þetta voru þrír Massey Ferguson TE20s. Í þessum leiðangri, sem tók alls 82 daga, hafði byrjað 14. október 1957 á sérútbúnum MF dráttarvélum á beltum sem drógu sleða um 2.000 km leið með vistum og eldsneyti. Nú, 56 árum seinna, er verið að endurtaka akstur dráttarvélar á Suðurlandinn á nýjum Massey Ferguson, í leiðangri sem hófst 4. nóvember, en tveir Íslendingar eru í hópnum.

Í leiðangrinum 1958 var landkönnuðurinn og fjallagarpurinn Sir Edmund Hillary, sem fyrstur manna komst á Everest, hæsta fjall heims. Leiðin sem þá var ekin á pólinn var þá talin auðveldasta leiðin fyrir vélknúin tæki, en þrátt fyrir að á þessum tíma sé sumartími á Suðurlandi var mesti kuldi allt að -35 gráður og vindur fór upp í 50 metra á sek.



Massey Ferguson baðaður ljósum í tjaldbúðunum á Vatnajökli.

Mynd / Arctic Trucks.

Massey Ferguson frá Arctic Trucks


Nú 56 árum eftir ferð Sir Edmund Hillary og félaga er að byrja önnur ferð dráttarvélar á Suðurlandinn. Aftur er það Massey Ferguson sem varð fyrir valinu sem fararskjóttinn sem á að freista þess að ná á pólinn.

Vélin er nánast óbreytt M.F. 5610. Fjallað var um M.F. 5600 í Bændablaðinu 9. janúar 2014 en það er mjög svipuð vél. Vegna sérstakra aðstæðna á Suðurheimskautinu þurfti



Hollenska traktorstelpa og ökumaðurinn, Manon Ossevoort, á æfingunni í september.

Mynd / Arctic Trucks.



Massey Ferguson-dráttarvélnar þrjár í leiðangri Sir Edmund Hillary á Suðurlpólinn árið 1958.



Fyrir leiðangurinn 1958 voru Massey Ferguson-dráttarvélnar, sem þá voru allar gráar að lit, málaðar rauðar svo þær sæjast betur í snjónum.



Franski sérfræðingurinn frá Massey Ferguson að störfum í Arctic Trucks-verkstæðinu.

Mynd /HLJ



Ökumannssætið er með fjögurra punkta belti.

Mynd / HLJ



Sprunguvarnargrind og öflugt spil var sett á Massey Fergusoninn.

Mynd / HLJ

að breyta vélinni lítillega fyrir ferðina. Var Arctic Trucks fengið til að sjá um breytingarnar vegna mikillar þekkingar starfsmanna fyrirtækisins á ferðum á Suðurskautið.

Breytingarnar á vélinni eru: Nýtt sæti fyrir ökumann með fjögurra punkta öryggisbelti, auka loftdæla til að stjórna innan úr vélinni loftmagni í dekkjum, tvær olíumiðstöðvar, önnur til að hita upp alla vökva fyrir drif og vél, og hin til að hita upp ökumannshúsið. Breiðari dekk undir vélina koma frá Trelliborg dekkjaframleiðandanum (80 cm að aftan og 60 að framan).

Ökumaðurinn hollensk kona

Leiðin sem á að keyra í þessum leiðangri er heldur lengri en leiðin sem Hillary og félagar fóru, áætluð leið er um 2350 km löng. Ökumaðurinn nú er Manon Ossevoort frá Hollandi sem hefur ferðast um allan heim á dráttarvélum og oftast kölluð traktorsstelpa (Tractor Girl).

Um mánaðamót ágúst-september fór fram síðasta æfing og prufuakstur fyrir ferðina á Vatnajökli. Í þeirri ferð var Bachelet Nicolas, sérfræðingur frá Massey Ferguson, sem fór yfir vélina að loknum prufuakstrinum á verkstæði Arctic Trucks. Í stuttu spjalli við hann þar sem hann var spurður út í mestu áhyggjur fyrir ferðina varðandi vélbúnaðinn þá bjóst hann ekki við neinum bilunum. Það eina sem ekki væri vitað um væri hvernig nemar eða skynjarar myndu bregðast við og hvort þeir þoli þetta mikla frost sem er á Suðurlpólnum.

Tveir Íslendingar frá Arctic Trucks með í leiðangrinum

Jóhannes Guðmundsson og Arnór Ingólfsson, starfsmenn Arctic Trucks, fara með í leiðangurinn á Suðurlpólinn. Jóhannes var spurður út í undirbúning.

„Þetta hefur gengið vel, það var vikuprófun á jökli þar sem færið var misjafnt og gekk ágætlega, þeir frá Trelliborg dekkjaframleiðandanum voru ekkert ánægðir þegar við fórum að skera og rúnna endann af spyrnunum á dekkjunum til að þau krumpuðust betur í snjónum, en sennilega þarf samt að taka enn betur af dekkjunum,“ sagði Jóhannes.

Ekið á steinolíu

Dráttarvélin var send ásamt öllum þeim búnaði sem henni fylgdi til Suður-Afríku og þaðan ferjuð til Suðurskaotslandsins. Á vélina var settur sérstakur frostlögur sem þolir 70 gráðu frost, allur vökvi á drif og vél er sérstakur langtímavökvi sem á að þola mikið frost. Eldsneytið verður steinolía og er dráttarvélin með um 200 lítra tank aftan á vélinni sem auka eldsneytistank og á kerru sem dráttarvélin dregur verða fjórar 200 lítra tunnur með steinolíu. Gert

er ráð fyrir að dráttarvélin eyði nálægt 0,7 til 0,9 lítrum af steinolíu á hvern ekinn kílómetra.

Arnór Ingólfsson, hinn Íslendingurinn á vegum Arctic Trucks í ferðinni, sagði að alls fari í ferðina átta manns. Það er ökumaðurinn Manon frá Hollandi, einn Frakki frá Massey Ferguson, tvær konur frá Kanada, tveir breskir ljósmyndarar og Jóhannes og Arnór. Tveir 6x6 Hilux fylgdarbílar Arctic Trucks verða með í leiðangrinum og munu þeir flytja vistir og annan útbúnað. Leggja átti af stað frá Cape Town í Suður-Afríku 4. nóvember og er áætlaður aksturstími á pólinn 30 dagar.

/HLJ



Gosið í Holuhrauni byrjaði á sama tíma og lokaprófunin fór fram.

Mynd / Arctic Trucks.

Landbúnaðarháskóli Íslands

Endurmenntun Lbhí

Efling berjaræktar á Íslandi

Haustráðstefna Garðyrkjuskóla ríkisins

Í haust eru liðin 75 ár síðan Garðyrkjuskóli ríkisins hóf starfssemi sína á Reykjum í Ölfusi, að því tilefni efir Landbúnaðarháskóli Íslands til ráðstefnu. Megin þema ráðstefnunnar er efling berjaræktar á Íslandi, hvar liggja sóknarfærin og hvað ber að varast.

Fyrirlesarar: Áge Jørgensen sérfræðingur hjá Bioforsk í Særheim í Noregi, Jón Kr. Arnarson kennari við Lbhí, Úlfur Óskarsson lektor við Lbhí, Ólafur Sturla Njálsson garðyrkjufræðingur, Jón Þórir Guðmundsson garðyrkjufræðingur og Margrét S. Sigurbjörnsdóttir matartæknir við MK.

Tími: Fös. 14. nóvember, kl. 9:00-16:10 hjá Lbhí á Reykjum í Ölfusi.

Verð: 12.900 kr. (kaffi og léttur hádegisverður er innifalið í verðinu)

SKRÁÐU ÞIG NÚNA!

www.lbhi.is/namskeid - endurmenntun@lbhi.is - síma 433 5000

Gamli traktorinn



Eicher-dráttarvélar

– Enn framleiddar á Indlandi

Bræðurnir Joseph og Albert Eicher hófu framleiðslu á Eicher-dráttarvélum árið 1936 í litlu þorpi skammt frá München í Bæjaralandi í Þýskalandi.

Framleiðslan gekk vel og á næstu fimm árum framleiddu þeir ríflega eitt þúsund litla og fremur einfalda traktora með vélum frá Deutz.

Eftir lok heimsstyrjaldarinnar seinni hófu bræðurnir framleiðslu á eigin díselvélum í sínar dráttarvélar og seinna fyrir dráttarvélaframleiðandann Votan. Upp úr 1970 eignaðist kanadíski armur Massey-Ferguson stóran hlut í Eicher og var þá farið að nota Perkins-vélar í traktorana. Framleiðslan jókst jafnt og þétt og um 1990 var fjöldi Eicher-véla orðinn 120.000 og um 2.000 vélar framleiddar á ári.

Árið 1959 setti fyrirtækið upp verksmiðju á Indlandi þar sem vélarnar eru framleiddar



enn í dag. Vélar framleiddar fyrir Evrópumarkað eru aðallega litlir traktorar sem notaðir eru í vinnu og sérhannaðir til þess að passa milli raða af vínvíðarplöntum. /VH

Kvenfélögin þrjú í Flóahreppi með basar 8. nóvember

– Haldinn til styrktar göngudeild á HSu

Kvenfélögin þrjú í Flóahreppi, þ.e. kvenfélög Gaulverja-bæjar-, Hraungerðis- og Villingaholtshrepps tóku höndum saman fyrir rúmlega ári síðan og ákváðu að vinna sameiginlega að því að halda basar til styrktar góðu málefni. Þessi kvenfélög hafa unnið þó nokkuð saman en þó ekki að neinu svona viðamiklu verkefni.

Þessa dagana eru konurnar að leggja lokahönd á verkefnið, en það má með sannri segja að úrvalið af handverki er ótrúlega mikið, og verður gaman að sjá það allt

samankomið á einum stað. Einnig verða þær með kökubasar og kaffihúsastemningu, en ákveðið hefur verið að basarinn verði í Þingborg, laugardaginn 8. nóvember kl. 14–18. Allur ágóði af basarnum rennur til styrktar nýrri göngudeild sem verður opnuð um miðjan nóvember á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Ólafur Þórarinnsson (Labbi í Glóru) mun kynna nýja diskinn sinn, „Lítið ljós“, og Bókakaffið á Selfossi mun segja frá bókum sem koma út fyrir jólin. /MHH

45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT, KÖNNUNARTÍMI OKT-DES. 2013.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

SÍMI 563-0300 | BBL.IS



Konur fagna nýfengnum kosningarétti í Barnaskólaportinu í Reykjavík 2015.

Árið 2015 verða 100 ár frá því að konur fengu kosningarétt:

Viðburðir um allt land

Á næsta ári verða eitt hundrað ár liðin frá því að konur fengu kosningarétt á Íslandi og verður því fagnað með ýmsu móti og um allt land.

Ásta R. Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri nefndar um 100 ára afmæli kosningarréttar kvenna 2015, segir að mikið standi til í tilefni afmælisins og stefnt sé að því að virkja konur og karla um allt land vegna þess.

„Framkvæmdanefnd býður meðal annars styrki til verkefna sem tengjast afmælinu á næsta ári og er umsóknarfrestur vegna þeirra til 15. nóvember næstkomandi.“

Fjölbreytt dagskrá

Ásta segir að afmælisnefndin standi einnig fyrir fjölda viðburða í tilefni afmælisins. „Þjóðminjasafnið verður með sýningu í Bogasalnum sem kallast Íslenskar konur í 100 ár, 1915–2015 þar sem farið verður yfir grunnsýningu safnsins með kynjagleraugum. Listasafn Íslands mun setja upp tvær stórsýningar. Önnur kallast Áhrifakonur í íslenskri myndlist en hin er yfirlitssýning á verkum Nínu Tryggvadóttur. Einnig mun Listasafnið halda málþing um stöðu kvenna í listum á árinu.

Auk þess verða ljósmyndasöfn tímaritsins Veru og baráttukonunnar Vilborgar Harðardóttur blaðamanns skráð og gerð aðgengileg. Landsbókasafn – Háskóla-bókasafn verður með sýningu sem nefnist Saga kosningaréttar í máli og myndum.“

Haldið verður málþing um kosningarétt og lýðræði, opnað vefsetur með aðgengi að upplýsingum og efni um kosningarétt kvenna, sögu hans og þróun og gefið verður út frímerki í tilefni afmælisins snemma á árinu. Einnig er stefnt að útgáfu ritverks sem er helgað 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna og kemur út 2020.

Hátíðarhöld verða á Austurvelli 19. júní og 11. júní mun Sinfóníuhljómsveit Íslands halda tónleika í Hörpu með konum í lykilhlutverkum og þar sem verk



Ásta R. Jóhannesdóttir.

kvenna eru á efnisskrá.“

Kvenfélögin funda

Að sögn Ástu eru sveitarfélögin á landinu að undirbúa viðburði sem verða kynntir síðar og hvert á sínum stað. „Kórar landsins æfa baráttusöngva og lög kvenna fyrir tónleika næsta árs. Skólar, – leikskólar, grunnskólar og framhaldsskólar – munu að öllum líkindum taka inn í námsefnið umfjöllun um kosningaréttinn og afmælið. Sérstakur vefur með verkefnum fyrir kennara verður opnaður í byrjun ársins.

Bóka- og byggðasöfn um allt land munu gera afmælinu mjög góð skil og hafa okkur verið að berast frá þeim mikið af fjölbreyttum hugmyndum.

Síðast en ekki síst má svo segja frá því að kvenfélög um allt land funda um þessar mundir um verkefni og viðburði sem þau munu efna til á næsta ári og það sama er að segja um jafnréttis- og kvennahreyfingar.“

Kosningaréttur kvenna – Söguágrip

Á vefsíðu afmælisnefndarinnar segir að konur hafi fengið kosningarétt til sveitarstjórna og safnaðarfunda árið 1882. Sá réttur

náði að vísu aðeins til ekkna og ógiftra kvenna sem ekki voru vinnukonur, en lögin voru mjög framfarasinuð og snemma á ferðinni miðað við öll nágrannalönd okkar. Kjörgengi fylgdi hins vegar ekki fyrr en árið 1902. Kosningarétt við prestskosningar fengu þessar sömu konur 1886. Árið 1908 fengu allar konur í Reykjavík og Hafnarfirði kosningarétt við bæjarstjórnarkosningar og árið 1910 fengu konur kosningarétt í bæjar- og sveitarstjórnakosningum um allt land.

Krafan um kosningarétt kvenna til Alþingis var sennilega fyrst orðuð opinberlega árið 1885 á þingmálafundi S-Þingeyinga. Hið íslenska kvenfélag sem stofnað var 1894 tók kosningarétt á stefnuskrána og safnaði 2.348 undirskriftum kvenna um allt land árið 1895 undir áskorun til Alþingis um að samþykkja kosningarétt kvenna. Þegar Kvenréttindafélag Íslands var stofnað 1907 varð krafan um kosningarétt kvenna mjög áberandi og hávær.

Á Alþingi voru kosningaréttur kvenna og kjörgengi oft til umræðu og þar heyrðust raddir sem mæltu gegn þessum rétti. Marga þingmenn óaði við því að auka kosningaréttinn mikið í einu til fólks sem hefði ekki náð jafn miklum þroska og þeir sem kosningarétt höfðu. Einn þingmannanna, Jón Jónsson á Hvanná, varaði beinlínis við því að konur fengju kosningarétt allar í einu: „En að sleppa þessum réttindum við þær strax og allt í einu yrði bylting í svip.“

Alþingi samþykkti haustið 1913 og staðfesti 1914 stjórnarskrárþreyingu sem fól í sér að konur og vinnumenn, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt til Alþingis. Aldurstakmarkið átti að minnka um eitt ár á ári þar til 25 ára takmarkinu yrði náð. Þannig fóru lögin til Kristjáns konungs X sem staðfesti þau með undirskrift sinni hinn 19. júní 1915. Aldursákvæðið var séríslenskt ákvæði; engin önnur þjóð í heiminum hefur haft viðlíka í kosningalögum. /VH

Vaxtarsamningur Austurlands:

Átta verkefni hlutu nær 10 milljónir í styrki

Haustúthlutun Vaxtarsamnings Austurlands fór fram á dögunum og var alls úthlutað 9,5 milljónum króna vegna 8 verkefna. Alls bárust umsóknir um styrki vegna 20 verkefna að upphæð tæplega 40 milljónir króna.

Vaxtarsamningur Austurlands er samningur milli Austurbrúar ses. og atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytis. Stefna hans er að styðja við uppbyggingu í anda náttúru og

sjálfbærni og er honum ætlað að styðja við þau verkefni sem falla undir markmið hans.

Meginhugmyndin að baki Vaxtarsamningsins er að ýta undir samstarf í svokölluðum klösum þar sem leitast er við að efla samvinnu fyrirtækja og stofnana á ákveðnum sviðum sem á einhvern hátt geta unnið saman og nýtt styrkleika hver annars.

Styrki hlutu að þessu sinni,

Ritsmiðja Austurlands að upphæð ein milljón króna, Afurðamiðstöð viðarafurða hlaut 1,2 milljónir króna og Sjóferðir Austurlands sömu upphæð. LungA skólinn fékk 2 milljónir króna í styrk úr samningunum og jafnháa upphæð hlaut félagið Starfsfolk.is. Félagið Austurvarp hlaut eina milljón króna, Jarðfræðitengd steinasýning í hjarta Breiðdalsvíkur fékk 800 þúsund og Grafit ehf. 300 þúsund krónur.

Mikil loftmengun frá gosinu í Holuhrauni

— Áriðandi að fólk fylgi tilmælum yfirvalda og bregðist rétt við

Mikil gasmengun frá eldgosinu í Holuhrauni var víða um land nú eftir helgina. Margir hafa áhyggjur af ástandinu, ekki síst er varðar fólk sem er með undirliggjandi sjúkdóma eða viðkvæmt í öndunarfærum. Þá hafa komið upp spurningar varðandi áhrif gasmengunar á búfenað og gróður.

Bændablaðið mun fylgjast með framgangi mála og gera þeim betur skil á næstunni. Þá verður reynt að veita fólki ráðleggingar varðandi viðbrögð við hættu af eldgosavá. Hér að neðan er tafla sem unnin er upp úr gögnum Landlæknisembættisins um hvernig beri að bregðast við gasmenguninni.

Niðurstöður rannsókna á grassýnum, sem Matvælastofnun tók á bæjum á Austurlandi í lok september, vegna mengunar frá eldgosinu í Holuhrauni, gefa til kynna að ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af brennisteini og flúori í gróðri í byggð, þótt meðaltal brennisteins, kalsíum, magnesíum og mangans hafi reynst töluvert hærra en í sýnum sem tekin voru sumarið 2013 á sömu bæjum.

Samráðshópur sem skipaður var af atvinnuvega- og nýsköpunar-ráðuneytinu eftir að eldgos hófst í Holuhrauni, skipulagði sýnatökur af grasi á átta bæjum í Fljótsdal, Fellum, Skriðdal, Breiðdal og Berufirði. Sýnin voru tekin dagana 29. og 30. september. Öll túnin höfðu verið slegin a.m.k. einu sinni um sumarið. Nokkuð hafði rignt dagana fyrir sýnatöku.

Starfsmaður Matvælastofnunar tók sýnin en þau voru undirbúin hjá Landbúnaðarháskóla Íslands en efnagreind hjá Nýsköpunarmiðstöð. Niðurstöður mælinganna voru bornar saman við greiningar á sýnum sem tekin voru sumarið 2013 á sömu túnnum á fimm af þessum átta bæjum, í tengslum við rannsókn sem Landbúnaðarháskólinn vinnur að.

Flest efnin eru hærri í þeim sýnum sem nú voru tekin en í viðmiðunarsýnunum og fjögur efnanna eru töluvert hærri, það eru brennisteinn, kalsíum, magnesíum

og mangan. Það kemur ekki á óvart að brennisteinn skuli vera hærri en hitt kemur meira á óvart. Ýmis steinefni eru oft hærri í grasi sem vex eftir slátt og gæti það skýrt eitthvað af þessum mun. Skýringin gæti einnig verið sú að sýnin voru tekin nokkru seinna en venjulega er slegið og aukningin gæti þá tengst vetrun grasanna og sólun.

Þótt gosið í Holuhrauni sé hraungos kemur mikið upp af finum rykögnum sem innihalda ýmis steinefni. Ef til vill eiga þessar rykagnir einhvern þátt í hærri gildum. Flúor í sýnunum er ekki hár en hann skolest fljótt úr ef rignir. Hafi hann hækkað á góstímanum hefur hann náð að hreinsast úr með rigningunni sem kom fyrir sýnatökuna. Gera má ráð fyrir að þessar niðurstöður megi yfirfæra á hagagróður í svipaðri fjarlægð frá eldstöðinni. Fleiri sýnatökur eru fyrirhugaðar þegar vorar.

Af þessum niðurstöðum má álykta að ekki sé ástæða til að hafa áhyggjur af brennisteini og flúori í gróðri eins og er, og nú styttest í að fé verði tekið á hús og hrossum gefið hey.

Matvælastofnun beinir eftirfarandi minnispunktum til dýraeigenda vegna eldgoss í Holuhrauni og hættu á eldgosi undir jökli.

Öskufall

- Tryggja öllum dýrum hreint drykkjarvatn, svo sem kostur er. Sjá til þess að skepnur á útigangi hafi aðgang að rennandi vatni eða færa þeim hreint vatn reglulega og koma í veg fyrir að þær drekki úr stöðnu vatni. Kanna ástand vatnsbóla og sjá til þess að yfirborðsvatn berist ekki í þau.

- Forða skepnum undan öskufalli, hýsa þær ef aðstæður eru fyrir hendi eða flytja annað.

- Takmarka beit á þeim svæðum þar sem öskufall er mikið, gefa lystugt fóður vel og oft, og

tryggja aðgang að selenríkum saltsteinum eða stömpum. Gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aska falli á fóðrið.

- Hafa daglegt eftirlit með öllum skepnum, sér í lagi lambfé og folaldshryssum. Hryssum og ám getur verið hætt við klumsi eða doða og ungviðinu við skorti á E-vítamíni og seleni.

- Breiða yfir fiskeldisker, þar sem því verður við komið og tryggja gott vatnsstreymi í kerin.

- Sama gildir um gæludýr og aðrar skepnur. Mikilvægast er að þau drekki ekki úr stöðnu vatni og best að halda þeim sem mest innandyra.
- Flóðahætta

- Meta aðstæður og ákveða hvort skepnum sé betur borgið innanhúss eða utan.

- Tryggja svo sem kostur er að skepnur á útigangi geti forðað sér undan flóði.

Slys eða sjúkdómar

- Hafa samband við dýralækni ef skepnur slasast eða verða veikar. Matvælastofnun reynir að tryggja að dýralæknar komist þangað sem nauðsyn krefur og hefur milligöngu um neyðarslátrun ef þannig ber undir.

Loftmengun

- Tryggja svo sem kostur er að skepnur gangi ekki á landi nálægt gosstöðvum þar sem hætta er á loftmengun. Koltvísýringur sest í lægðir og getur valdið köfnun.

- Forðast álag á skepnur þegar loftmengun er mikil, t.d. hlaup og streituvaldandi aðstæður. Brennisteinsdíoxíð veldur m.a. ertingu í öndunarfærum og augum.

Startup Energy Reykjavík:

Opið fyrir umsóknir til 11. nóvember 2014

— Sótt er um á www.startupenergyreykjavik.com

Viðskiptahraðallinn Startup Energy Reykjavík hefur göngu sína í annað sinn nú í vetur. Markmið Startup Energy Reykjavík er að styðja við sjö sprotafyrirtæki í orku- eða orkutengdum greinum og hjálpa þeim að komast eins langt og mögulegt er með sínar viðskiptahugmyndir á tíu vikum.

Hvað er viðskiptahraðall?

Viðskiptahraðall (e. business accelerator) er nýtt hugtak á Íslandi og aðeins eru tveir hraðlar starfandi. Fyrsti hraðallinn fór af stað sumarið 2012 en Startup Energy Reykjavík bættist í hópinn vorið 2014. Hlutverk viðskiptahraðla er að hraða ferlinu sem fyrirtæki fara í gegnum frá því að hugmynd fæðist og viðskipti taka að blómstra.

Fyrirtækin sjö sem fá inngöngu í hraðalinn fá 5 milljónir hvert gegn 10% eignarhlut sem Arion banki, Landsvirkjun, Nýsköpunarmiðstöð og GEORG eignast í sameiningu. Auk þess fá fyrirtækin sameiginlega vinnuaðstöðu og aðstoð fjölda mentora úr atvinnulífinu, háskólasamfélaginu og orkugeiranum. Hraðlinum lýkur með sérstökum fjárfestadegi 26. mars 2015 þar sem forsvarsmenn fyrirtækjanna kynna hugmyndir sínar fyrir fjárfestum í höfuðstöðvum Arion banka.

Tímalína hraðalsins:

11. nóvember 2014
– Umsóknarfrestur rennur út

14. janúar 2015
– Hraðallinn fer af stað

26. mars 2015
– Lokadagur hraðalsins, fjárfestaviðburður í Arion banka

Hvers konar verkefni?

Tekið er á móti umsóknum vegna verkefna í orku- eða orkutengdum iðnaði. Þau geta m.a. verið á sviði hugbúnaðar, véla og búnaðar, sérfræðiþjónustu, matvælaíðnaðar, landbúnaðar, samgangna, viðhaldsþjónustu, efnaiðnaðar eða virkjana svo dæmi séu tekin.

Verkefnin sem tóku þátt í fyrstu umferð Startup Energy Reykjavík vorið 2014 voru fjölbreytt og spennandi. Þau voru:

- BigEddy – Big Eddy framkvæmir hárnákvæmar vindaspár sem ætlað er að auðvelda val á staðsetningu vindmylla til raforkuframleiðslu.

- BMJ Energy - BMJ Energy gerir bændum og öðrum landeigendum kleift að virkja örmsmáa læki og lækjarsprænur en fyrirtækið nýtir sérstakan stýribúnað við að stjórna vatnsflæði virkjunarinnar.

- DTE - DTE býður rauntímagreiningu á kerskálum álvera. Í dag eru sýni tekin úr kerskálum handvirkir og þau bæði mæld og greind en ferlið tekur um 24 tíma. DTE þróar og hannar búnað sem mun geta mælt stöðu kerskála í rauntíma og þannig stytta ferlið til muna, spara gífurlegar fjárhæðir og gefa raunsannari upplýsingar en áður.

- GeoDrone – Fyrirtækið aðstoðar við jarðhitara-nnsóknir m.a. með notkun svokallaðra “dróna” eða flygilda.

- Gerosion - Fyrirtækið mun veita ráðgjöf, efnisprófanir og sérhæfða rannsóknar- og þróunaraðstoð fyrir aðila í jarðhita- og olíuiðnaðinum. Lausnir teymisins geta lengt endingartíma borhola og auðveldað boranir á meira dýpi en áður hefur tíðkast.

- Landsvarmi - Landsvarmi er félag sem fjármagnar, setur upp og rekur varmadælur til upphitunar á húsnaði.

- Sodium Chlorate Plant – Fyrirtækið stefnir að því að setja upp Sodium Chlorate verksmiðju á Íslandi sem auka mun orkunýtingu.

Áhrif á heilsufar og ráðleggingar um viðbrögð við SO₂ frá eldgosum

Magn SO ₂ *		Lýsing á loftgæðum	Ráðleggingar um aðgerðir	
µg/m³	ppm		Einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma**	Heilbrigðir einstaklingar
		Góð		
0 - 300	0-0,1	Yfirleitt engin áhrif á heilsufar.	Getur fundið fyrir áhrifum.	Engin áhrif á heilsufar.
		Sæmileg		
300 - 600	0,1-0,2	Getur valdið óþægindum í öndunarfærum hjá einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma.	Farið með gát, fylgist með mælingum.	Áhrif á heilsufar ólíkleg.
		Slæm fyrir viðkvæma		
600 - 2.000	0,2-0,7	Einkenni frá öndunarfærum líkleg hjá einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma. Lítil vandamál hjá heilbrigðum.	Forðist áreynslu utandyra.	Áhrif á heilsufar ólíkleg en gagnlegt að draga úr áreynslu utandyra.
		Óholl		
2.000 - 9.000	0,7-3,0	Einkenni frá öndunarfærum líkleg hjá öllum einstaklingum, einkum einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma.	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu.	Forðist áreynslu utandyra. Þeir sem hafa tök á haldi sig innandyr, loki gluggum og slökkvi á loftræstingu.
		Mjög óholl		
9.000 - 14.000	3,0-5,0	Allir líklegir til að finna fyrir miðlungs- eða alvarlegum einkennum frá öndunarfærum.	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum .	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.
		Hættuástand		
> 14.000	>5,0	Alvarleg einkenni frá öndunarfærum líkleg.	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandyr og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.

*Meðalgildi í 10-15 mínútur.

**Öll börn. Fullorðnir með astma (sögu um ýl og/eða surg fyrir brjosti, eða greindan astma), berkjubólgu, lungnþembu og hjarta- og æðasjúkdóma. Þessar leiðbeiningar gilda einnig um barnshafandi konur.

Almennar ráðleggingar:

- Lungna- og hjartasjúklingar hafi sín lyf tiltæk.
- Andið sem mest með nefi og forðast líkamlega áreynslu utandyra í mikilli mengun því það dregur úr SO₂ sem kemst niður í lungu.
- Dvöl innanhúss með lokaða glugga og slökkt á loftræstingu ver fólk fyrir um 90% af menguninni.

Heimild: Landlæknisembættið





Sofandi plöntur

Aðlögun lífvera að kulda er margbreytileg. Sumar tegundir fugla leggja á sig langt og erfitt flug á suðlægari slóðir og fiskar synda í hlýrri sjó. Sum spendýr liggja í dvala yfir vetrarmánuðina, önnur safna vetrarforða eða þreyja þorrann og góuna.

Gróðurinn getur aftur á móti ekki tekið sig upp og flutt á hlýrri stað á haustin, hann er fastur í jörðinni og verður því að aðlagast umhverfi sínu á öllum árstímum til að að lifa af.

Plöntur beita mörgum og margvíslegum leiðum til að lifa veturinn af. Einærar plöntur lifa af sem fræ sem geymast í jarðvegi. Séu aðstæður óhagstæðar geta fræ sumra tegunda legið í dvala í nokkur ár en að jafnaði spíra fræin að vori, vaxa upp og blómstra og mynda fræ sem fellur að hausti. Tvíærar plöntur safna forða í rótina á fyrra ári og hún lifir veturinn af. Á öðru ári blómstrar plantan og myndar fræ.

Margar tegundir fjölærra plantna og laukjurta beita svipaðri aðferð. Þær vaxa upp að vori, vaxa og dafna yfir sumarið, safna forðanæringu í rótina eða laukinn, sölna að hausti og lifa í dvala neðanjarðar yfir veturinn. Þar sem snjór liggur eins og teppi yfir jarðveginum eru plönturnar vel varðar fyrir umhleypingum og grasbítum sem byggja lífsafkomu sína á þeim yfir veturinn.

Tré og runnar sölna ekki á haustin og þurfa því að beita öðrum ráðum til að lifa veturinn af. Sum tré eru sumargræn en önnur græn allt árið. Lauf sígrænna margra trjáa nefnist barr og er yfirleitt langt og mjótt og með vaxhúð sem dregur úr útgufun.

Fyrir lauffall á haustin draga



Kristþymir.

Varnir gegn frostlyftingu

- Sá einærum grastegundum með gróðursetningu í skógrækt.
- Gefa áburð við gróðursetningu.
- Gróðursetja skógarplöntur í gróið land.
- Gróðursetja hraustar plöntur.
- Setja stein við hliðina á unglöntum.
- Hylja viðkvæmar fjölærar plöntur með laufi, mosa eða greinum.
- Skýla rósum og viðkvæmum runnum með grenigreinum eða striga.

Á haustin er í brumi trjáplantna fullþroskaður visir að vexti næsta árs. Vaxtarvísirinn er vel geymdur í bruminu og það ver hann fyrir vetrarkuldanum. Frost að vori, eftir að brumið hefur opnað sig, getur skemmt vaxtarvísinn.

Jurtir sem eiga náttúruleg heimkynni á norðurslóðum eða hátt til fjalla eru yfirleitt lágvaxnar og með öflugt rótarkerfi sem getur verið allt að þrisvar sinnum víðfeðmara en sá hluti sem er ofanjarðar.

flest lauffellandi tré blaðgrænuna úr blöðunum og senda hana niður í rótina til geymslu, rétt eins og hagsýnir heimilishaldarar safna vetrarbirgðum í búrið. Blaðgrænan er byggð upp af efnum sem trén eiga ekki greiðan aðgang að og þurfa að eyða mikilli orku í að framleiða. Eftir í blöðunum verða efni sem trén hafa minna fyrir að búa til. Efnin sem eftir verða eru gul eða rauð og eru ástæðan fyrir því að haustlitur trjáanna er yfirleitt í þeim litum.

Á haustin er að finna í brumi trjáplantna fullþroskaðan vísi að vexti næsta árs. Vaxtarvísirinn er

vel geymdur í bruminu og það ver hann fyrir vetrarkuldanum. Frost að vori, eftir að brumið hefur opnað sig, getur skemmt vaxtarvísinn varanlega.

Til þess að tré laufgisti að vori þarf lofthiti að vera kominn upp fyrir ákveðið lágmark en í öðrum tilfellum þarf daglengd að hafa náð ákveðnum klukkustundafjölda. Langir hlýindakaflar á veturna geta því vakið ýmsar trjátegundir, einkum frá suðlægari slóðum þar sem vorar fyrr en á Íslandi, af dvala sínum og blekkt tré til að halda að það sé komið vor. Þegar slíkt gerist eru miklar líkur á frostsKemmdum ef það kólnar hratt aftur líkt og gerðist í páskahretinu vorið 1963. Lítil hætta er á þessu hjá plöntum sem koma frá svæðum sem eru á næstu eða sömu breiddargráðum og Ísland.

Hægfara kólnun best


Ólíkt dýrafrumum hafa frumur í plöntum svokallaðan frumuvegg sem liggur utan um frumuhimnuna. Veggurinn er stinnur, hann verndar frumuna og kemur að hluta til í staðinn fyrir stoðgrind. Í gegnum frumuvegginn síast vatn og næringarefni.

Kólni hratt er hætt við að vökvinn í plöntufrumunni frjósi. Við það eykst rúmmál hans og hætta á að frumuveggurinn rifni en það leiðir til kalskemmda. Miklu máli skiptir að plöntur kólni það hægt á haustin að vatn nái að komast út úr frumunum í þeim takti sem eðlilegastur er fyrir hverja tegund. Dæmi er um að snögg kólnun niður um tíu gráður hafi drepíð tré sem annars þola kuldann allt að níutíu frostgráðum. Stutt haust valda því að plönturnar ná ekki að mynda eðlilegt frostþol og eru því viðkvæmari en ella.

Of mikil útgufun getur einnig verið hættuleg fyrir plönturnar. Á vorin, þegar sólin skín og jörð er frosin, ná plönturnar ekki að bæta sér upp þann vökva sem þær tapa við útgufun og því hætta á ofþornun. Hér á landi þekkist þetta best hjá sígrænum trjám þegar barrið verður brúnt á vorin.

Jurtir sem eiga náttúruleg heimkynni á norðurslóðum eða hátt til fjalla eru yfirleitt lágvaxnar og með öflugt rótarkerfi sem getur verið allt að þrisvar sinnum víðfeðmara en sá hluti jurtarinnar sem er ofanjarðar.

Þar sem vaxtartími er stuttur



Aspir fella lauf.

mega plönturnar engan tíma missa og verða að hefja vöxt strax og veður leyfir. Langur sólargangur yfir sumarmánuðina lengir vaxtartímann verulega, enda nýta plönturnar hann til hins ýtrasta. Margar norðlægar tegundir mynda þúfur, eins og lambagras og geldingahnappur, og geta með því móti haldið hærri hita og nýtt sólarljósið betur.

Ljóstillífun

Sígræn tré hafa það fram yfir sumargræn að þau geta hafið ljóstillífun um leið og hiti er orðinn það mikill að þau vakna af dvala. Talið er að smávaxnar og sígrænar jurtir geti ljóstillífað undir snjó og lengt þannig vaxtartímann.

Nokkrar tegundir trjáa, til dæmis aspir, geta notað blaðgrænu í berki, stofni og greinum til ljóstillífunar þegar aðstæður eru hagstæðar á veturna.

Háfjallaplöntur, eins og silfurkambur og nokkrar tegundir húslauka sem lifa þar sem loft er þunnt og sólarljósið sterkt hafa komið sér upp aðferð til að verjast útfjólubláum geislum sólar. Húslaukarnir eru með rautt litarefni sem hamlar því að geislarnir skemmi grænu kornin en blöð silfurkambsins eru hærð og hárin endurkasta hluta sólarljóssins.

Skjól fyrir vetri

Flestar plöntur sem ræktaðar eru í görðum eru fullkomlega færar um að sjá um sig sjálfar yfir vetrarmánuðina og því óþarfi að hafa mikið fyrir vetrarskýlingu. Ef plönturnar eru aftur á móti viðkvæmar fyrir kulda eða vorsól eru nokkrar einfaldar reglur sem garðeigendur ættu að temja sér og fara eftir þegar líða fer

á haustið og þegar sólin fer að hækka á lofti á vorin.

Mörg sígræn tré og runnar eru viðkvæm fyrir vorsólinni og því nauðsynlegt að skýla þeim sem standa á berangri. Það kemur í veg fyrir of mikla útgufun og sölbluna á vorin sem leiðir til þess að barrið ofþornar og verður brúnt á litinn. Almennt er garðeigendum ráðlagt að velja frekar harðgerðar tegundir á erfiða staði og biða með viðkvæmari tré og runna þar til skjólið fyrir þá er orðið nægilega mikið.

Áburður getur varnað frostsKemmdum

Í um miðjan júlí er gott að gefa kalíríkan áburð, til dæmis kalísúlfat eða þörungamjöl, en það styrkir stoðvefi plantnanna og eykur frostþol þeirra. Sölnuð blöð veita plöntum skjól yfir vetrarmánuðina og þess vegna á alls ekki að hreinsa þau burt fyrr en að vori. Þeir sem vilja geta aftur á móti rakað mesta laufið úr grasflötinni og í stað þess að setja það í safnhauginn er gott að hlúa að viðkvæmum fjölæringum eða rósum með því að hrauka upp að þeim með laufinu sem fallið hefur af trjánum. Laufið veitir plöntunum skjól og heldur hita í jarðvegi sem er gott vegna þess að rætur eru viðkvæmar fyrir örum hitabreytingum í moldinni.

Gott er að skýla ungum trjáplöntum, hvort sem er lauf- eða barrtrjám, með striga fyrir verstu vindáttinni og einnig getur verið gott að setja sæmilega stóran stein við unglöntuna til að koma í veg fyrir frostlyftingu og rötarslit.

Allar viðkvæmustu plönturnar þarf aftur á móti að taka inn og skýla þannig fyrir Vetri konungi.

Vaastu-hugmyndafræði:

Hönnun í samhljómandi stærðum

Er eitthvað til sem hægt er að kalla fullkomna hönnun? Er til dæmis hægt að hanna fullkomið hús? Fullkomið í þeim skilningi að ekki væri hægt að endurbæta það.

Mannslíkaminn er nærtækt dæmi um fullkomna hönnun. Mannvera, sem gæst kostur á að stytta eða lengja hendur eða fætur, eða breyta staðsetningu líffæra, kæmist fljótt að því að líkaminn er ágætur eins og hann er og þarfnast ekki endurbóta. Í vistkerfi jarðarinnar sjáum við fullkomna hönnun alls staðar. Augljóslega er til staðar greind sem býr í kjarnasýru lífvera, eins konar stærðfræðilegt mynstur sem formgerist í ákveðnum skrefum.

Uppruni arkitektúrs

Er mögulegt að við mannverurnar getum skapað eins og náttúran? Elsta fræðahefð mannkyns kennir einmitt það. Þau fræði heita vaastu og eru einnig þekkt sem sthapatya veda. Upphafsmaður fræðanna, Mamuni Mayan, var arkitekt og ljóðskáld og fæddist á eyju suðaustur af Indlandsskaga líklegast fyrir um 12 þúsund árum. Sá skrifaði fjölda stórmerkra rita um margvísleg efni, m.a. arkitektúr, stærðfræði, jurtafræði, skipa- og flugvélasmiði, um sameiginlegan grunn allra lista, en frægasta rit hans er efalaust Surya Siddhanta. Í því riti setur Mayan m.a. fram útreikninga á sporbrautum reikistjarna í sólkerfi okkar. Sú mynd sem hann dró upp af sólkerfinu er í nákvæmu samræmi við niðurstöðu nútímavísinda. Mayan bjó einnig til tímatál sem er svo nákvæmt að ekki munar nema um einni og hálfri sekúndu á ári miðað við nútíma útreikninga. Sé tekið mið af afrekum Mayan á sviði lista og vísinda, og hefði hann fæðst á Bretlandi, hefði hann áreiðanlega fengið sess í mannkynssögunni sem fremsti fræðimaður allra tíma. Það hefði reyndar verið háð einu skilyrði: um fræði hans hefði skapast óslitin hefð sem héldi við þekkingu hans, sem reyndar varð á Indlandi og er ástæða þess að við höfum aðgang að þeirri þekkingu sem hér er kynnt. Nú verður ekki kafað frekar í uppruna vaastu að öðru leyti en því að skýra orðstofnana vaas og vas. Vas má þýða sem eilífð og vaas sem ilm. Hið eilífa, orkan, sem nefnd er vastu, birtist tímabundið sem form, vaastu. Hvernig vastu verður að vaastu (ath. hér er annars vegar stutt og hins vegar langt a-hljóð) felur í sér hvernig orka verður að efni. Vaastu-byggingu má því kalla ilminn af því sem lifir að eilífu. Ljóðrænni skýringu á byggingarlist finnst varla.

Staðsetning

Við staðarval byggðar eða einstakra bygginga framkvæmir vaastu-hönnuður ítarlega skoðun á eiginleikum landsins og umhverfis. Skoðunin tekur m.a. til eiginleika og gerð jarðvegs, gróðurfars, í hvaða átt landið hallar, rennandi vatns og vatnsæða með það fyrir augum að finna sem jákvæðastan reit fyrir



Vaastu er bæði fræðilegt og hagnýtt nám. Hér er Björn að byggja vaastu-hús í Nýju-Mexíkó. Vaastu krefst meiri nákvæmni en smiðir eiga að venjast.



Vaastu-nemar að byggja hús.

væntanlega byggð eða byggingu. Í þessu ferli leggja vaastu-fræðin til alls kyns prófanir til að meta kosti landsins en jafnframt greinargóða þekkingu á hvaða eiginleikum landið þarf að búa yfir til að geta talist vænlegur byggingarstaður. Finnist viðunandi byggingarstaður er næsta skref að velja stærð byggðar eða byggingar.

Samhljómur stærða, innra samræmi

Grunnþáttur vaastu er þekking á eiginleikum stærða og hlutfalla. Sameiginlegur grundvöllur allra listgreina er hrynjandi eða taktur. Í sjónlistum er þessi hrynjandi nefndur hlutföll. Taktur, tíðni eða hlutföll er stærð. Stærð sem gengur upp í aðra minni eða stærri stærð má kalla samhljómandi stærð. Dæmi um þetta er áttund í tónlist sem hefur hlutfallið 1:2.

Vaastu fjallar því fyrst og fremst um hvernig má skapa algjörlega lífvænlegt umhverfi með því að nota stærð, sem einnig er tíðni, sem er í samhljóm við grunntíðni íbúa. Grunntíðni einstaklings er

fundin út frá fræðakerfi vaastu. Samhljómandi hlutföllum er náð fram í vaastu með því að nota sömu grunntölu eða hlutfall af henni við alla hönnun hússins. Þannig verður húsið ekki aðeins í samhljóm við íbúa heldur einnig í innra samræmi rétt eins og lífverur sem búa yfir innra samræmi. Fegurðarskyn okkar er tengt samræmi stærða en fegurð hefur mikið vægi í vaastu og kemur sjálfkrafa út frá hönnun í samhljómandi stærðum og svo frágangsatriðum eins og umbúnaði glugga, hurða, þakkanta o.s.frv. Samhljómur milli hjarta íbúans og hjarta hússins, sem nefnist Brahmasthan má alveg líta á sem einstaka tegund ástarsambands sem skapar ró og frið. Þar sem byggingarlist er sannarlega listgrein má líta á upplifun íbúa af húsinu sem viðvarandi og mjög ánægjulegan listviðburð.

Tölur og fræ búa yfir upplýsingum

Vaastu er því fyrst og fremst þekking á samhljómandi stærðum. Ummál byggingar er stærðin, tíðnin sem unnið er með. Ummálið er tekið úr nokkurs konar talnabanka vaastu sem má líkja við nótnaskala í tónlist. Tölur í þessum banka hafa þekkta eftirsóknarverða eiginleika rétt eins og við ættum fræ í fræbanka sem hefðu þekkta eftirsóknarverða eiginleika.

Á sama hátt og fræ trés formgerist út frá ósýnilegu stærðfræðilegu mynstri kjarnasýrunnar þar sem allar upplýsingar um lögun trésins og staðsetningu greina eru til staðar, þá formgerist byggingin út frá þekktum lögmálum stærðarinnar, tölunnar sem unnið er með í hverju tilviki. Með öðrum orðum, stærðin, talan, ummálið, býr yfir öllum upplýsingum um formið og öfugt. Í raun er einungis verið að leyfa

byggingunni að formgerast út frá sínum innri lögmálum rétt eins og fræ verður að tré út frá sínum innri lögmálum. Tré og fræ eru óaðskiljanleg. Tré býr til fræ og fræ býr til tré. Á sama hátt býr orkan til form og formið býr til orkuna, þá eftirsóknarverðu eða jákvæðu orku sem vaastu-bygging býr yfir.

Náttúran skapar ekki tilviljunarkennt

Herbergi eru staðsett í húsinu í samræmi við þau tíðnimynstur sem alltaf myndast þegar rúm er afmarkað. Þessi tíðnimynstur eru auðvitað óhlutstæð í hinu afmarkaða rými en eru nefnd rúm, loft, vatn, eldur og jörð. Þessi fimm element náttúrunnar eru veruleiki sem auðvelt er að skynja innan rýmisins sé næmni til staðar. Þá er átt við að líkami og skynfæri séu gild mælitæki til að mæla eiginleika umhverfis. Á sama hátt og náttúran staðsetur líffæri á algjörlega fullkomnum stað í líkamsbyggingu lífvera, þá býr hið afmarkaða rými yfir sjálfsagðri staðsetningu herbergja út frá mismunandi eiginleikum þess. Þannig er eðlileg staðsetning svefnherbergis í suðvesturhorni byggingarinnar sem er staðsetning jarðarelementsins, sem veitir jarðbindingu og ró. Eðlileg staðsetning eldhússins er í suðausturhorni þess þar sem eldelementið er til staðar og býr yfir eiginleikum umbreytingar. Á þennan hátt er staðsetning allra herbergja valin út frá þeim eiginleikum sem tíðnimynstur hins afmarkaða rýmis býr yfir.

Vaastu-hönnuður

Vaastu-hönnuður lærir að vinna með verðandi húseiganda í því

að greina óskir um gerð, útlit, fagurfræði og notagildi, og finna stærð sem er í samhljómi við væntanlega íbúa og uppfyllir rýmisþörf þeirra. Vaastu-hönnuður er jafnframt þjálfaður í að finna byggingu stað þar sem orka jarðar er sem jákvæðust, snúa húsinu rétt á höfuðáttir og velja herbergjum, gluggum, hurðum og stígum veiðeigandi stað samkvæmt vaastu. Vaastu-hönnun krefst nákvæmni og fjöldi atriða sem hafa þarf í huga til að skapa fullkomið vaastu-hús er mikill. Útskrifaðir vaastu-hönnuðir frá AUM-háskólanum vinna því saman alþjóðlega og yfirfara hönnun hver annars til að koma í veg fyrir mistök.

Áðurnefndur háskóli er eini skólinn á vesturlöndum sem útskrifar vaastu-hönnuði, en sá skóli var stofnaður af dr. Jessie Mercay og dr. Ganapati Sthapati, sem er virtasti vaastu-arkitekt veraldar, en hann gat rakið ætt sína þúsund ár aftur í tímann til ættmenna sem eingöngu unnu við Vaastu-arkitektúr.

Við einfalda skoðun á veraldarvefnum kemur í ljós að nær allt það sem þar flokkast sem vastu eða vaastu er mismikill misskilningur eða jafnvel í órafjarlægð frá hinum upprunalegu vaastu-fræðum. Þetta á ekki síður við um Indland en vesturlönd.

Hin upprunalegu vaastu-fræði hvíla á traustum fræðilegum grunni, og vaastu-hönnuður bæði þekkir og getur útskýrt þau lögmál sem hann vinnur með.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni www.alltilagi.net.

Björn Kristjánsson hefur lokið MA-námi í vedískum fræðum og BA-námi í viðskiptafræði. Hann er jafnframt vaastu-hönnuður og byggingameistari.



Minjastofnun Íslands

boðar til umræðufunda vegna stefnumótunarvinnu stofnunarinnar

Fundirnir eru öllum opnir og verða haldnir á eftirfarandi stöðum og tímum:

Mánudagur 10. nóv: Sauðárkrókur (félagsheimilið Ljósheimar) - kl. 10.30-12.15

Mánudagur 10. nóv: Akureyri (HA – stofa N-102) – kl. 15-17

Þriðjudagur 11. nóv: Borgarnes (Menntaskóli Borgarfjarðar) – kl. 14-16

Miðvikudagur 12. nóv: Selfoss (Fjölheimar, gamli Sandvíkurskóli) - kl. 14-16

Fimmtudagur 13. nóv: Ísafjörður (Stjórnsýsluhúsið) - kl. 14-15.45

Mánudagur 17. nóv: Reykjanesbær (bíósalur í Duushúsi) - kl. 14-16

Þriðjudagur 18. nóv: Egilsstaðir (Austurbrú, Tjarnarbraut 39e) - kl. 14-16

Þriðjudagur 2. des: Reykjavík (Hótel Saga) morgunverðarfundur – kl. 8.30-11.30

Við hvetjum hagsmunaaðila til þess að mæta og koma skoðunum sínum á framfæri.

Undir Minjastofnun Íslands heyra menningarminjar, s.s. fornleifar, hús og önnur mannvirki (t.d. brýr og vegir), skip og bátar, minningamörk og gamlir kirkjugarðar. Nánar má lesa um stofnunina og starfsemi hennar á www.minjastofnun.is auk þess sem nálgast má lög um menningarminjar (80/2012) á síðunni www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html



Minjastofnun Íslands

Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

Sími: 570 1300

www.minjastofnun.is

postur@minjastofnun.is



Vaastu-hús hannað af Birni og teiknað af Sigurpór Aðalsteinssyni arkitekt.

Almenningsnot leggja undir sig ræktunarland í Evrópu:

Ræktunarland á stærð við Ísland hefur horfið undir þéttbýli á 50 árum

– Stöðugt þrengt að landbúnaði, matvæla- og jarðaverð hækkar og innflutningur eykst á korni

Víðfeðm landsvæði tengd landbúnaði hafa verið lögð undir malbik og steinsteypu í borgum Evrópu á síðustu árum og áratugum.

Á árabílinu 1990–2006 dróst akurlendi í 19 þéttbýlustu löndum Evrópu saman sem svaraði til ræktunar á 6,1 milljón tonnum af hveiti árlega. Ferlið er hvarvetna hið sama. Landið er tekið undir byggingu íbúðar-, skrifstofu- og iðnaðarhúsnæðis, eða stórmarkaði með enn stærri bílastæðum. Frá þessu var greint í LoA, fylgiriti um tækni og hagfræði í Landsbygðens Folk.

Frá miðjum 6. áratug síðustu aldar, eða á 50 ára tímabili, hefur land undir þéttbýli í Evrópu aukist um 78% en fjöldi íbúa um 33%, samkvæmt upplýsingum frá evrópsku umhverfisstofnuninni EEA. Jarðnæði, sem hefur verið tekið til annarra nota, svo sem til bygginga og undir umferðarmannvirkí, er talið forgangsmál í hagþróun. Þessi þróun vekur þó jafnframt áhyggjur, þar sem landið er einnig talið mikilvægt til matvælaframleiðslu. Efnahagsráð Evrópu (EEA) telur



Gríðarlega mikið landbúnaðarland hefur verið undir þéttbýli í Evrópu á síðustu 50 árum. Þessi mynd er af þorpinu Seefeld í Tíról í Austurríki þar sem akrar og skógar voru lagðir undir fjöldann allan af skíðahótelum vegna Ólympíuleikanna sem haldnir voru í Innsbruck og nágrannabyggðum árið 1964.

Mynd / HKR.

jarðnæði, sem tekið er undir aðrar þarfir en ræktun í ESB, vera um eitt þúsund ferkílómetrar á ári á áratugnum 1990–2000. Það svarar til um 275 hektara á dag.

100 þúsund ferkílómetrar undir þéttbýli

Heildarflatarmál ræktunarlands í

Evrópu sem tekið hefur verið til annarra þarfa var árið 2006 áætlað 100 þúsund ferkílómetrar. Það svarar til 2,3% af flatarmáli landa ESB og er að meðaltali 200 fermetrar á íbúa. Til samanburðar þá er Ísland um 103 þúsund ferkílómetrar að flatarmáli.

Hæst með þetta hlutfall af landi undir þéttbýli og vegi eru Malta, Holland, Belgía, Þýskaland og

Lúxemborg, en hlutfallið er einnig hátt í Miðjarðarhafslöndunum.

Borgir teygja sig yfir ræktunarland

Sögulega séð hafa borgir einkum verið reistar í nálægð ræktunarlands til að tryggja öflun matvæla. Í samræmi við það þá leggur vöxtur

borga einkum undir sig ræktunarland. Það leiðir af sjálfu sér að þessi nýting á ræktunarlandi þrýstir á verðhækkun á ræktunarlandi og aukinn korninnflutning til þessara landa.

Ræktunarland hefur minnkað verulega í Svíþjóð sl. hálfa öld. Fram undir hið síðasta hefur ástæðan einkum verið sú að akuryrkjan hefur dregist saman, en auknar byggingaframkvæmdir eru nú farnar að skipta máli í þeim efnum. Þessi þróun sækir nú ört á. Þar er það áhyggjuefni að þessi samdráttur er mestur á bestu kornræktarsvæðum landsins að sögn viðkomandi stjórnvalds, Svenska Jordbruksverket. Stjórnvöld landsins hafa þegar fengið málið til umfjöllunar.

Nokkur lönd í Evrópu hafa nú ákveðið takmarkanir á nýtingu kornakra til annarra þarfa. Víða um álfuna hækkar nú jafnframt verð í ræktunarlandi.

Evrópuráðið hefur ályktað um að notkun á ræktunarlandi til annarra þarfa sé nær alltaf óafturkræf. Því beri að hugsa til langrar framtíðar þegar land er lagt undir byggingar og vegi. /ME

Mjaltir í mjaltapjónafjósum

Það er vel þekkt að tíðni mjalta hefur veruleg áhrif á nyt kúa sem og hve langur tími líður á milli mjalta. Þá hefur löngum verið vitað að því fyrr sem hæstu dagsnyt er náð eftir burð, því meiri verða mjaltaskeiðsafurðirnar.

Þessum framangreindu staðreyndum geta mjaltapjónar all auðveldlega sinnt, sé rétt staðið að málum en nýleg rannsókn í Danmörku sýnir hins vegar að mikill munur er á þessum þáttum á milli búa og sýndi sama rannsókn að mestur var munurinn á vinnbrögðum bændanna sjálfra en ekki tækninni. Í kjölfar rannsóknarinnar voru útbúnar nýjar ráðleggingar varðandi vinnubrögð í mjaltþjónafjósum (Bossen og Sigurdsson, 2013) og verður þeim gerð skil hér.


Umferðarstýring ekki afgerandi

Rannsóknin, sem fór fram á 93 dönskum mjaltapjónafjósum, leiddi í

Margt hefur áhrif

Eitt af því sem rannsóknin leiddi berlega í ljós var hve stóran þátt bóndinn hefur

ljós að mikill munur var á mjaltatíðni kúnna, fjölda kúa sem þurfti að sækja til mjalta og heildarframleiðslu mjaltapjónanna á dag. Þá sýndu gögnin að kvígur voru seinni í gang eftir burð en kvígur sem mjólkaðar voru með hefðbundnum mjaltatækjum, þ.e. þær síðarnefndu komust fyrr í hæstu dagsnyt en þær sem voru mjólkaðar með mjaltapjónum. Þvert á það sem e.t.v. mætti búast við var þetta algjörlega óháð því hvernig umferð kúnna var stjórnað í viðkomandi fjósi, þ.e. hvort um væri að ræða frjálsa umferð eða stýrða með einhverjum hætti svo sem „fyrst í fóður“ (Feed first) eða önnur slík kerfi. Langalgengasta kerfið í Danmörku er frjáls umferð og skiptir þar ekki máli hvort um er að ræða fjós með DeLaval, Lely eða aðrar gerðir mjaltapjóna.



á afurðasemi mjaltapjóns síns. Þannig voru t.d. stillingar á kjarnfóðurgjöf afar breytilegar á milli búa og þar með sókn kúnna í mjaltapjónana. Einnig var verulegur munur á milli bænda hvernig og hvenær þeir sóttu kúr í mjaltir en alltaf er það svo að einhverjar kúr þarf að ná í kvölds og morgna. Líklega er einn stærsti skýringarþáttur breytileikans fólgin í reglusemi bændanna við að ná kúm til mjalta en sá þáttur er afar mikilvægur enda marktækt sambandi á milli bils á milli mjalta við afurðasemi kúnna fyrstu 56 dagana eftir burð. Því jafnara sem bilið var á milli mjaltanna, því meiri nyt skiluðu kýmarnar þessa fyrstu tæplega tvo mánuði mjaltaskeiðsins og því meiri voru ársafurðir kúnna einnig.

Mjólka oft með jöfnu bili

Samhengi mjaltatíðni og bils á milli mjalta er lýst með mynd nr. 1 en þar má sjá myndræna framsetningu þess hvers vænta má þegar tíðni mjalta er aukin, en einnig hvers vænta má ef bæði tíðnin er aukin og bil á milli mjalta jafnt.

Ekki liða of langt bil

Þó svo að farið sé að minnka í kú og aðgengi hennar að mjóltum því minna en annarra þarf að koma í veg fyrir að bil á milli mjalta verði of mikið. Rannsóknin sýndi t.d. að á of mörgum búum var látið hjá liða að sækja kúr sem voru með meira en 14 klst. frá síðustu mjóltum og á þeim búum þar sem kúr komu til mjalta með mjög ólíku bili frá degi til dags var marktækt neikvætt sambandi við ársafurðir. Þannig lækkaði meðalnýtt kúnna um 0,4 kg á dag, eftir 56 daga frá burði, fyrir hverja klukkustund sem breytileiki í bili á milli mjalta jókst.

Temja kvígurnar

Enn eitt atriðið sem berlega kom í ljós í rannsókninni var hve miklu máli skiptir að hlúa vel að kvígum eftir burð og sinna þeim reglulega. Eftir því sem meiri reglusemi var á tamningu kvíganna eftir burð, þ.e. að fá þær inn í mjaltapjóninn, því meiri afurðum skiluðu þær. Niðurstöðurnar benda raunar til þess að skýringuna

megi fyrst og fremst rekja til jafns bils á milli mjalta, en þeir sem alltaf sóttu kvígurnar á sama tíma náðu bestum árangri. Þannig er nú ráðlagt að sækja kvígur til mjalta þrisvar á dag, þar til þær koma af sjálfsdáðum þrisvar til mjalta. Þetta þýðir í raun að sækja á kvígur á kvöldin einnig.

Velja þarf rétta gripi á réttum tíma

Niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að of margir bændur nota blint „rauða listann“ í tölvunni til þess að finna kúr sem sækja þarf til mjalta. Þeir sem hins vegar höfðu komið sér upp viðbótarkerfi við að velja kúr sem átti að sækja náðu betri árangri. Út frá niðurstöðum rannsóknarinnar urðu eftirfarandi leiðbeiningar til, til þess að velja kúr til mjalta í mjaltapjónafjósum:

1. Fyrsta val skulu vera kvígur á bilinu 0–56 daga eftir burð
2. Annað val skulu vera kúr á bilinu 0–56 daga eftir burð
- gripi í þessum tveimur hópum skal sækja hafi þeir verið mjólkaðir minna en þrisvar síðustu 24 klst. og meira en 5,5 klst. eru frá síðustu mjóltum.
3. Þriðja val eru aðrar kúr s.s. með misheppnaðar mjaltir, í áhættuhópi s.s. vegna hárrar leiðni í mjólk eða vegna breytts atferlis, eða kúr með óvenju breytilegt bil á milli mjalta miðað við það sem venjulegt telst fyrir viðkomandi grip.

Snorri Sigurðsson og Dorte Bossen, ráðgjafar á Nautgriparéktarsviði hjá Þekkingarsetri landbúnaðarins í Danmörku.

Heimild: Dorte Bossen og Snorri Sigurdsson, 2013. *Anbefalinger (3): Malkning i AMS. KvægInfo nr. 2376. Videncentret for Landbrug.*

16

18

26

Landsbyggðin og þú

Mjaltapjónar og þú

Þú og þín mjaltapjón

Bændablaðið

19. Nóvember 2013 | Fimmtudagur | 3. hefti | 484 bl. | 19. árg. | Útgáfa 31.000

45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT, KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

Getur iðnaðarskógur með alaskaösp endurnýjast af sjálfu sér?

Yki mjög hagkvæmni asparskóg-ræktar til viðarkurlsframleiðslu

Svo virðist sem iðnvíðarskógur með alaskaösp geti vel endurnýjast af sjálfu sér eftir rjóðurfellingu þannig að óþarft sé að gróðursetja aftur í skóginn. Ef öspin reynist vera slík „eiliððarvél“ í íslenskri skógrækt eykur það til muna hagkvæmni asparskógræktar til viðarkurlsframleiðslu.

Til að kanna þetta betur er nú verið að rjóðurfella aldarfjórðungsgamla ösp í Sandlækjarmýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Mikil spurn eftir viðarkurli

Fjallað er um málið á vef Skógræktar ríkisins, skogur.is, og segir þar í grein Péturs Halldórssonar að ljóst þyki að íslenskur iðnvíðarskógur með alaskaösp geti endurnýjast sjálfkrafa eftir rjóðurfellingu þannig að óþarft sé að gróðursetja aftur í skóginn. Ef öspin reynist vera slík „eiliððarvél“ í ræktun hérlandis eykur það til muna hagkvæmni asparskógræktar til framleiðslu viðarkurls. Mikil spurn er eftir viðarkurli hjá kísilmálmiðnaðinum og útlit fyrir að hún aukist mjög á næstu árum. Nú er verið að rjóðurfella hartnær aldarfjórðungsgamla ösp í Sandlækjarmýri í Skeiða- og Gnúpverjahreppi til að rannsaka hvernig hún endurnýjast upp af rót.

Ræktun hófst í byrjun tíunda áratugarins

Ræktun asparskógarins í Sandlækjarmýri hófst í byrjun tíunda áratugarins en þá höfðu Íslendingar litla reynslu af skógrækt með þessari tegund utan garða og trjálanda. Margir af eldri kynslóð skógræktarmanna voru afar svartsýnir og töldu að ösp gæti aðeins tórt með mikilli umhyggju og stöðugri áburðargjöf. Engu að síður var ráðist í að gera áætlanir um trjávöxt á þessum stað fyrir iðnvíðarverkefni. Allt virðist benda til þess að þessar áætlanir hafi fyllilega staðist tímans tönn og jafnvel gott betur.

Mikil verðmæti í öspinni

Þegar áætlanir voru unnar um skógræktina í Sandlækjarmýri var metinn vöxtur alaskaaspar í smáum reitum víða um land og vaxtarspár gerðar út frá því. Gert var ráð fyrir að trén yrðu um 7 metra há á 20 árum og víðarvöxtur um 8 rúmmetrar á hektara miðað við 20 ára lotu. Spár þessar þóttu æði glannalegar en skemmst er frá því að segja að þær stöðust mjög vel. Tvítug voru trén í Sandlækjarmýri að meðaltali 7,40 m há og heildarviðarmagnið álíka og spáð hafði verið. Þorbergur Hjalti



Loftmynd af rjóðurfellda svæðinu. Lengst til hægri sjást ljósleitari tré sem eru af öðrum klóni en „lðunni“.



Við myndatökur með dróna í Sandlækjarmýri. Frá vinstri: Bjarki Þór Kjartansson, Björn Traustason, Rúnar Gunnarsson og Þorbergur Hjalti Jónsson.



Gróskumikill nýgræðingur vex upp af ösp sem höggvin var undan háspennulínum.

Jónsson, sérfræðingur á Mógilsá, sem hefur umsjón með tilrauninni nú, segir að öspin nái líklega hámarksframleiðni um 35 ára aldur og í slíkri lotu megí búast við um 10 rúmmetra meðalframleiðni á ári. Mikil verðmæti hafa myndast í öspinni í Sandlækjarmýri á innan við aldarfjórðungi og það með mjög lítilli fyrirhöfn og kostnaði eftir gróðursetningu.

Endurvöxtur metinn

Nú er unnið að því að meta endurvöxt asparinnar í Sandlækjarmýri og frá því í febrúar á þessu ári hafa tré verið felld þar mánaðarlega eftir sérstakri áætlun. Þegar því lýkur í janúar 2015 standa eftir tveir rjóðurfelldir reitir sem verða 0,28 hektarar hvor. Hvorum reit er skipt í átján smærri reiti þar sem trén eru felld á mismunandi tíma, þrír smáreitir í einu, 15–20 tré í hverjum reit. Þannig fást 36 mælireitir þar sem hægt er að fylgjast með endurnýjun asparinnar með teinungum og rótarskotum. Annars

vegar er skoðað hversu mikið trén hafa vaxið á 22 árum og hins vegar hvað vex upp aftur eftir höggið en einnig hvaða máli skiptir hvenær ársins höggvið er.

Hvenær er vænlegast að höggva ösp?

Með því að höggva tré í öllum mánuðum ársins vonast menn til að komast betur að því á hvaða árstíma er vænlegast að höggva öspina. Gert er ráð fyrir því að það sé á veturna þegar trén eru í dvala en óljóst er hvar mörkin liggja, hvenær hausts er óhætt að byrja að fella og hvenær vors er rétt að hætta. Þegar trén lifna við á vorin eykst mjög álag á rótarkerfið og þá verður meiri hætta á að tréð drepist ef það er fellt.

Endurvöxtur af öspinni er tvenns konar. Annars vegar vaxa upp sprotar eða teinungar af stubbnum sem eftir er af stofni trésins, gjarnan nokkrir tugir sprota, en hins vegar koma upp rótarskot sem geta verið 3–5 við hvert tré. Þorbergur Hjalti segir að á svæðinu sem nú er verið að rjóðurfella séu um 1.600 tré á hektara. Því geti vaxið þar upp tugir þúsunda trjáa á hektara eftir rjóðurfellingu. Auk þess að kanna hvernig öspin endurnýjar sig með rótarskotum og stúfsprotum verður fylgst með hversu þéttur skógurinn verður, hvort upp vaxa sver tré með grennri trjám á milli eða hvort þetta verður mjög þéttur skógur af álíka grönnum trjám. Þá má meta hvort borgar sig að grisja og leggja áherslu á færri en sverari tré eða hvort skynsamlegra er að leyfa skóginum að vaxa sem þéttustum og slá hann reglulega. Þá yrði beitt aðferðum eins og notaðar eru í iðnvíðarskógrækt víða erlendis. Eftir fyrstu lotuna kæmi þá til greina að rækta skóginn í styttri lotum, slá hann á t.d. 12 ára fresti og selja viðinn sem iðnvíð til kurlunar.

Uppskeyra án mikillar fyrirhafnar

Eins og er bendir ekkert til annars en að þessi endurvöxtur skógarins standist væntingar og að ekki þurfi að endurrækta skóg af þessum toga með jarðvinnslu og gróðursetningu. Ef ekki þarf að gróðursetja í skóginn nema einu sinni eykur það til muna hagkvæmni asparskógræktar til

viðarkurlsframleiðslu. Kostnað af jarðvinnslu og gróðursetningu þarf þá ekki að greiða nema einu sinni og sami skógurinn gefur þá uppskeru aftur og aftur án mikillar fyrirhafnar fyrir skógareigandann. Spurningin er þá einungis sú hversu mikill kostnaður verður af umhirðu skógarins meðan hann vex upp aftur.

/MPÞ

Gjafagrindur.is
Pantið
tímanlega
Björgvin Óskarsson - Sími 865-5646

JEPPADEKK

Söluaðilar: Öll helstu dekkjaverkstæðin á landinu
Umboðsaðili: Icetrack ehf. Sími 773 4334

mtdekk.is

GIANT V452T HD

Vél:	Kubota V1505-T 45 HP/33 kW
Lyftugeta:	1800 kg
Aksturshraði:	0 -10 / 0 - 28 km
Breidd:	132 cm

Aukabúnaður innifalinn:

- Dekkjastærð: 31x15.50-15 AS
- Öryggishús
- Handstýrður skriðgír
- Euro glussa hraðtengi
- Vinnuljós að aftan
- 125 kg. þynging

- Ökuhraði allt að 28 km
- Mikil lyftigeta
- Aflmiklir
- Stöðugir
- Úrval aukahluta

Fáanlegir aukahlurir:

- Gaffall 120 cm m/Euro tengi

Giant liðléttingar eru einir af söluhæstu liðléttingum í Evrópu.
Í þeim eru Kubota vélar en drif og vökvakerfi er framleitt af Rexroth Bosch.

Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - vélaval.is

LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 801 Selfoss
Sími 480 5600 - landstolpi.is

Utan úr heimi



Miklir peningar eru í húfi í ólöglegu skógarhöggi.

Nýtt í baráttunni gegn ólöglegu skógarhöggi:

Aðgerðasinnar festa GPS-tæki á flutningabíla

– og fylgjast með þeim gegnum gervitungl

Aðgerðasinnar á vegum Greenpeace í Brasilíu afhentu yfirvöldum þar í landi gögn sem sýna loftmyndir af ólöglegu skógarhöggi þar í landi og flutningsleiðir um landið með viðinn.

Gagnanna var aflað þannig að fyrir tveimur mánuðum dulbjuggust aðgerðasinnar sem skógaðgæmsmenn á svæðum þar sem vitað er að ólöglegt skógarhögg á sér stað. Komu þeir GPS-tækjum fyrir á nýu flutningabílum og tókst þannig að fylgjast með ferð þeirra um

landið. Með þessu móti var hægt að rekja ferðir flutningabíla í sögunarmyllur og til hafna þaðan sem viðurinn var fluttur sjóleiðina til Bandaríkjana, Evrópu, Kína og Japan.

Er þetta í fyrsta sinn sem þessi tækni er notuð á þennan hátt. Yfirvöld í Brasilíu segjast ætla að grípa til aðgerða á grundvelli gagnanna og að tæknin eigi í framtíðinni eftir að gera þeim auðveldara fyrir með að hafa hendur í hári þeirra sem stunda ólöglegt skógarhögg í landinu. /VH



Afrískum filum hefur fækkað um rúmlega helming frá því um 1970.

Helmingur villtra dýra horfið af jörðinni á síðustu 40 árum

Ofveiðar, slæmur vatnsbúskapur og skemmdir á búsvæðum sögð helsta ástæða fækkunarinnar.

Í nýrri úttekt World Wide Fund for Nature segir að um helmingi færri villt dýr finnist á jörðinni í dag en fyrir fjörutíu árum. Á það jafnt við um villt dýr á landi, í ám og í hafi. Helsta ástæða fækkunarinnar

er sögð vera ofveiði, slæmur vatnsbúskapur, og skemmdir á búsvæðum dýranna eins og skógarhögg.

Í úttektinni segir að í dag felli menn tré hraðar en svo að nýir skógar nái að vaxa upp aftur, dæli meira vatni úr ám en renni í þær og veiði fisk hraðar en hann nær að fjölga sér.

Skógaeyðing:

Fimm fótoltavellir á mínútu

Samkvæmt nýrri skýrslu um skógaeyðingu í hitabeltinu var jafngildi fimm fótoltavalla af skóglendi eytt á hverri mínútu í hitabeltinu á árunum 2000 til 2012.

Ástæða eyðingarinnar að sögn skýrsluhöfundar er að mestu vegna eftirspurnar eftir kjöti, leðri og timbri í Evrópu og Bandaríkjunum.

Stór hluti eyðingarinnar stafar af ólöglegu skógarhöggi í Brasilíu og Indónesíu. Auk þess sem ólöglegt skógarhögg hefur aukist í Asíu og Afríku. Samkvæmt skýrslunni er 49% af öllu skógarhöggi í hitabeltinu ólöglegt.

Skýrslan var unnin af



Forest Trends sem eru samtök umhverfisverndarsinna og aðila úr iðnaðar- og fjármálageiranum. /VH

Undarlega fjölbreyttir möguleikar í gæðavottun afurða

Sérstök gæðavottun vara frá landbúnaði hefur enn sem komið er ekki verið sérlega útbreidd hér á landi. Margir telja ástæðuna einfaldlega vera þá að neytendur geti treyst og treysti íslenskum bændum og afurðastöðvum þeirra til þess að framleiða góðar vörur. Þá er vitað að bæði áburðar- og eiturefnanotkun íslenskra bændar er hverfandi miðað við það sem þekkt er erlendis.

Hér á landi eru þó til og í notkun allmörg gæðavottunarkerfi sem notuð eru um íslenskar landbúnaðarvörur s.s. Skráargatsmerkingar, vistvæn merking eða lífræna vottun svo dæmi séu tekin. Víða í Evrópu gengur markaðsstarf og markaðssetning landbúnaðarvara mjög mikið út á vottun og merkingar, en þegar kafað er aðeins dýpra í merkingarnar kemur í ljós að það er alls ekki auðvelt fyrir neytendur að átta sig á þeim.

Neytendur treysta merkjum

Á heimasíðu Evrópusambandsins, þar sem fjallað er um lífræna vottun afurða, kemur fram að yfir 70% íbúa sambandslandanna treysta vörum sem hafa lífræna vottun en 60% þeirra vilja sjá aukna skilvirkni í merkingum. Skýringin á þessu er sú að innan landa Evrópusambandsins eru í notkun mörg hundruð vottunarkerfi sem að hluta til votta lífrænar afurðir en einnig margs konar aðrar útfærslur við framleiðslu varanna! Við einfalda yfirferð vottunarkerfa komst greinarhöfundur að því að a.m.k. 300 ólík kerfi eru til í dag og sjálfsagt miklu fleiri – og það einungis hér í Evrópu!

Mörg kerfi kalla á svindl

Það þarf ekki mikið hugmyndaflug til þess að sjá gallana við að hafa mörg og ólík kerfi til að votta landbúnaðarvörur, enda býður það hættunni heim varðandi svindl. Fyrir þremur árum kom einmitt upp slíkt mál í Evrópu, þar sem í ljós kom að „lífrænt“ vottaðar vörur frá Ítalíu voru einfaldlega hefðbundnar en höfðu fengið vottun af mafiunni þar í landi. Það tók lögregluna langan tíma að komast að þessu svindli, sem hafði staðið a.m.k. frá 2007–2011 og á þeim tíma hafði mafiunni tekist að selja 700 milljónir kílóa af vörum til marga landa þar sem fyrirtæki höfðu svo pakkað og selt áfram til neytenda. Eftir þetta hafa t.d. margir danskir neytendur sett almennan fyrirvara við vottaðar vörur frá Ítalíu svo dæmi sé tekið.

Neytendur treysta „sínur“ merkjum

Þegar horft er til vottunar vara, hvort heldur hún er lífræn, sk. umhverfisvæn, kolefnisjöfnuð eða hvað annað, þá hefur hvert land í Evrópu sitt eigið kerfi og sínar eigin áherslur. Svo virðist sem neytendur treysti í raun best þeim merkjum sem eiga uppruna sinn í heimalandi þeirra. Þetta er í raun vel skiljanlegt enda liggur ábyrgðin á vottuninni þá einnig á einhverjum sem stendur neytandanum nær en t.d. eftirlitsaðilanum á launaskrá mafiunnar í Ítalíu.

ESB reynir að samræma merkingar

Vegna allra þessara ólíku merkingakerfa hefur Evrópu-



sambandið nú reynt að koma á samræmdri merkingu en það gengur afar hægt í raun. Þetta er þó talið nauðsynlegt skref í hinu frjálsa flæði vara innan landa Evrópusambandsins. Vörur sem hafa þetta græna merki eiga allar að uppfylla lágmarkskröfur ESB um lífræna vottun og eru vörurnar auk þess með kennitölu sem er að fullu rekjanleg.

Sameiginleg norræn merki

Norðurlöndin hafa alla tíð verið framarlega í vottun á vörum og er Skráargatsmerkið gott dæmi. Þetta vottunarkerfi var fundið upp í Svíþjóð fyrir meira en 20 árum og er nú í notkun bæði hér á landi, í Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Þetta merki hefur ekkert með lífræna framleiðslu að gera heldur vottar að viðkomandi vara innihaldi minna magn af fitu, salti og sykri og þar sem það á við meira af heilu korni og trefjum. Alls nær skilgreiningin fyrir Skráargatið yfir 25 flokka matvæla og er öllum matvælaframleiðendum frjálst að nota Skráargatið sér að kostnaðarlausu, en merktar vörur verða þá að uppfylla þau næringarviðmið sem gilda fyrir hvern flokk matvæla. Það eru stjórnmöld á Norðurlöndum sem sjá um skilgreiningarnar fyrir vöruflokka Skráargatsins og gera það í gegnum hið norræna samstarf.

Svanurinn og blómið

Annað sameiginlegt norrænt merki er hið þekkta svansmerki, sem finna má á ýmsum vörum hér á landi. Þetta merki táknar að varan er umhverfisvæn, þ.e. hefur ekki þekkt skaðleg áhrif á umhverfið. Þetta merki er einungis

notað á Norðurlöndunum en innan Evrópusambandsins er til sambærilegt merki sem oftast er bara kallað „Blómið“. Það merki hefur í raun sömu merkingu og „Svanurinn“ og má sjá víða á vörum en einnig þjónustu s.s. á tjaldsvæðum svo dæmi sé tekið. Neytendur eiga að geta treyst því að þar sem þessi merki sjást, þá hafi viðkomandi söluaðili fengið vottun á vöru sína eða þjónustu.

Ótal önnur merki

Innan Norðurlandanna má finna ótal önnur vottunarkerfi og merkingar bæði á matvörum og öðrum vörum. Þannig notar t.d. Coop-verslunarkerðjan merkið „Ánglamark“ yfir vörur sem geta verið lífrænt framleiddar (þ.e. sé um matvöru að ræða) en einnig um vörur sem einungis eru framleiddar með vistvænum eignum eða eru t.d. ekki ofnæmisvaldandi. Annað dæmi má nefna eins og þekkt skrásett norræn vörumerki. Á bak við slík merki er þá oftast skilgreining á gæðum sem viðkomandi vara þarf að uppfylla, en oftast en ekki er þá um vörumerki einstaks framleiðanda að ræða.

Verður varla einfalt

Margar stórar verslunarkerðjur eru byrjaðar að móta sína eigin umhverfisstefnu og nota eigin merkingar í stað þess að nota opinberar merkingar, líklega þar sem oft er það ódýrari og einfaldari leið. Þá læðist að manni sá grunur einnig að sumar þessara merkinga séu í raun settar á vöruna til þess að bæta ímyndina e.t.v. án þess að innistæða sé fyrir slíku. Til þess að tryggja að svo sé ekki, er vandséð annað en að merkingakerfið þurfi að vera á vegum opinbers aðila eða í það minnsta aðila sem heyrir undir opinbert eftirlit. Það er sú leið sem farin var í Danmörku á sínum tíma með lífræna vottun og virðist það hafa gefið góða raun enda hvergi herra hlutfall lífrænna vara í innkaupakörfum neytenda í heiminum.

Snorri Sigurðsson
sns@vfl.dk
Nautgriparkerfarsviði
Þekkingarsetri landbúnaðarins í Danmörku



Fornlög í Noregi kveða á um að landið eigi að vera sjálfbært hvað varðar fæðuöryggi:

Yfirvöld hafa vaxandi áhyggjur að auknum innflutningi matvæla

Kornuppskera var mjög léleg í Noregi árið 2012 og ekki nema 35% af uppskeru í meðalári og hafa margir þar í landi áhyggjur af því að fæðuöryggi í Noregi sé ekki nógu öruggt komi upp neyðarástand.

Með fæðuöryggi er átt við að nóg sé til af mat og að næringargildi hans sé rétt en með sjálfbærni í fæðuframleiðslu er átt við hversu hátt hlutfall af matvælum og fóðri þjóðir eru færar um að framleiða komi til kreppu- eða neyðarástands.


Þörf fyrir matvæli að aukast

Undanfarin ár hafa kornakrar í Noregi dregist saman um 23% og innan landbúnaðargeirans þar í landi er því haldið fram að um mikla afturför sé að ræða. Máli til stuðnings er bent á að samkvæmt spám Matvæla- og þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna sé þörfin fyrir matvæli alltaf að aukast og að loftslagsbreytingar séu sífellt að gera framleiðslu hans erfiðari.

Það kann því að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir Noreg ef innflutningur á matvælum stöðvast. Fornlög kveða á um að Noregur eigi að vera sjálfbært hvað varðar fæðuöryggi.

Innflutningurinn aukist um 12 milljarða norskra króna

Innflutningur á matvælum til Noregs jókst um 12 milljarða norskra króna, um 224 milljarða íslenskra, frá árunum 2006 til 2013 en útf lutningstekjur af matvælum einungis um 2,3 milljarða norskra



króna sem jafngildir um 43 milljörðum íslenskra króna.

Ástandið víða um heim er ótryggt og ekki á visan að róa þegar kemur að öryggi innflutnings á matvælum frá öðrum löndum skapist einhvers konar neyðarástand eða vegna átaka. Bent er á að Úkraína sé meðal stærstu kornræktenda í heiminum og þar eru aðstæður til hveitiræktar mjög góðar. Landið er stærsti framleiðandi sólblómaolíu í heiminum. Ástandið í Úkraínu hefur verið mjög viðkvæmt undanfarið og stöðvist útf lutningur á korn þaðan gæti það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir ríki Evrópu.

30 daga birgðir

Samkvæmt grófu mati nefndar í Noregi um fæðuöryggi eiga matarbirgðir í Noregi að duga þjóðinni í 30 daga komi upp alvarlegt neyðarástand og leggist

innflutningur á matvælum niður. Matið byggist á upplýsingum um birgðir í verslunum og vöruskemmum og áætlun um hversu mikið af þurrmat einstaklingar eiga heima hjá sér.

Auk þess verður að líta til þess að Norðmenn hafa greiðan aðgang að gjöfulem fiskimiðum sem reynst gætu þeim gjöful matarhola í þrengingum.

Fæðuöryggi mikið í Noregi að mati Economist

Þrátt fyrir þá staðreynd að innflutningur á matvælum til Noregs hafi aukist mikið undanfarin ár er landið í þriðja til fjórða sæti, ásamt Hollandi, á lista tímaritsins Economist yfir ríki þar sem fæðuöryggi er mest í heiminum árið 2014. Bandaríkin eru í fyrsta sæti og Austurríki númer tvö. Ísland er ekki tekið með í úttektinni.

Bretland:

Kindur skakkar af hampáti

Bónda nokkrum í Bretlandi þótti göngulag ána sinni einkennilegt þegar hann átti leið framhjá akri þar sem kindurnar voru á beit. Hann ákvað því að athuga betur hvað væri á seyði.

Rétt innan við girðinguna fann bóndinn sjö stóra plastpoka sem hann hélt í fyrstu að innihéldu afklippur af limgerði sem einhver hefði kastað inn á akurinn. Fljótlega sá hann að í pokunum var mikið

magn af fullvöxnum hampi sem hafði verið troðið í pokana og að ærnar höfðu étið talsvert af honum.

Lögreglan sem kom á staðinn áætlaði að í pokunum hefði verið hampur fyrir hátt í milljón króna og að einhver hefði losað sig við hann með hraði. Þrátt fyrir að kindurnar hefðu greinilega verið „stoned“ verður ekki gefin út kæra gegn þeim. Ekki er vitað hvort hampurinn hafi áhrif á gæði kjótsins.

/VH

Til sölu skeifufram- leiðslan Helluskeifur

Sala á helluskeifum hefur aukist ár frá ári og er að færast yfir allt landið, en vegna óviðráðanlegra orsaka þurfum við að selja verksmiðjuna ef viðunandi verð fæst.

Tilboð óskast.

Nánari upplýsingar í síma 893-7050.

Sími 893-7050 Fax 438-1510
Netfang: ljahvagn@bsssl.is
Veffang: www.helluskeifur.is

Vandræðin á evrusvæðinu halda áfram:

Forseti Frakklands óttast stöðnun hagvaxtar í ESB-ríkjunum

Francois Hollande Frakklands-forseti fór fram á það á fundi með sendiherrum Frakka í París hinn 28. ágúst að efnt yrði til ráðstefnu um evrusvæðið. Varaði hann einnig við því að yfirvofand væri stöðnun í hagvexti Evrópu ef ekkert yrði að gert.

Sagði Hollande að nauðsynlegt

væri að halda ráðstefnu um málið til að samhæfa aðgerðir innan ESB-ríkjanna til að auka hagvöxt.

„Efnahagsbatinn er of hægur, verðbólga of lítil og evran er of hátt metin,“ sagði Hollande á fundinum. Hann krafðist þess líka að efnahagsramminn sem ESB-ríkjunum er settur varðandi 3% hámarks hallafrávik, yrði

rýmkaður, en talið er að Frakkar fari fram úr áætlun sinni um 3,9% halla á þessu ári. Þá er talið ólíklegt að Frakkar geti náð 3% markinu fyrir árslok 2015.

Á vefsíðu euobserver.com segir að talsmaður Evrópuráðsins hafi látið hafa það eftir sér að málið yrði rætt á fundi efnahagsráðherra ríkjanna í Milanó.

SCANVER
DUGGUVOGI 10 - 104 REYKJAVÍK
SÍMI 588 8040
GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

**EVROPSKIR
GÆÐAMÓTORAR
Á GÓÐU VERÐI**

www.scanver.is

Gluggar fyrir íslenskt veðurfar

pvc gluggar - hurðir - sólstofur - svalalokanir - rennihurðir - þakkantar

**PGV
FRAMTÍÐARFORM**

www.pgv.is - 510 9700 - Seljabót 7 Grindavík - Skipholt 35 Reykjavík

Eypór Einarsson
Ábyrgðamaður
sauðfjárræktar
hjá RML



Styrkir vegna afkvæmarannsóknna í sauðfjárrækt

Síðastliðið haust voru kynntar nýjar reglur varðandi styrki út á afkvæmarannsóknir í sauðfjárrækt. Aukin áhersla er á að lambhrútar séu afkvæmaprófaðir skipulega, þannig að sem bestur dómur fáiast á kynbótagildi þeirra strax. Þar með er hægt að „skera úr“ veturgömlu hrútunum á grunni niðurstaðna afkvæmarannsókna.

Verkefnið er styrkt af þróunarfé sauðfjárræktar og hafa skilyrðin fyrir

styrkhæfum afkvæmarannsóknnum verið samþykktar í fagráði. Skilyrðin eru eftirfarandi:

- Í samanburðinum þurfa að vera a.m.k. 5 veturgamlir hrútar (fæddir 2013). Sjálfsagt er að hafa eldri hrúta með í uppgjörunu ef þeir eru samanburðarhæfir.
- Hjá hverjum hrút þurfa að liggja fyrir upplýsingar um

a.m.k. 8 lömb af sama kyni sem hafa verið ómmæld og stiguð og a.m.k. 15 lömb með sláturupplýsingar.

- Æskilegt er að ærhóparnir sem hrútarnir eru notaðir á séu sem best samanburðarhæfir, því er t.d. ekki marktækt að bera hrút sem eingöngu er notaður á gemlinga saman við hrúta notaða á blöndu af eldri ám.

- Vista þarf uppgjörið í Fjárvis. is og senda síðan tilkynningu á ee@rml.is fyrir 15. nóvember. Rétt er að tilgreina nafn og kennitölu þess sem er viðtakandi styrksins og fjölda veturgamalla hrúta í uppgjörunu.

Styrkupp hæðin er 2.000 kr. á hvern veturgamlan hrút. Rétt er að benda á að þegar uppgjörið er gert er hægt

að henda út lömbum sem skekkst geta niðurstöður s.s. undanvillingum. Nákvæmast er að nota eingöngu gengna tvílembinga.

Ráðunautar RML geta veitt mönnum aðstoð og leiðbeiningar eftir því sem þörf krefur um tæknileg atriði eða túlkun niðurstaðna. Hins vegar ef menn vilja að ráðunautar sjái alfarið um uppgjörið á rannsókninni þá fellur það undir gjaldskylda vinnu.

Bóndi er bústólpi

Landbúnaðurinn hefur verið nokkuð reglulega í sviðsljósinu undanfarin misseri. Eðlilegt er að fjölmiðlar og neytendur sýni honum áhuga þar sem framleiðendur búvara gegna jú því mikilvæga hlutverki að uppfylla að stórum hluta þarfir landsmanna fyrir matvörur.

Þessu hlutverki hafa þeir sinnt í áratugi, allt frá því að landsmönnum í þéttbýli tók að fjölga svo um munaði og markaður að myndast fyrir búvörur. Afurðasölulögin frá 1934 eiga einmitt áttæðis afmæli á þessu ári en þau marka upphaf skipulagðrar löggjafar hér á landi um þessi mál.

Landbúnaður líklega aldrei staðið í meiri blóma



Erna Bjarnadóttir.

Víst er að oft hafa skipst á skin og skúrir í afkomu bænda, eins og gerist með aðrar stéttir í þjóðfélaginu. Þrátt fyrir það hefur landbúnaður líklega aldrei staðið í meiri blóma en nú. Bændur stunda fjölbreyttar búgreinar, sagðar eru fréttir af undraverðum árangri þeirra í ræktun á fódri fyrir búsmala sinn, vaxandi hluti framleiðslunnar er seldur

neytendum beint og þannig tekist að styrkja sambandið milli þessara aðila. Fjölbreytni og sveigjanleiki eru kjörorð dagsins.

Staðhæft að bændur leppi dauðann úr skel

Það skýtur því nokkuð skökku við að á sama tíma sé skrifuð grein í

Vísbendingu, vikuriti um viðskipti og efnahagsmál, þar sem því er haldið fram að bændur leppi dauðann úr skel! Þessi staðhæfing er elduð upp úr gamalli uppskrift þar sem hrært er saman meðaltölum, slatta af ónákvæmni og ásetningi um hver niðurstaðan eigi að vera.

Í nærri 25 ár hafa Hagþjónusta landbúnaðarins og síðan Hagstofa Íslands annast söfnun upplýsinga um búrekstur úr búreikningum bænda. Búreikningunum er ekki safnað með úrtakskönnunum og endurspegla því ekki endilega stærðardreifingu búa né staðsetningu þeirra. Þá er þeim tekjum sem þeir sem að rekstrinum starfa og afla eftir öðrum leiðum, ekki safnað samhliða. Upplýsingar um umfang vinnu sem leyst er af hendi við búreksturinn eru áætlanir búreikningshaldara í heilum mánuðum.

Fyrir árið 2012, vann Hagstofa Íslands úr búreikningum frá 132 kúabúum af þeim líðlega 700 sem voru í mjólkurframleiðslu það ár. Samanlagður hagnaður, reiknuð eigin laun og greidd laun og launatengd gjöld námu 7.867 þús. kr. Sömu bændur töldu að að meðaltali væri vinnuframlag við

búið 1,92 ársverk. Mánaðarlaun ásamt arði til að greiða vexti af eigin fé nema því rösklega 341 þús. kr. Nú má alltaf deila um hvað séu há og lág laun, en staðreyndirnar tala þó sínu máli.

Kúabú í landinu eru vel á sjöunda hundrað talsins, framleiðslan hefur aldrei verið meiri en í dag og greinin virðist vera að rétta úr kútnum eftir efnahagshrunið sem setti efnahagsreikning margra búa í alvarlegt uppnám líkt og margra heimila og annarra fyrirtækja.

Lítið brot sauðfjárbúa í uppgjöri Hagstofunnar

Sauðfjárbú í sambærilegu uppgjöri Hagstofunnar árið 2012 voru 81 og er það aðeins lítið brot af sauðfjárbúum í landinu en heildarfjöldi þeirra liggur nærri að vera rösklega 1.500 auk fjölda smærri framleiðenda. Meðalstærð búanna í uppgjörunu var 397 vetrarfóðraðar kindur sem er ekkert fjarri því að vera algeng stærð á búi sem skapar þorra afkomu þeirra sem það reka.

Bændurnir töldu að vinna við það næmi 1,08 ársverki og mánaðarlaun ásamt arði til að greiða vexti af eigin

fé (reiknað með sama hætti og fyrir kúabúið) námu rösklega 191 þús. kr. Þetta er augljóslega heldur lakari afkoma en á kúabúum en aftur er nauðsynlegt að hafa í huga að þorri sauðfjárbænda, makar þeirra eða aðrir fjölskyldumeðlimir afla einnig tekna utan bús eða með annarri starfsemi.

Enginn fjöldaflótti úr greininni

Þessu til stuðnings má benda á að enginn fjöldaflótti virðist úr stétt sauðfjárbænda um þessar mundir og árlega nýtur allstór hópur stuðnings til að hefja búskap í formi sérstaks nýliðunarstyrks.

Örökrétt er að ætla að þeir sem það gera sjái ekki sauðfjárrækt sem einhvers konar hluta eða meginstoð í öflun lífsviðurværis síns í framtíðinni. Engin fjöður skal hins vegar dregin yfir það að tollvernd og annar stuðningur við landbúnaðinn er mikilvæg stoð í afkomu þessara búgreina og svipað á við um fleiri búgreinar. Það er hins vegar ekkert sér íslenskt heldur tíðkað alls staðar í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

/EB



Matvælastofnun ...frá heilbrigði til hollustu

Fjöldi dýra í landinu

Nýjustu tölur yfir fjölda búfjár á landinu sýna almenna fækkun búfjár. Þó er ljóst að ekki eru um fækkun á fjölda dýra á Íslandi að ræða heldur má rekja þetta til ófullnægjandi skila á haustskýrslum og eftirfylgni í kjölfar gildistöku nýrra laga um búfjárhald. Sérstaklega á þetta við um fjölda hrossa og þarf að skoða betur hvernig unnt er að bæta upplýsingar um fjölda hrossa í landinu.

Skil á haustskýrslum 2013 voru ófullnægjandi og bera hagtölur vott um það. Frá árinu 2010 hefur Matvælastofnun safnað upplýsingum um fjölda búfjár á landsvísi og birt á vef og í starfsskýrslum stofnunarinnar. Til ársins 2014 hafði skilum á haustskýrslum verið fylgt eftir af búfjárefirtirlismönnum sveitarfélaga í desember fram í febrúar ár hvert. Með gildistöku nýrra laga um búfjárhald 1. janúar 2014 fluttist búfjárefirtirlitið frá sveitarfélögum til Matvælastofnunar. Sex

dýraeftirlitsmenn hófu störf í stað u.þ.b. 40 búfjárefirtirlismanna (10 - 12 stöðugildi) sem áður höfðu sinnt því starfi. Í lok ársins 2013 var eftirfylgni haustskýrslna ólokið. Fækkun stöðugilda og innleiðing nýs verklags, sem setti eftirlit með velferð dýra í forgang fram yfir eftirfylgni með öflun hagtalna, varð til þess að ekki náðist að fylgja gagnasöfnun eftir með sama hætti og áður.

Matvælastofnun vill ítreka mikilvægi þess að bændur skili upplýsingum um búfjáreign til stofnunarinnar skv. lögum. Stofnunin sendi í síðustu viku bréf til allra þeirra sem skráðir eru eigendur eða umráðamenn búfjár í gagnagrunninum Bústofni þar sem minnt er á að samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 38/2013 skulu umráðamenn búfjár skila árlegri haustskýrslu fyrir 20. nóvember n.k. um búfjáreign, fódur og landstærðir. Haustskýrslu skal skila á síðunni www.bustofn.is og er aðgengi fengið með rafrænum lykli (Íslykli).

Upplýsingar um Íslykilinn og notkun hans er að finna á Bustofn.is.

Bent er á að sé haustskýrslu ekki skilað innan o f a n g r e i n d s frests skal Matvælastofnun f r a m k v æ m a skoðun hjá viðkomandi umráðamanni á hans kostnað. Matvælastofnun bendir á að vorskoðun er ekki lengur framkvæmd en dýraeftirlit er eins og annað eftirlit áhættumiðað þannig að þunga eftirlitsins er beint þangað sem þörfin er mest. Þetta er í samræmi við þær breytingar sem gerðar voru á lögum um búfjárhald og lögum um dýravelferð. Matvælastofnun mun því eftirleiðis sannreyna áreiðanleika upplýsinga í almennum eftirlitsheimsóknum auk rafræns eftirlits. Til að bregðast við hugsanlegum vanskráningum á haustskýrslum mun Matvælastofnun

leitast við að ráða verktaka sem auk starfsmanna MAST koma til með að heimsækja þá sem ekki sinna skyldum sínum. Slík eftirfylgni verður eins og fram hefur komið á kostnað viðkomandi aðila.

Óskað er eftir að umráðamenn búfjár geri viðvart verði þeir varir við ranga skráningu upplýsinga í gagnagrunninum Bústofni. Eingöngu er einn umráðamaður búfjár skráður á hvert búsnúmer þó fleiri búfjáreigendur geti verið skráðir undir sama búsnúmeri. Nýskráningu umráðamanns búfjár eða breytingar umráðamanna

skal tilkynna dýraeftirlitsmanni hjá Matvælastofnun. Einn dýraeftirlitsmaður starfar í hverju umdæmi stofnunarinnar. Ábendingum eða leiðréttingum má einnig koma á framfæri á netfangið mast@mast.is.

Þeim sem þurfa aðstoðar við vegna rafrænna skila stendur til boða þjónusta Ráðgjafamiðstöðvar landbúnaðarins RML við skil á haustskýrslu. Hafa má samband við RML í síma 516-5000 eða með tölvupósti á netfangið rml@rml.is.

Sverrir Þ. Sverrisson



Norrænt samstarf um sauðfjár- og geitfjárrækt – InterNorden

Íslenskir búvísindamenn hafa verið virkir þátttakendur í faglegu samstarfi um sauðfjár- og geitfjárrækt síðan um miðja síðustu öld undir merkjum InterNorden.

Á liðnu sumri var haldin 32. ráðstefnan, í Noregi að þessu sinni, en þar eru að jafnaði haldnar annað hvert ár.

Áhersla á úthagabeit og sæðingastarfsemi

Ráðstefnan var haldin við ágæt skilyrði í Spidsbergseter í Opplandfylki, hátt til fjalla í Guðbrandsdal, þar sem rík hefð er fyrir afreittabeit sauðfjár- og geitfjár, enn að hluta til í seljum. Á næsta leiti er elsti norski þjóðgarðurinn, Rondane, stofnaður 1962 og stækkaður 2003. Þátttakendur voru um 30, en dagskráin dagana tvo, frá hádegi 11. til hádegis 13. ágúst, samanstóð af 15 erindum og kynnisferðum til bæði sauðfjár- og geitfjárbænda og á sæðingastöð. Sá sem þetta ritar var eini íslenski þátttakandinn og flutti tvö erindi, annars vegar um úthagabeit sauðfjár og geitfjár og hins vegar um sauðfjár- og geitfjárrækt á Íslandi.

Við umfjöllun um beitarmálin vakti athygli hve norskir sauðfjárbændur verða fyrir miklu tjóni vegna ágangs rándýra af ýmsu tagi, svo sem úlfa, bjarndýra, gaupa og arna. Margt er gert til að reyna að draga úr vanhöldunum. Þarna var m.a. kynntur rafeindabúnaður svo og eftirlitsmyndavélar til að fylgjast með bæði fé og rándýrum, sem geta leitt til fyrirbyggjandi aðgerða.

Norðmenn kynntu vel fyrir okkur sæðingastarfseminu, bæði í þágu sauðfjár- og geitfjárræktar, m.a. með heimsókn á Sauðfjársæðingastöðina á Staur, skammt frá Hamri. Finnar eru farnir að sýna sauðfjársæðingum mun meiri áhuga en áður en þar er reyndar töluverð gróska í sauðfjárrækt.



Mjólkurgeitur í seli í Guðbrandsdal í Noregi.

Myndir / ÖRD

Finnar byggja stærri fjárhús

Síðan InterNorden-ráðstefnan var haldin síðast í Finnlandi sumarið 2006 hefur greinilega verið lögð vaxandi áhersla á lambakjötsframleiðslu. Þetta kom nokkuð á óvart því að þar hafa fjárbúin verið lítil og sauðfjárrækt smá í sniðum til þessa.

Kindakjötsneysla hefur verið lítil og búgreinin varð fyrir miklu áfalli eftir að Finnland gekk í Evrópusambandið seint á liðinni öld. En gagnstætt því sem sumir hér á landi halda er ekki alltaf hægt að flytja inn ódýr matvæli. Það skiptir máli að treysta grunnstöðir heimaframleiðslu til að bæta hag neytenda og styrkja fæðuöryggið.

Á þessu er greinilega vaxandi skilningur í Finnlandi því að þar eru nú veittir veglegir styrkir til fjárhúsbygginga, einkum yfir 100 kinda mörkunum, sem hingað til hafa þótt fjármörg bú þar í landi. Innanlandsframleiðsla er að aukast aftur og dregið hefur úr innflutningi.



Sauðabjöllur eru mikið notaðar á fé í Noregi.

Nú byggir Tapio Rintala, formaður Finnnska sauðfjárræktarsambandsins, 1000 kinda fjárhús undir einu þaki sem er mjög athyglisvert, ekki aðeins vegna bústærðarinnar, heldur einnig vegna þess að búið verður með lífræna vottun.

Vitað er að túlkun reglna ESB um aðfluttan búfjáraburð af hefðbundnum búum eru nokkuð breytilegur eftir löndum. Virðast

heimildir lífrænna bænda í Finnlandi fremur rúmar til að nota slíkan áburð.

Vegagirðingar til varnar lausagöngu

Skammt norðan við Gardermoenflugvöll á leiðinni norður í Guðbrandsdal, keyrðum við á marga kílómetra kafla meðfram nýjum vegagirðingum þar sem

vegayfirvöld, tryggingafélög og bændur hafa gert samning um friðun fjölfarins vegsvæðis.

Líkt og hér á landi eru vegir ógirtir og opnir fyrir búfé í högum víða í Noregi. Einkum er um að ræða sauðfé en töluvert ber á tjönum, einkum þar sem elgir og fleiri villt dýr koma við sögu. Stutt var á milli staura, aðeins 1,0-1,5 metrar, net líkt og hér á landi og sléttur vírstrengur yfir. Þarna getur verið mjög snjópungt. Á þessu svæði gengur féð í skóglendi sem er verið að grisja, gott dæmi um hagkvæma landnýtingu með því að tengja saman skógrækt og sauðfjárrækt.

Stjórnarfundur InterNorden

Við sem myndum stjórn InterNorden vorum sammála um að bjóða baltnesku löndunum, Eistlandi, Lettlandi og Litháen, að taka þátt í þessu samstarfi í framtíðinni. Þótt sauðfjár- og geitfjárrækt séu ekki stórar búgreinar í þeim löndum er áhugi á þessum greinum töluverður. Því hef ég kynnst, einkum í gegn um Búfjárræktarsamband Evrópu. Það hefur einhver áhrif að verð á dílkakjöti hefur farið hækkandi á seinni árum. Þá er alltaf veruleg eftirspurn eftir afurðum geitfjár, einkum ostum, sem Norðmenn framleiða í all stórum stíl.

Mér var falið að kanna hvort Grænlandingar geti haldið næsta InterNorden-ráðstefnu, sumarið 2016, en þeir gátu ekki sent fulltrúa að þessu sinni. Þar var haldin mjög góð InterNorden-ráðstefna sumarið 1998. Málið er í skoðun en gangi það ekki koma Ísland eða Svíþjóð til greina. Hér var hún síðast sumarið 2002.

Dr. Ólafur R. Dýrmundsson er landsráðunautur BÍ í lífrænum búskap og landnýtingu, ord@bondi.is., og getur hann gefið nánari upplýsingar um InterNorden-samstarfið.

ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Í skammdegismánuðunum er gott að vera jákvæður

Mörgum Íslendingum er tamt að röfla og skammast yfir öllu. Það er magnað að aldrei þreystast sumir á að lasta það sem slæmt er í þeirra huga með yfirgengilegu tuði og röfli.

Flestir sem einhvern tíma hafa verið í sveitarstjórn, félagasamtökum sem stjórnarmenn fá að launum baktal og skítkast fyrir störf sín frá þeim sem verið er að vinna fyrir. Sjálfur hef ég verið í stjórnnum nokkurra frjálsra félaga og hagsmunasamtaka og launin sem ég fékk var sjaldnast hól, en því meira af skítasti og baktali. Þetta er leið sumra til að segja takk fyrir sagði stjórnmalamaður við mig eitt sinn og þeirra þakkir fyrir vel unnin störf. Oft varð mér hugsað til sveitunga míns sem sagði um svona menn þessa gullsetningu: Huglausasti hundurinn í sveitinni geltir alltaf hæst.

Þegar vel gengur í kappleikjum og íþróttum fá þeir bestu oftast verðlaun. Verðlaun má veita oftast fyrir vel unnin störf, þá með verðlaunum sem geta verið á ýmsa vegu. Að fá hól og þakklæti fyrir það sem vel er

gert hvetur þann sem hólið fær til að gera enn betur. Hól og verðlaun geta verið á svo marga vegu og sem dæmi: Gjafir, ferðalög, bónusgreiðsla eða bara takk fyrir með handabandi, allt hól er hvetjandi, styrkjandi og stuðlar að vellíðan og jákvæðni.

Rifrildi getur skilið eftir djúp sár

Fyrir skemmstu las ég í fjölmiðli að tíundi hver Íslendingur lendi einhvern tíma í þunglyndi á lífsleiðinni og að skammdegidi sé aðaltími þunglyndis á Íslandi. Oftast sé þetta tímabilið frá miðjum október og fram í miðjan febrúar. Sumt fólk er mjög viðkvæmt fyrir gagnrýni og þolir illa mótlæti sem leiðir til þunglyndis, sagði vinur minn þegar ég spurði hann hvers vegna hjónaband hans hafi verið svona stutt. Að vera ósammála þarf ekki að enda með rifrildi, en það var alltaf svoleiðis hjá okkur, hún fór inn í herbergi og lokaði að sér og ég var þungur oft í marga daga. Eina leiðin var að skilja, sagði hann mér að lokum.



Jákvæðnisverðlaun mætti veita oftast. Hermann Hreiðarsson verðlaunar Sigga Hlö. sem jákvæðasta keppandann í golfmóti.

Horfðu á björtu hliðarnar

Sjaldan hef ég unnið til verðlauna í íþróttum en í þau fáu skipti voru verðlaunin mikil ánægja. Það er ekki óalgengt að ég fái þakkir og hól fyrir vel unnin störf þar sem ég legg mikinn metnað í að gera vel (geri líka mistök eins og aðrir og er þá ekki sáttur við sjálfan mig). Í nokkur ár var ég matargerðarmaður bæði til lands og sjós, gerði mat fyrir sex og upp í rúma hundrað munna sem þurfti að metta. Alltaf fannst mér jafn ánægjulegt þegar við mig var sagt: Takk fyrir matinn. Setning sem gaf manni stolt og ánægju. Litlu jákvæðu setningarnar geta verið svo ánægjulegar fyrir suma að fá að það er með ólíkindum, en neikvæð orð eru oft betur ósögð fyrir viðkvæmar sálir. Lítil gjöf eins og blómvöndur gerir meira en margan grunar og að verðlauna sjálfan sig að loknu góðu dagsverki með einhverju góðgæti stuðlar að jákvæðni og vellíðan.

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Fjölskyldan á Hæli er stór og flókin og búreksturinn fjölbreytilegur.

Býli: Hæli og Selland (Parturinn).

Staðsett í sveit: Í Húnavatnshreppi, í A-Húnavatnssýslu.

Ábúendur: Jón Kristófer Sigmarsson og Ásdís Ýr Arnardóttir.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Fjölskyldan á Hæli er stór og flókin. Helga Dögg (24 ára) er elst, því næst er María Rún (13 ára) og síðan er María Sigrún (12 ára). Yngstur er erfðaprinsinn Kristófer Bjarnar (4 ára) og á nýju ári bætist eitt barn í hópinn. Gæludýrin eru fjögur, smalahundarnir Tása, Fríða og Stormur ásamt kettinum Sófusi sem sér um að halda fjárhúsum músalausum.

Stærð jarðar? Hæli 300 hektarar og Selland 1.700 hektarar.

Gerð bús? Sauðfjárbú, hrossarækt, ferðabjónusta og bátaútgerð.

Fjöldi búfjár og tegundir? 740 vetrarfóðraðar kindur og 104 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Það er mjög misjafnt eftir árstíðum, bæði vinnum við utan heimilis. Ásdís starfar á Blönduósi yfir vetrarmánuðina, Jón Kristófer rekur fjárbíl á haustin og bæði sinna þau ferðabjónustu á sumrin.



Ásdís Ýr og Jón Kristófer.



Börnin fjögur.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Sauðburðurinn er tvímælalaust skemmtilegasta bústarfið en jafnframt það erfiðasta. Einnig er gaman að spá og spekulera í lömbum á haustin. Annars er öll vinna skemmtileg með réttu hugarfari og góðum félagsskap.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir 5 ár? Áframhaldandi uppbygging húsakosts og ræktunar búfjár.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Þau eru í



Hæli

góðum farvegi. Passa þarf jöfnuðinn í greininni og að ríkisstuðningur sé til handa þeim sem sannarlega standa í framleiðslu góðra afurða.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Við höfum trú á því að íslenskur landbúnaður eigi eftir að blómstra.

Hvar teljið þið að helstu

tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Leggja meiri áherslu á að upplýsa erlenda neytendur um okkar vistvæna framleiðsluferil.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Mjólk, kók, smjör og egg.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Föstudagskjúklingur

í Samkaup og hamborgari í N1. Annars þykir grjónagrautur alltaf góður og lambalæri með öllu tilheyrandi.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Eftirminnilegast og skemmtilegast er þegar einstaklingar úr ræktunarstarfinu, hvort sem eru hrútar eða hross, skara framúr sínum jafningjum og vinna til verðlauna.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Salatvefjur fyrir hugaða matgæðinga

Kál- eða salatvefjur eru í uppáhaldi hjá mér og ekki að ástæðulausu. Þær eru auðveldar í matreiðslu, hollar og gaman að borða.

Ef þú vilt prófa ótrúlega einfalda uppskrift er hægt að gera klassískt salatmeðlæti að eigin vali sem er svo sett í salatblaðið og rúllað upp eða fyllt stökkt salat með ýmsum fyllingum.



Einföld salatvefja“

Hráefni:

- › 8 stór stökk salatblöð eða grænkáls-blöð
- › 1 rauðlaukur
- › 1 rauð paprika
- › 150 g kjúklingabringa (elduð)
- › 2 matskeiðar ólífuolía
- › salt
- › nýmalaður pipar
- › ögn af Cayenne pipar
- › 1 msk. sítrónusafi

Aðferð

Þvoið salatið og skerið laukinn í þunnar ræmur. Takið paprikuna og skerið í tvennt, fræhreinsið hana og skerið í litla teninga eða saxið gróft (allt eftir smekk). Kjúklingabringuna er best að skera í litla bita. Kryddið svo kjötið og blandið við grænmetið. Kreistið sítrónusafa yfir. Raðið



meðlætinu á salatlauf eða grænkál og hver bjargar sér sjálfur.

Salatvefja með kóreskri steikarfyllingu

Hráefni:

- › 1 stk. nautasirloinsteik
- › 1 meðalstór rauðlaukur
- › 2 stk. hvítlauksgeirar, fínt saxaðir
- › 1–2 tsk. ferskur engifer, fínt saxað
- › 4 msk. soja sósa
- › 2 og ½ msk. púðursykur

- › 2 matskeiðar mirin (sem er asísk hrís-grjónasósa) má sleppa
- › 1 tsk. ristud sesamolía
- › 1 msk. matarolía
- › 2 stk. vorlaukur, saxaðir
- › sesamfræ
- › 1 höfuð icebergsalat eða kinakál

Súrsaðar gulrætur

Hráefni:

- › 200 g rifnar gulrætur
- › 100 ml vatn
- › 2 msk edik

- › 1 hvítlauksrif, marið
- › 2 msk. sykur
- › 1 tsk. salt

Aðferð

Gott er að setja steikina í frysti í um 10–15 mínútur áður en hún er skorin í þunnar sneiðar. Blandið saman hvítlauk, engifer, sojasósu, púðursykri, mirin og sesamolíu. Látið kjötið marinerast í að minnsta kosti 2 klst.

Fjarlægjið steik úr kæli u.þ.b. 20–30 mínútum áður en það á að elda kjötið. Hitið olíu í pönnu yfir miðlungshita. Þegar pannan er heit,



bætið steik og vorlauk í og eldið í um 4–5 mínútur. Bætið í sesamfræjum.

Berið fram á icebergsalati og súrsuðum gulrótum, muldum hnetum eða maissnakki.

Aðferð: sýrðar gulrætur

Hitið vatn í litlum potti yfir miðlungshita, bætið ediki, hvítlauk, salti og sykri út í. Fjarlægja úr hita og hellið yfir rifnar gulrætur. Kælið í krukku. Gulræturnar munu endast í nokkrar vikur.

Gómsætar gellur á stökku salatblaði

Fyrir 3–4

Hráefni:

- › 300 g ferskar gellur
- › 2 msk. steinselja, söxuð smátt
- › ½ meðalstór gulrót
- › ¼ stk. paprika, rauð
- › ¼ stk. paprika, gul
- › estragon á hnífsoddi

Aðferð

Veltið gellunum upp úr hveiti og steikið upp úr smjöri.

Kryddið með salti og pipar og estragon. Fínsaxið grænmetið og steikið í örlitla stund. Framreiðið með meðlæti að eigin vali ofan á stökkt salatblað.



Mitsubishi Outlander PHEV:

Fjór hjóladrifinn rafmagnsbíll með bensínvél að auki

Þeir sem lesið hafa reglulega prófanir mínar hér í blaðinu hafa eflaust tekið eftir vantrú minni á rafmagnsbílum. Til að ég hafi trú á rafmagnsbíl þá þarf að mínu mati að vera eitthvað sem tekur við af rafmagninu til að komast áfram þegar rafmagnið er búið.

Til þessa er eini bíllinn sem ég hef prófað sem uppfyllir þessar kröfur mínar Chevrolet Volt, en hann var ekki gallalaus, lágt undir hann og bara eins drifs bíll. Nú er komin á markaðinn nýr Mitsubishi Outlander PHEV, fjór hjóladrifinn og nokkuð hátt undir hann og hentar því vel íslenskum aðstæðum.

Lengi að hlaða með heimilisrafmagni, en fljótur á hraðhleðslustöð

Þegar ég fékk bílinn í Heklu eftir lokun á laugardegi höfðu margir komið við þar og prófað bílinn (engin furða enda eigulegur bíll), var hann þar af leiðandi ekki með mikið rafmagn til aksturs. Ég keyrði um 15 km og þá var rafmagnið búið og við tók bensínvélin. Um kvöldið mundi ég eftir að í skottinu var hleðslutæki sem má tengja í venjulega rafmagnsinnstungu sem er 10 amper. Eftir klukkutíma hleðslu var aðeins 3 km hleðsla komin inn á rafgeymana. Á sunnudagsmorgni hugðist ég hlaða bílinn á næstu hraðhleðslustöð á Miklubrautinni, en hún var biluð. Í prófunartúr á bílnum seinna um daginn var ekið á Selfoss og stoppað í 14 mínútur á Olís og bíllinn hlaðinn. Eftir 14 mín. hleðslu sagði mælaborðið að á bílnum væri rafmagn fyrir næstu 23 km. Eftir 17,2 km ræsti bensínvélin sig og ég kláraði Þingvallahringinn á bensíni.

Með akreinavara, árekstrarvörn og sjálfvirka hraðastillingu

Að keyra Mitsubishi Outlander PHEV á þjóðvegi fær maður mikla öryggistilfinningu. Hann er með akreinavara (LDW) sem flautar á mann ef maður fer yfir á punktalínuna í kantinum eða á miðlínunni. Ef Mitsubishi Outlander er með hraðastillinn á (cruise control) og bíllinn fyrir framan hægir skyndilega á sér hægir Mitsubishi einnig sjálfkrafa ferðina (ACC) og heldur bilinu á milli bílanna jöfnu. Einnig er sjálfvirkur búnaður sem nefnist árekstrarvörn (FCM) og virkar þannig að ef komið er á of mikilli ferð að gatnamótum þá les búnaðurinn skilti, bíl eða beygju og sjálfkrafa bremsar bíllinn. Þetta kom mér á óvart því að ég hafði hugsað mér að bremsa mjög seint á gatnamótum sem ég kom að, en bíllinn bremsaði á undan mér.

Reykjavík, Akureyri á 4,3 lítrum á hundraðið

Samkvæmt upplýsingum um bílinn á hann að komast allt að 50 km á rafmagninu og þegar það er búið tekur bensínvélin við. Fimmtíu kílómetra hleðsla ætti að duga flestum við daglega notkun í þéttbýli. Ef farnar eru lengri ferðir ætti að vera hægt að spara töluvert bensín ef maður stillir stopp við hraðhleðslustöðvar sem eru komnar á landsbyggðinni.



Mitsubishi Outlander PHEV.

Myndir / HLJ



Ekið á miðlínunni og akreinavarinn skammar mig með hljóðmerki.



Frá vegi undir lágsta punkt eru 21,5 cm.

Helstu mál og upplýsingar

Þyngd	1.610 kg
Hæð	1.680 kg
Breidd	1.800 mm
Lengd	4.492 mm
Vél:	2,0 bensín 150 hestöfl
Verð frá	6.690.000



Undir bílnum eru 18 tommu felgur, en fyrir þá sem vilja fá meiri fjöðrun úr dekkjunum er örugglega hægt að setja 17 tommu felgur og belgmeiri dekk á móti.

en Mitsubishi Outlander Intense með bensínmótor er 5.290.000. Eftir þennan prufuakstur er ég aðeins farinn að sjá ljósið í rafknúnum bílum, alla vega var þetta bíll sem ég gæti hugsað mér að eig



Með hraðastillinn stilltan á 90 komst ég samt ekki nema á 80 km hraða vegna þess að bíllinn fyrir framan hægði á sér.

Gæðastýring:

Landnýtingarkröfur án lagastoðar

Forsögu gæðastýringar má rekja til samnings um framleiðslu sauðfjárafurða frá árinu 2000, sem lögfestur var sama ár. Grunnhugmyndin að baki gæðastýringu var að taka upp samræmt gæðakerfi í sauðfjárrækt.

Gæðakerfi í framleiðslugreinum eru oft og tíðum á ábyrgð viðkomandi greinar. Gæðakerfi koma þannig til viðbótar opinberum reglum sem um starfsemi gilda. Þar sem gæðastýring í sauðfjárrækt varðar miklu um réttindi og skyldur sauðfjárbænda, varð fljótt ljóst að kerfið þyrfti að verða hluti opinbers réttar. Þetta byggir á meginreglum íslensks réttar að kröfur stjórnvalda til atvinnustarfsemi hvíla á lögum og að ákvæði reglna og reglugerða sem fela í sér íþyngjandi kröfur hafi skýra stoð í lögum. Nú er gæðastýring því ekki eiginlegt gæðakerfi á forræði búgreinarinnar, heldur framleiðsluferli samkvæmt kröfum stjórnvalda.

Lögfesting meginreglna gæðastýringar fór fram með lögum nr. 101/2002, um breytingar á búvörulögum nr. 99/1993. Þar kom fram að gæðastýrð sauðfjárrækt væri framleiðsla sauðfjárafurða samkvæmt gæðakerfi Bændasamtaka Íslands sem ráðherra staðfesti, sbr. 1. mgr. 41. gr. þágildandi búvörulaga. Meginreglan um landnýtingarþátt gæðastýringar kom fram í upphafi nýrrar 43. gr. búvörulaga, sem orðaðist svo:

Framleiðendur skulu hafa aðgang að nægu nýtanlegu beitilandi fyrir búfé sitt. Landnýting skal vera sjálfbær þannig að framleiðslugeta landsins sé nægileg og nýting innan þeirra marka að gróðurfar sé í jafnvægi eða framför að mati Landgræðslu ríkisins.

Grundvallaratriði landnýtingarþáttar gæðastýringar samkvæmt lögum er sjálfbærni.

Lagaákvæðum um gæðastýringu var breytt nokkuð með breytingarlögum við búvörulög, nr. 58/2007 og forræði starfsgreinarinnar þá skert. Ekki voru þó neinar efnisbreytingar gerðar á forsendum landnýtingarþáttar gæðastýringar. Meginreglur gæðastýringar koma nú fram í 2. mgr. 41. gr. búvörulaga:

Með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu á dillkakjöti samkvæmt kröfum

um velferð búfjár, sjálfbæra landnýtingu og hollustu afurða. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla skal m.a. ná til landnota, aðbúnaðar og umhverfis, sauðfjárskýrsluhalds, jarðræktar, fóðrunar, heilsufars og lyfjanotkunar. Framleiðsluaðferðir og framleiðsluaðstæður skulu skjalfestar.

Í 4. mgr. greinarinnar er ákvæði um heimild til útgáfu reglugerðar. Þar kemur fram að í reglugerð skuli m.a. kveðið á um landnýtingarskilyrði, gæðakerfi, tilkynningar og fresti, kæruheimildir, eftirlits- og úttektaraðila og tilhögun álagsgreiðslna.

Þýðing hugtaksins sjálfbærni er nokkuð skýr. Það hvílir svo á eðlilegri lögskýringu að landnýtingarskilyrði eiga að lúta að sjálfbærni. Landnýtingarskilyrði reglugerðar geta ekki hvílt á allt öðrum forsendum. Gæðastýringarreglugerðir hafa nú verið endurskoðaðar þrívégis. Í upphaflegri reglugerð nr. 175/2003 var svohljóðandi ákvæði í 1. mgr. 13. gr.:

Framleiðendur skulu hafa aðgang að nægu nýtanlegu beitilandi fyrir búfé sitt. Landnýting skal vera sjálfbær þannig að framleiðslugeta landsins sé nægileg og nýting innan þeirra marka að gróðurfar sé í jafnvægi eða framför að mati Landgræðslu ríkisins.

Með reglugerð nr. 10/2008 var ákvæðinu breytt, en skilyrðið í beinum tengslum við sjálfbærni, sbr. 1. mgr. 12. gr.:

Landnýting framleiðanda skal vera sjálfbær á öllu því landi sem hann nýtir samkvæmt þeim kröfum sem settar eru fram í viðmiðunarreglum í viðauka I við þessa reglugerð um mat á ástandi lands og landnýtingu.

Í viðaukum reglugerðarinnar var fjallað um gróðurflokkun og þá byggt á þeirri eðlilegu stöðu að beitarnýting geti talist sjálfbær, þótt land væri lítið gróðið, t.d. melar.

Í 1. mgr. nýrrar reglugerðar nr. 1160/2013 koma í raun fram tvö sjálfstæð skilyrði:

Landnýting framleiðanda skal vera sjálfbær á öllu því landi sem hann tilgreinir í umsókn sinni og skal það land jafnframt standast viðmið um ástand samkvæmt þeim

kröfum sem settar eru í viðauka I. Framleiðandi skal eingöngu nýta land sem tilgreint er í umsókn. Landbótaáætlun skv. 15. og 16. gr. skal gera fyrir beitiland sem uppfyllir ekki kröfur samkvæmt viðauka I.

Grundvallarbreyting felst í því, að óháð því hvort nýting er sjálfbær, skal land jafnframt standast gróðurflokkakröfur. Skilyrðið er að sauðfé skuli fyrst og fremst beitt á ríkt gróðurlendi, þótt gisinn heiða- og melgróður sé náttúrulegt ástand vistkerfis og hafi verið s.l. áhrundruð. Gæðastýring er þannig orðin að sjálfsstæðu uppgræðsluverkefni, þar sem farið er fram á uppgræðslu á öllu landi sem getur verið gróðið, óháð beitarálagi. Gróðurfar er orðið sérstakt skilyrði beitarnýtingar, óháð sjálfbærni.

Hafa ber í huga að í íslenskri löggjöf hafa lengi verið til staðar lagaákvæði um viðbrögð við ofbeit og öðrum áhættuþáttum fyrir gróðurfar lands. Vísa má til laga um landgræðslu nr. 17/1965 og III. kafla laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986. Þessi löggjöf fellir ýmis konar skyldur á stjórnvöld, einkum Landgræðsluna. Gæðastýringu var ekki ætlað að koma í stað þessa regluverks.

Nýtt landnýtingarskilyrði felur t.d. í sér að Jökuldalsheiði, sem er tugþúsunda ha. heiðarsvæði þar sem melöldur og grónir flóar eru einkennandi og um 1.000 kindur koma af fjalli nú, þarf að græða upp samkvæmt orðlagi gæðastýringarreglugerðar. Á svæðinu er aðgangur að ríku gróðurlendi um 100 faldur, m.v. viðmið um ær á ha. Gróður er almennt í hagfæra bata, vegna óverulegrar beitar og hagstæðra skilyrða.

Vegna grundvallarþýðingar sjálfbærni samkvæmt löggjöf um gæðastýringu, er verulegur vafi um að landnýtingarskilyrði gæðastýringarreglugerðar nr. 1160/2013, hafi nægjanlega lagastoð svo að stjórnvöld geti byggt á þeim íþyngjandi ákvarðanir.

Ahrif þess geta orðið að ákvarðanir um að vísa sauðfjárbændum úr gæðastýringu vegna brota á landnýtingarþætti verða ómerkar. Kerfið getur því verið óvirkt, jafnvel í þeim tilvikum þar sem raunveruleg ofbeit kemur fram.

Í ljósi þessa getur verið nauðsynlegt að endurskoða gæðastýringarreglugerðina og

gæta að því að landnýtingarskilyrði verði aftur með skýra stoð í lagaákvæðum um sjálfbæra beitarnýtingu. Endurskoðun reglugerðarinnar ætti jafnframt að tryggja skynsamlegri nýtingu opinbers fjár, þar sem núverandi reglugerð kallar á kostnaðarsama stjórnýsly- og eftirlitsstarfsemi á svæðum með óverulegt beitarálag. Þá ætti reglugerðin að taka tillit til lögbundinna skyldna Landgræðslunnar, skv. lögum um landgræðslu nr. 17/1965 og III.

kafla laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986, og velta ekki kostnaði af þeim yfir á aðra. Löggjöf um gæðastýring var ekki ætlað að skapa grunn að nær takmarkalausum kröfum um uppgræðslu á kostnað sauðfjárbænda. Það er hins vegar algengt að sauðfjárbændur standi að uppgræðslu, en hún þarf ekki að hvíla á valdboði þar sem nýting er sjálfbær fyrir.

Jón Jónsson hrl.
Sókn lögmannsstofu



Bændablaðið er greinilega vinsælt á Tenerife. Fremst á myndinni er Konráð Baldvinsson, forstöðumaður Heilbrigðisstofnunar Fjallabyggðar, næst er kona hans, Erla Ingimarsdóttir, þá Þórdís Ingimarsdóttir, en öll eru þau Siglfríðingar. Fjærst er Ragnar Ragnarsson, eiginmaður Þórdísar Ingimarsdóttur, en þau búa í Hafnarfirði. Mynd / Þórdís Elín Gunnarsdóttir.

Ráðunautur útbreiðir boðskapinn á Tenerife

Sigurður Jarlsson, héraðsráðunautur fór til eyjunnar Tenerife í byrjun október ásamt eiginkonunni, Þórdísi Elínu Gunnarsdóttur. Til að tapa sér ekki alveg í sóldýrkuninni og til að missa ekki tengslin við íslenskan landbúnað hafði hann auðvitað með sér síðustu þrjú Bændablaðlöðin.

„Á hótelinu voru nokkrir Íslendingar sem sáu mig með Bændablaðið og föluðust eftir að fá að lesa þegar ég væri búinn með blöðin. Ég játti því en með því skilyrði að ég fengi að taka af þeim mynd með blöðin í höndunum. Svona rétt til að sýna öllum heima að ég stæði í stykkinu við að útbreiða boðskapinn um heimsbyggðina,“ sagði Sigurður í skýringum sem hann sendi Bændablaðinu með myndinni.

Hann segir að öll hafi þau áttað sig eftir lesturinn hversu frábært Bændablaðið væri. Flest höfðu þau þó vitað af þessu blaði og jafnvel

flett því lítilllega, en lesturinn í sólskininu á sundlaugarbarmi á Tenerife hafi endanlega sannfært þau um ágæti þessa blaðs.

Sigurður tók þó reyndar fram að hann hafi oft verið skammaður fyrir að hafa ekki myndavél með á ferðum sínum. Sagði hann að það skipti svo sem engu máli hvort hann væri með myndavélina sína með eða ekki. Bæði væri hún lítil og léleg og sjálfur hafi hann alltaf verið lélegur myndasmiður. Hann hafi nefnilega ekki fengið neitt af ljósmyndagenunum sem frændi hans, Jón Bjarnason (Nonni Bjarna), ljósmyndari frá Ísafirði, fékk í vöggugjöf. Svo til að forðast frekari skammir fyrir að taka ekki myndir í ferðalaginu kom hann verkefninu um myndatöku af áhugasömum lesendum Bændablaðsins auðvitað yfir á eiginkonuna sem tók þessa fínu mynd [Kannski mátti ekki upplýsa lesendum um þetta].

/HKr.

Konur landbúnaðarins

Í síðustu stjórnarkosningum Bændasamtaka Íslands brá til tíðinda þegar í fyrsta sinn voru fleiri konur heldur en karlar sem tóku sæti þar. Sjálf kem ég úr sveit þar sem dæmi eru um konur sem reka einar sín bú og hafa gert til fjölda ára.

Hlutur kvenna í fyrsta sæti á framboðslistum var meiri en nokkru sinni við síðustu sveitarstjórnarkosningar. Alls staðar eru fyrirmyndir fyrir konur sem vilja starfa í landbúnaði, sveitarstjórnun og félagsmálum víðs vegar um landið.

En þrátt fyrir góða þátttöku kvenna í landbúnaði eru til litlar upplýsingar um dreifingu þeirra, aldur, menntun og launakjör. Um leið og við viljum efla landbúnað og þá matvælaframleiðslu verðum við að hvetja fólkið í kringum okkur til þess að taka þátt.

En til frekari hvatninga verða að leggja fyrir ákveðnar upplýsingar.



Jóhanna María Sigmundsdóttir. Mynd / HKr.

Nú hefur verið send beiðni um skýrslu til landbúnaðarráðherra um stöðu kvenna í landbúnaði. Meðal upplýsinga sem beðið er um er aldur kvenna í atvinnugreininni, menntun og endurmenntun,

launakjör og þróun fækkunar/fjölgunar í landbúnaði og tengdum greinum.

Með beiðninni er von um að bakgrunnur kvenna sem starfa í landbúnaði verði skýrari og hægt verði að sjá hvaða fræði konur leggja helst stund á fyrir störf sín. Og með aldursgreiningu verður hægt að sjá hvenær konur eru að fá tækifæri til að ganga til starfa og þá hvernig við þurfum að beita okkar kröftum til að efla greinina. Þróun launamála og hreyfing á fjölda kvenna í starfsstéttinni verða mikilvæg verkfæri í frekari vinnu jafnréttismála. Þessi beiðni er þvert á flokka, enda mörg tækifæri í henni falin. En við skulum ekki gleyma okkur í biðinni og halda áfram því mikilvæga starfi að efla hlut kvenna í störfum innan landbúnaðarins og tengdum greinum.

Jóhanna María Sigmundsdóttir, alþingismaður

16

18

26

Landsbyggingin og þau

Vega er þetta við merkingarhluti náttúruástandi í Svínudal landsins

Það er líka á landið landsbúnaði, það er svínudalinn

Bændablaðið

16. Október 2013 • Fimmtudagur 5. október • Blað nr. 414 • 16. blg. • Útgáfa 31.000

45% FÓLKS Á LANDSBYGGÐINNI LES BÆNDABLAÐIÐ

HEIMILD: PRENTMIÐLAÐIÐ KÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT.-DES. 2013.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 31 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS



Hyundai 25BHA-7, 2,5t rafmagnslyftari árg 2012, 1,300 vst, lyftihæð 4,7m, gámagengur. **Verð 2,5 m + vsk**



Mase MPL 315 rafstöð, 27,6 kva, árg 2007, 10,900 vst, ný yfirfarin. **Verð 600,000 + vsk**



Komatsu PC-14R-HS minigrava, 1,8 tonn. Árg 2007, 2,100 vst, 3 skóflur, ný belti. IFOR Williams flutningakerra, 2005. **Verð 2,7 + vsk.**



Komatsu PW-110R hjólagrafa Árg 2004, 3,150 vst 3 skóflur.



MAN 10-244 með krókheysi og gám, árg. 1997, ekinn 487.000. **Verð 1.990.000 + vsk.**

VÉLAFL

Hvaleyrarbraut 20. Hafnarfirði
Uppl. gk@velafl.is / 694-3700
www.facebook.com/velafl.is

Smáauglýsingar

Sími: 563 0300 | Netfang: augl@bondi.is | Veffang: www.bbl.is

Hægt er að skrá auglýsingar og greiða með auðveldum hætti á bbl.is

Verð: Textaauglýsing kr. 1.900 m. vsk (innan við 140 slög) og kr. 4.900 texti + mynd.

Skilafrestur: Fyrir kl. 12:00 á þriðjudegi fyrir útgáfu.



Hliðgrindur. Vandaðar stækkanlegar hliðgrindur frá 1,0-6,0mtr. í tveimur þéttleikum. Einnig fáanlegar í föstum lengdum. Allar lokur og lamir fylgja. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Uppl. í síma 894-5111. Opið kl.13.00-16.30.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sendum um land allt. Brimco ehf. Uppl. í síma 894-5111. www.brimco.is Opið frá kl.13.00-16.30.



Kerrur á einum og tveimur öxlum, með og án bremsum, ýmsar útfærslur, breiddir og lengdir. Gæðakerrur – Góð reynsla. Íslensk smíði. Brimco ehf. Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið 13.00-16.30. www.brimco.is



Brynnigartæki. Úrval af brynnigartækjum frá kr.5.900 m.vsk. Brimco ehf. www.brimco.is Flugumýri 8, Mos. Sími 894-5111. Opið kl.13.00-16.30.



Hringgerði til að nota úti sem inni. Frábær við tamninguna. Engin verkfæri við uppsetningu. Brimco ehf. Flugumýri 8, 270 Mos. Opið 13.00-16.30. Sími 894-5111 www.brimco.is



Geymslutjald til sölu. 175 fm. Röðer 75 Alu gerð. Lengd 17,5m x Br. 10,0m. hæð 4,85m og veggghæð 3,5m. Uppl. í síma 861-3840.



Vökvunarbúnaður fyrir ræktunarsvæði í mörgum útfærslum. Sjálfvirk slöngukefli eða lausar slöngur með kúplingum. Sjálfsgandi traktorsdrifnar dælur. Bensínknúnar dælur með Honda mótorem, allt að 4" díseldrifnar dælur í mörgum stærðum. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Agro-Watt) www.sogaenergyteam.com - Stærðir : 10,8 KW – 72 KW. Stöðvarnar eru með eða án, AVR (spennuafnara). AVR tryggir örugga keyrslu á viðkvæmum rafbúnaði, td. Mjólkurþjónum, tölvubúnaði, nýlegum rafsuðum ofl. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Traktorsdrifnar dælur í mörgum útfærslum og stærðum á lager. Sjálfsgandi dælur í mörgum stærðum, fyrir magndælingu á, vatni, skolpi, sjó, olíu. Háprýstar dælur fyrir vökvun og niðurbrot í haughúsum. Slöngubúnaður með hraðkúplingum, flatar barkar á frábæru verði, 2" – 3" – 4". Allur búnaður fyrir vökvun á ræktunarsvæðum. Haugdælur með vacuum búnaði. Aðrir aflagjafar : rafmagn, bensín / diesel, glussaknúnar (mjög háprýstar). Við sérhæfum okkur í öllu sem viðkemur dælum fyrir iðnað og heimili. Gerum einnig við allar dælur. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Vökvaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og dráttarvélar. Sjálfsgandi dælur sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig Centrifugal dælur með mikinn þrýsting, allt að 10 BAR. Stuttur afgreiðslutími, hagstætt verð og örugg þjónusta. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háprýstibúnaður fyrir stíflulosun í skolp og drenrörum. Getum útvegað pennan búnað í mörgum útfærslum og styrkleikum. Fyrir rör frá 30 mm upp í 900 mm. Háprýstilöngur allt að 150 metrar á lengd, 3/8", 1/2", 5/8", 3/4". Bensín / diesel, vatnsflæði allt að: 132 L / min @ 3000 Psi. Búnaður á sérsmíðuðum vagni með þrýstibremsum eða á stálgrind. Búnaðurinn hentar einnig vel fyrir öflugan háprýstipvott. Vandaður og hentugur búnaður, fyrir sveitafélög og verktaka. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Háprýstipvottadælur fyrir allan iðnað. Öflugar og vandaðar dælur á frábæru verði frá Comet, www.comet-spa.com - Aflagjafar; rafmagn, Hondabensín, Yanmardísel, aflúrtak á traktor. Heitt og kalt vatn, mikið vatnsflæði og þrýstingur allt að 500 bar. Hákonarson ehf. Uppl. í síma 892-4163, hak@hak.is, www.hak.is



Til sölu New Holland TS125A. 125 hestöfl. Árg. 2005. Vinnust. 8.900. Verð: 4.890.000 án vsk. Kraftvélar, sími 535 3500




Stálorka í Hafnarfirði óskar eftir að ráða til starfa vanan járníðnaðarmann, þarf að kunna íslensku, vera reglusamur og duglegur. Vinsamlega sendið umsóknir á stalorka@simnet.is eða hringið í síma 892-7687.



Til Sölu Land Cruiser 90, árg. '00, ssk., dísel, ekinn 330 þ. km. Bill í fínu standi. Uppl. í síma 867-4786 eða á kpo@simnet.is



Ford Econline Super Wagon, 6,0 dísel, 4x4, með hátt og lágt drif. ssk. árg. '05. Bíllinn er 15 manna með hópferðarleyfi. Tilboðsverð 3.990.000. Uppl. á Bílasölu Reykjavíkur í síma 587-8888.



Flottur í strandveiðina á 2.8 m. Nær allt nýtt, p.a.m vél, gír, skrufa, tæki, rafmagn, b.búnaður, stýrishús, skjólbörð, lunningar, rúllur og hann var negldur upp f. 3 árum. Góður bátur sem hægt er að borga upp á fyrsta ári - finn vagn fylgir. Uppl. í síma 650-7989.

Haugsugubarkar Kraftklemmur

Keðjur og Hnallar

Vélaval
560 Varmahlíð
453 8888 - velaval.is



Led vinnuljós og öflugir kastarar. Mikið úrval af Led vinnuljósum sem henta á farartæki af öllum stærðum og gerðum. Einnig mjög öflugir Hid kastarar sem hafa margsannað gildi sitt á Íslandi við margvíslegar aðstæður. Söluaðilar: Amg Aukaraf, sími 585-0000 og á www.aukaraf.is eða í Toyota Kaupþúni, sími 570-5070 og á www.toyotakaupthuni.is



Dieci Dedalus skotbómulyftari, árg '06, ekinn 1500 klst. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Metar-Fact taðdreifari, 6 tonna. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Frábær fót á börn og unglinga. Pippi, Me Too, Kivat, Henson, Koin Jeans, Hound, By Hound og fleiri merki. Opið virka daga 10-18, laugard 10-14. Netverslun opin alla daga allan sólarhringinn. www.doremi.is



Toyota Hilux, árg. '07, 3,0 ek. 123 þús., dísel, ssk., lítur vel út. Naglad. á felgum fylgja. Skipti á ódyrari. Verð 3.500.000. Uppl. í sínum 855-9325 og 565-4521.



Land Rover, árg. '97, 44" breytur en er 38". Bíllinn er mikið endurninn. Nýtt hedd, ný drif og með fullt af aukahlutum, aukatank, rafkerfi ofl. Verð 1.290 þ. Uppl. í síma 694-1200.



Massey Ferguson 4220. Árgerð 1998. Notkun 3950. Verð án vsk; 2.590.000 kr.



Valtra 6850. Árgerð 2005. Notkun 5600. Verð án vsk; 5.430.000 kr.



John Deere 6430 premium. Árgerð 2012. Notkun 1800. Verð án vsk; 12.490.000 kr.



Valtra A95. Árgerð 2007. Notkun 4200. Verð án vsk; 5.590.000 kr.



Fendt 415 Vario. Árgerð 2012. Notkun 1750. Verð án vsk; 12.950.000 kr.



Case MXM 155. Árgerð 2005. Notkun 3800. Verð án vsk; 5.600.000 kr.



Joskin. Verð án vsk; 4.900.000 kr.



Valtra A95. Árgerð 2006. Notkun 4660. Verð án vsk; 4.590.000 kr.

Jötunn Vélar ehf - Sími 4800400 - www.jotunn.is Austurvegi 69 - 800 Selfossi - Lónsbakka - 601 Akureyri



Valtra A-95, Árgerð 2005, notkun 3800, verð án vsk. 3.700.000 kr.



Taarup BIO, árgerð 2007, notkun 7.050. Verð án vsk: 5.200.000 kr.



CLAAS Uniwrap 375, árgerð 2012, notkun 11.850, verð án vsk. 6.700.000 kr.



CLAAS 280RC fastkjarna, árgerð 2002, notkun 15.000, verð án vsk. 800.000 kr. – TILBOÐ



Fermec 960, árgerð 2000, notkun 12.700, verð án vsk. 2.900.000



Fendt 718 Vario, árgerð 2007, notkun 8930, verð án vsk. kr. 10.500.000

Vélfang, Gylfaflöt 32, sími 580-8200 og á velfang.is



Weckman 6,5 tonna sturtuvagn. Verð kr. 1.285.000,- með vsk., mínus kr. 50.000,- afsl. (með lægri skjólbörðunum). H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



11 tonna Weckman sturtuvagn. Verð kr. 1.685.000,- með vsk., mínus kr. 50.000 afsláttur, (með lægri skjólbörðunum). H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.



Til sölu er fallegur og vel með farinn Land Rover Defender, árg. '08, ekinn aðeins 102.000 km. Bíllinn er á góðum 37" dekkjum og er skoðaður '15. Þetta er 7 manna bíll með hófperðaleyfi og því tilvalinn í ferðapjónustuna. Ásett verð er 5,4 m. en fæst með góðum staðgreiðsluafslætti. CB stöð og ljóskastarar á toppi fylgja. Allar nánari uppl. í síma 777-5020, (er í Reykjavík). Engin skipti.



Isuzu Trooper, dísel, 3L, ssk. árg. '02, ek. 285 þ.km. skoðun '15. Sjó manna bíll í góðu ástandi og lítur vel út, dekk góð, hraðastillir, 5 diska spilari o.fl. Uppl. í síma 862-4991 eða á tobbi57@simnet.is



Ford Transit 350L. Árg.'07, ek. 206 þ. km., dísel, 5 girar, með lyftu. Verð 1.790.000 með vsk. Til sýnis á Bílalíf bílasölu, símar 562-1717 og 898-1742.



Vw Transporter Double Cab Tdi Syncro, 4x4. Árg. '01, ek. 211 þús. km., dísel, 5 girar. Verð 980.000. 100 % lán mögulegt. Til sýnis á Bílalíf bílasölu, símar 562-1717 og 898-1742.



Vw Transporter Regular Cab Syncro Doublecab, 4x4. Árg. '06, ek.153. þ. km., dísel, 6 girar. Verð 2.590.000. Til sýnis á Bílalíf bílasölu símar 562-1717 og 898-1742.



Til sölu dekk undir jeppa, lítið notuð á nögglum, stærðin er 265/60R18, eru búin að vera undir bílnum mínum í 2 mánuði. Hef líka til sölu dekk undir fólksbíl, 195/65R15 á nögglum. Ég er á Egilsstöðum. Uppl. í síma 773-2637.



Eikarparket, um 18 fm. með undirlagi. Uppl. í síma 899-4093.



Þriðji DVD diskurinn um eldri dráttarvélar á Íslandi er kominn út. Móttaka pantana hjá tokataekni@gmail.com og í síma 471-3898. HS Tókataekni.



Varnir gegn gasmengun. Viðurkenndur gas- og rykgrímur fyrirbyggjandi. Fullkomnar einnota rykgrímur á lager ásamt fleiri öryggisvörum. Ísmar Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is



Varnir gegn gasmengun. Loftgæðamælar frá viðurkenndum framleiðanda í úrvali, hvort heldur er fyrir eina eða fleiri gastegundir. Útvegum gasmæla eftir óskum notandans. Ísmar Síðumúla 28, sími 510-5100, www.ismar.is



Höfum til sölu 4 stórar rafdrifnar hurðir í eftirfarandi stærðum. (Breidd x hæð) 450x375 sm, 450x325 sm, 300x350 sm og 265x275 sm. Nánari uppl. í síma 825-2214 eða á thorarin@benni.is



Ford 350, árg. '05, ssk. dísel. Leðursæti, Nýleg sumar- og nagladekk á naglum, dráttarkrókur, Ekinn 170 þús. km. Verð 2.400.000. Skipti á ódýrari möguleg. Uppl. gefur Haukur Pálsson í sínum 861-4211 og 452-4352.



Til sölu Honda fjörgengis utanborðsmótor, 8 hestöfl, með skafti. Mótorinn hefur aldrei verið notaður en er 5 ára gamall. Uppl. á netfangið agnar@byko.is eða í síma 821-4005.



Liebherr A900 hjólagrafa
2005 árg. 10.900 vst.
2 skóflur o.fl.
Verð 7,2 mkr + vsk



Liebherr R914 beltagrafa
2008 árg. 8.000 vst. 24 tonn
Skófla, hraðtengi, smurkerfi, hamar- og tiltlangir.
Verð 9,9 + vsk



Liebherr 63K sjálf-reisandi byggingakrani
1996 árg., 43 m bóma.
23, 1 undir krók.
Ljós, brautarkreysla og fjarstýring.
Verð 6,5 mkr + vsk.



Ný Yanmar Vio57
2014 árg. 6 tonn
Steelwrist rótortil og 3 skóflur.



Yanmar 80
Beltavagn með skóflu.
Burðageta 800 kg



Weber jarðvegsþjökkur og hopparar til á lager



Tsurumi-dælur í miklu úrvali

Uppl. í síma 660-6051.
MERKÚR
merkur.is

Næsta Bændablað kemur út 20. nóvember



Volvo f616, árg. '82, ekinn 544 þús. Það er á honum vírheysi, góður bíll og allt virkar, er á nýjum dekkjum, skoðun 2015, 6 metra flatpallur getur fylgt með honum, skoða skipti. Uppl. í síma 866-5156.



Nissan King cab árg. '02. Ekinn 207.000. Góður bíll, nýskoðaður. Verð 480.000. Einnig til sölu mjólkurforkælir, sogdæla þriggja fasa 4 kw, öflug ný bensín vatnsdæla. Uppl. í síma 898-0501.



Til sölu Fjór hjóla leiga/Fjór hjóla ferðir. Allur búnaður, heimasíða og lógó. Auðveld kaup. Tilbúin á hvert á land sem er, góð viðbót við aðra ferðaþjónustu eða ein og sér. Miklir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila. Uppl. í síma 864-3795 eða hjá Óskari í síma 659-2555, einnig á oskar@fasteignasalan.is



Suzuki Cool Car 1400, 4x4, árg. '13. Ekinn 1300 km. Nýr bíll, skráður 6 manna en með belti fyrir 8, (hægt að fá breytingu á skráningu). Ný vetrardekk fylgja. Verð 2.850 þús. Uppl. í síma 699-5595.



Ódyr lambheldar hliðgrindur. Breidd 4.27 m, hæð 1.10 m. Verð kr. 24.900 án vsk. Ef keyptar eru fimm eða fleiri kr. 19.900 án vsk. Uppl. í síma 899-1776 eða á elvar@gmail.com og í síma 669-1336 eða á om@mo.is



Til sölu Patrol Elegance, árg. '08. Bíllinn er 7 manna, leður, ssk., topplúga, ekinn 141 þús. km., uppl. á Bílasölu Reykjavíkur í síma 587-8888.



Subaru Impreza 2.0L bsk., ek 179 þús. km., árg. '05. Nýtt í bremsum, ný vetrardekk, ný pólýhúðaðar felgur, smurður og skoðaður (einn eigandi). Tilboð 760.000. Uppl. í síma 869-3242.



Til sölu Toyota Hilux double cab, árg. '07, ekinn 151.000. bsk., breyttur á 33" kastarar og pallhús. Ásett verð 3.390 og áhvilandi 1280 þús. Uppl. í síma 896-2019.



Til sölu nokkur Feishen 550cc fjórhjól, árg. '13, götuskráð, tveggja manna. Verð aðeins 788 þús. án vsk. eða 990 þús. með vsk. Aukabúnaður, spil, álfelgur. krókur. o.m.fl. Uppl. í síma 893-3022.



Isuzu dmax, árg. '07, ek 111 þús., ný dekk, mjög snyrtilegur bíll. Beinsk. Skoðaður 15. Uppl. í síma 892-3207.



Taðklær. Breidd 150 cm kr. 239.900.- án vsk. Breidd 180 cm kr 269.000.- án vsk. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Haughrætur galvanísiræðar með eikarlegum. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Lemigo Stígvél. Létt, stöðug og slitsterk. Tilvalin í göngur og haustverkin. kr. 7.990.- með vsk. Verslunin Skógar Egilsstöðum og Búval Kirkjubæjarklaustri. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Kranzle pýskar háþrýstidælur í úrvali. Búvís. Uppl. í síma 465-1332.



Palmse malarvagn, fjaðrandi hásingar og beisli, burðargeta 18 tonn. Búvís ehf. Sími 465-1332.



Mjúk og hlý, þola -40 stiga frost. Létt á fæti og renna ekki í hálfu. Gott grip og góður sóli. Uppl. í síma 899-6400, Actacor.

Til sölu

Til sölu tvö notuð stálvinnsluborð úr stórelðhúsi. Borðin eru með vöskum. Stærð: lengd 230cm og 208cm x breidd 62cm. Hæð 90cm. Uppl. í síma 895-7295.

Ford Econoline, árg. '93, 7,3 l - dísel. Uppl. í síma 897-0523.

Langar þig að eignast Morgunblaðið daginn sem þú og þínir fæddust? Eða einhvern annan merkisdag? Er með upprunaleg eintök af Morgunblaðinu í þokkalegu ástandi frá 1942-1989. Blaðið er á 500kr/stk. Pantanir sendist á gamlimoggi@gmail.com

Vír og lykkjur ehf auglýsa. Járngirðingarstaurar, túngirðingarnet, gaddavír og stagvír á lager. Gott verð. Sendum hvert á land sem er. Sími 772-3200 eða á www.facebook/viroglykkjur og viroglykkjur@internet.is

Til sölu Nissan Patrol, árg. '98, keyrður 248 þús. Ný fb Goodrich 35". Skipt um hedd og tímareim í 220 þús. Skráður 7 manna. Verð 990 þús. Uppl. í síma 661-7057.

Örflóra fyrir haughús, rotþrær og almenn þrif. Sendum hvert á land sem er. Framtak-Blossi ehf. Sími 535-5850.

Sex PVC-U iðnaðarhurðir, mism. stærðir, brettarekkar, pokalokunarvél, 2 stk. snúningspökkunarborð og Espera vog og miðaprentari. Uppl. í síma 860-8660.

Vakúmvél af gerðinni Supervac 113 til sölu, stærð poka 400x400 mm. Gott ástand. Uppl. í síma 699-7696.

TS DOLLAR pípur (áskráðuðir haus) beinar & bognar + filter. 5900 kr. pípan 50. filterar 400 kr. Sendi í póstkrofu. Uppl. og pant á pipur@pipur.is

Til sölu 4 vel ættaðar kvígur. Uppl. í síma 864-1799.

Til sölu 234 ærgildi. Tilboð óskast fyrir 20. nóvember á netfangið amj@rml.is merkt "Greiðslumark 234".

Peysuföt til sölu. Mjög lítið notuð peysuföt eru til sölu. Saumuð árið '99 af Hildi Rósenkær. Hægt er að víkka peysu og síkka pils. Uppl. í síma 698-5314. (Hjördís).

Til sölu er 101 ærgilda greiðslumark í sauðfé. Tilboð eða fyrirspurnir sendist til RML fyrir 17. nóvember 2014 á netfangið msj@rml.is.

Til sölu er 45 ærgilda greiðslumark í sauðfé. Tilboð eða fyrirspurnir sendist til RML fyrir 17. nóvember 2014 á netfangið msj@rml.is.

Tvö fjórhjól, Arctic cat 550, árg. '13, 1 m. + vsk. Einnig Cf moto 500, árg. '14, 710 þús.+vsk. Þetta eru góðir vinnuþjarkar í sveit, spil, tveggja manna. Uppl. í síma 857-3001.

Hey til sölu. Rúllubaggar bæði fyrir útígang og betra hey. Er skammt frá Hvolsvelli. Gott verð og ýmis skipti koma til greina, einkum á landbúnaðartækjum, t.d. góðum sturtuvagni eða rúlluvagni. Uppl. í síma 669-1336.

Hi-spec haugsuga, 6000 l, árg. '98. De-laval skádæla, árg. '98 og kassa/hestabíll, 6 hesta með lyftu Nissan Eco 130, árg. 00 þarfnast lagfæringa. Kuhn-rakstrarvél 7301, árg. 05 tveggja stjörnu miðjumúgavél. Uppl. í síma 846-3835, Rúnar.

OSO hitatúba. 81R 200. 5-45KW (9x5KW). Árg. 2008. Lítið notuð. Fæst á mjög góðu verði. Uppl. í síma 694-8108, Hannes eða á hanneslarusson@gmail.com

Til sölu 10 stk., 13 tommu heilsárdekk, öll á felgum 45.000 kr. Uppl. í sínum 662-8273 og 587-7648.

Massey Ferguson, árg. '57, til uppgerðar. Verð 125 þús. Ferguson, árg. 49, til uppgerðar. Verð 130 þús. Fjölnota vagn á fjöðrum, 6x2, með eins meters grindum. Verð 140 þús. Toyota Yaris árg. '00. Verð 300 þús. Kia Sport 4x4, árg. '00. Væri til í að skipta á honum og á öðrum traktor. Uppl. í síma 865-6560.

Heilsöltuð síld til sölu. Uppl. í síma 862-0117.

Til sölu Abbey haugsuga 9100 l, árg. '04. Verð 960 þús. + vsk. Óska eftir True test mjólkurmælum. Uppl. í síma 862-7753.

MultiOne SL 835DT, árg. '14, ný vél. Lyftigeta 1.250 kg. Verð kr. 3.950 þúsund. Einnig fódursnigill með einfasa mót. og varahlutir í Volvo FL10, árg. '88. Uppl. í síma 893-9610.

Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17 Kópavogi er með til sölu áhugaverða fiskeldisstöð í Vatnsfirði á Barðströnd. Nánari uppl. veitir Magnús Leópoldsson hjá Fasteignamiðstöðinni í síma 550-3000 eða á magnus@fasteignamidstodin.is - Sjá einnig fasteignamidstodin.is

Fjárhúsmottur, tilboð; Verð kr. 9.500 stk. með virðisaukaskatti. Þykkari gerðin, H. Hauksson ehf., Sími 588-1130.

Til sölu notuð 4@35" Maxxis Bighorn M+S snjódekk, míkroškorin í miðju stærð 305/70/R17. Eru á sex gata Patrol álfelgum, 150.000 kr. Uppl. í síma 661-5685.

Peysuföt til sölu. Stærð á meðalmannekju. Vel saumuð. Aldrei verið notuð. Óska eftir tilboði. Uppl. í síma 699-4249 eða á huddys12@gmail.com

Til sölu tvö efnileg trippi á 4 v, undan fyrstu verðlaunahryssum. Hestur undan Trimbli og hryssa undan Vilmundi. Nánari uppl. í síma 846-4733.

Til sölu hey í rúllum bæði frá sumrinu 2014 og 2013 hef einnig svoltið af varahlutum í MF 50 B traktorsgröfu. Uppl. í síma 894-0943.

Mjög vandaðir Velfac gluggar og hurðir ætlað í einbýlishús til sölu. Fasteignir Akureyrarbæjar óska eftir tilboðum í 31 glugga, 1 útihurð og 2 svalahurðir ætlaðir fyrir einbýlishús ásamt arkitektateikningum og hluta af burðarþols- og lagnateikningum að einbýlishúsi á einni og hálfri hæð. Gluggarnir eru framleiddir árið 2007 og er húsið hannað á sama tíma. Gluggarnir eru framleiddir hjá Velfac A/S í Danmörku og eru álklaðir timburgluggar, með sólstöðvun í gasfylltu gleri. Hurðirnar eru einnig framleiddar hjá Velfac. Mögulegt er að nálgast teikningar ásamt lista yfir glugga og hurðir í gegnum netfangið dora@akureyri.is Tilboð skulu berast Fasteignum Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 603 Akureyri eigi síðar en kl. 13 föstudaginn 14. nóv. nk. Merkt „Tilboð í glugga og hurðir S6“. Fasteignir Akureyrarbæjar áskilja sér þann rétt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Gámagólf og loft ásamt einangruðum gámaveggeiningum til sölu. Fasteignir Akureyrarbæjar óska eftir tilboðum í gámagólf og loft ásamt 80 einangruðum gámaveggeiningum. Tilboð skulu berast Fasteignum Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 603 Akureyri eigi síðar en kl. 13 föstudaginn 14. nóv. nk. Merkt „Tilboð í gámagólf og loft ásamt veggeiningum“. Fasteignir Akureyrarbæjar áskilja sér þann rétt að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboð óskast í 326,3 ærgilda greiðslumark í sauðfé til nýtingar frá 1. janúar 2015. Seljandi áskilur sér rétt til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboð sendist Búnaðarsambandi Suðurlands í síðasta lagi 20.nóv. nk., merkt "Sauðfjárvótir eða í tölvupósti á sveinn@bssl.is

Til sölu 6 kvígur. Uppl. í síma 863-0358.

Subaru Impreza, nýskoðaður, árg. '99, 4wd. Mikið keyrður. Verð um 200 þús. Uppl. gefur Jón í sínum 893-7016 og 462-5301.

Til sölu Ariston þvottavél 1600 sn með öllum kerfum, nýleg með kolalausum mótör. Uppl. í síma 848-6109.

Línverksmiðja. Fjárfesting – atvinnutækifæri. Til sölu vélbúnaður/ framleiðslulína fyrir framleiðslu á líni eða hampi. Vélarnar eru lítið notaðar og hægt er að skoða þær samkvæmt samkomulagi. Vélbúnaðurinn er langtrefjalína og stuttrefjalína. Stöngulkurlari og fræhreinsir. Stór böggunarpressa sem mætti nota t.d. til böggunar á öðrum hráefnum. Rafspennar og töfluskápar með hraðastýringum fylgir. Tækifæri fyrir bændur eða sveitarfélög til að efla atvinnustarfsemi. Uppl. í síma 778-8190.

Til sölu háfur f. stórelðhús, stærð 1.10x2.60. Smíðaður af Frostverk, lítið notaður, mjög vel með farinn, hraðastýring fylgir og mótör. Útblástur 40 cm. Nánari uppl. í síma 840-6020.

Notaðar bílalyftur með millitjakki 3,5t. Á Akureyri. Verð 150-400 þ. auk vsk. Uppl. veitir Áskell í síma 840-6011 virka daga frá 8 til 17.

Toyota Rav4, árg. 03, ssk., skoðaður '15, ekinn 206 þús. Nýir framdempingar, ný dekk, dráttarbeisli. Litur gár. Verð 850 þús. Uppl. í síma 898-2128.

Man pallbíll, 5 tonna, árg. '90. Uppl. í síma 843-0904.

Til sölu fjórhjól, Honda 400cc, 4x4, árg. '06. Ekið 8 þús. Mjög vandað og litur vel út. Verð 650 þús. Uppl. í síma 698-3200.

Til sölu fengnar kvígur Galloway, Limousine, burðartími maí - júní. Uppl. í síma 894-9360.

Til sölu Nissan Doublecab, árg. '02, upptekin vél, ný vetrardekk, ekinn 260 þús. km. Verð 1.090.000. Uppl. í síma 868-7122.

Óska eftir

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga óskar eftir nýlegu, vel búnu orlofshúsi, til leigu fyrir félagsmenn sína, sumarið 2015. Húsið þarf að geta hýst 6-8 manns. Leigutími eru 10-12 vikur. Nánari uppl. gefur Guðrún A. Guðmundsdóttir í síma 540-6400 og á gudrun@hjukrun.is

Óska eftir að leigja kornakur á Suður-eða Vesturlandi til gæsaveiða haustið 2015. Uppl. gefur Hera í síma 864 2267.

Óska eftir öxlum og gömlum hífum og handverkfærum. Uppl. í síma 845-0681.

Óska eftir sturtuvagni og rúlluvagni í skiptum fyrir rúllubagga. Staðsett nálægt Hvolsvelli. Uppl. í síma 669-1336.

Óska eftir að kaupa hjólakvísl (hjólagreip). Uppl. í síma 844-7696.

Er að leita að aukahlutum á Lada Sport. Liggur þú á aukahlutum á Lóðu? T.d. toppgrind eða kösturum. Er áhugasamur um alla hluti. Uppl. í síma 696-0024.

Vantar bílaðan eða ónýtan Yamaha utanborðsmótör 2,5 h, 4 ch. Uppl. í síma 898-4718.

Óska eftir notuðum traktor. Uppl. í síma 866-0471.

Óska eftir 1-5 hektara eignalóð/ jörð fyrir sumarhús á Suður- eða Vesturlandi. Helst sjávarlóð eða við vatn. Vinsamlega hafið samband í síma 863-2270.

Ung hjón óska eftir jörð til langtímaleigu eða kaups, helst í rekstri, t.d. kúabú eða grænmetisrækt um allt land, skoðar allt, hafið samband á saje@simnet.is

Óska eftir hálfslitnu framdekki undir dráttarvél. Stærð 480/65 - R 24. Uppl. í síma 896-6832, Guðmundur.

Kaupi allar tegundir af vinylplötum og 78 snúnings lakkplöturnar. Staðgreiði líka stór vinylplötusöfn. Uppl. gefur Óli í síma 822-3710 eða á netfangið olisigur@gmail.com

Óska eftir afrúllara framan á lyftara. Uppl. í síma 863-4256.

Óskum eftir að kaupa notaða mjólkurtanka, 500–3000 L. Áhugasamir sendið skilaboð á hugveldi@gmail.com eða í síma 853-8540.

Vantar góðan ódyran díseljeppa. Má vera ljótur en ekki ryðgaður. Til sölu er 60 hestafla Zetor. Verð kr. 150 þús. Uppl. í síma 865-6560.

Atvinna

Leitum að ráðskonu í 100% vinnu upp í sveit, þar sem rekið er stórt fiskifyrirtæki, auk lítils fjárbús. Nánari uppl. um starf í sínum 849-6276 og 435-6786, Bryndís, eða á fm@vortex.is

Laus staða vinnumanns á sauðfjár- og ferðapjónustubúi á N-Austurlandi. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af hverskyns bústörfum og vetrarrekstri. Einnig æskilegt að umsækjandi búi yfir jákvæðni, samskiptahæfni og létrri lund. Uppl. á dollidropi23@gmail.com

Jarðir

Til sölu smájörð á Vatnsleysuströnd, u.þ.b. 25 mín. akstur frá miðbæ Reykjavíkur og 10 mín. til Keflavíkur. Stórt íbúðarhús. Hentar vel sem gistiheimili. Uppl. í síma 869-5212.

Til leigu

Í Vatnsenda í Kópavogi er til leigu mjög gott 15,5 fm. herbergi með sér 7,5 fm. snyrtingu með baði. Aðgangur að þvottahúsi tvo daga í viku. Einnig til leigu tvær tveggja hesta stúrir í hesthúsi í Víðidal í Reykjavík. Uppl. í síma 898-6666.

Hesthús fyrir 12 hesta í Faxabóli Víðidal, til leigu eða sölu. sér hnakkageymsla, kaffistofa og snyrting. Uppl. í síma 892-2112.

Þjónusta

GB Bókhald. Tek að mér að færa bókhald - skila vsk.skýrslu - geri ársreikninga - geri og skila skattaskýrslu - er með dk + dkBúbót. Gerða Bjarnadóttir. Netfang gbbokhald@gmail.com eða í sínum 431-3336 og 861-3336.

Tek að mér viðgerðir á flestum tegundum sjálfskiptinga. Hafið samband í síma 663-9589 til að fá uppl. og tilboð. HP transmission. Einar G. Akureyri. Reikningar og ábyrgð á öllum viðgerðum.

Málningar- og viðhaldsvinna. Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf., Sigurður 896-5758, siggi@litidmal.com

Vír og lykkjur auglýsa. Kambstál niðurklippt og beygt að þínum óskum. Stungujárn, lykkjur, baulur, allar stærðir. Gerum tilboð. Sendum um land allt. Sími 772-3200 eða á www.facebook/viroglykkjur og viroglykkjur@internet.is

Spásími 908-5666. Hér getur þú kíkt inn í framtíðina og talað um það sem þú getur ekki trúað öðrum fyrir. Nafnleynd og trúnaður.

Smáauglýsinga-síminn er: **563 0300**

**White-Westinghouse**
-amerísk gæða heimilistæki



★★★★
Amerísk gæðavara

12 kg

Þvottavél

- Tekur heitt vatn > sparneytin
- Stórt op > auðvelt að hlaða
- Þvotta og orkuklassi A
- Engin kol í mótör

**RAFVÖRUR**
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Þótt íbúar í Tíról í Austurríki geti enn státað af fallegum skógi vöxnum hlíðum upp á fjallatinda, þá hefur eigi að síður verið gengið nokkuð á skógana þar líka með margvíslegri mannvirkjagerð. Þá hljóta nýjustu tíðindi frá Aberdeen um sýkingar í trjámi í Evrópu að vekja ugg. Mynd / HKr.

Evrópskir skógar í hættu

Prófessorarnir Hugh Evans og Steve Woodward, sem báðir starfa við Aberdeen-háskóla í Skotlandi, telja að skógar og annar gróður í Evrópu sé í verulegri hættu. Máli sínu til stuðnings hafa þeir bent á að á Bretlandseyjum einum séu um 80 milljón asktré líkleg til að drepast á næstu árum vegna sýkingar af völdum svepps sem á latínu kallast Chalara fraxine. Sveppur þessi hefur breiðst hratt út um Evrópu á undanförmum árum og

valdið miklum skaða á aski víða um álfuna. Að sögn prófessoranna er askur ekki eina plöntutegundin sem er í hættu. Hlýnun jarðar, aukinn ferðamannastraumur og flutningur lífvera milli heimshluta hefur einnig mikil áhrif á núverandi skóga og gróðursvæði álfunnar. Getur slíkt leitt til þess að nýjar tegundir taki við af þeim sem fyrir eru og breyti ásynd skóganna. Evans og Woodward telja að um

alvarlegt vandamál sé að ræða þar sem núverandi skógar í Evrópu hafi mikið tilfinningalegt, félagslegt og efnahagslegt gildi. Ur skógunum fæst timbur, þeir viðhaldi líffræðilegri

fjölbreytni og verndi vatnsbúskap svæða sem þeir vaxa á. Auk þess sem fólk sækir í skóga til að öðlast frið og tína sveppi og jurtir til lyfjagerðar. /VH

Bændablaðið - Smáauglýsingar: 563 0300

**ÍSTEX**
ÍSLENSKUR TEXTÍLIDNADUR HF.

Hluthafafundur ÍSTEX hf. verður haldinn
miðvikudaginn 12. nóvember 2014, kl. 15:00
í húsnæði félagsins í Mosfellsbæ.

Dagskrá.
1. Upplýsingar um rekstrar- og fjárhagsstöðu félagsins.
2. Tillaga um að styrkja tengsl ullaframleiðenda við félagið.
3. Önnur mál, löglega upp borin.

Aðgöngumiðar og fundargögn verða afhent á skrifstofu félagsins að Völuteig 6 í Mosfellsbæ, á fundardag.

Mosfellsbæ 5. nóvember 2014.
Stjórn ÍSTEX hf.

Hleðslutæki fyrir rafgeyma

Fylgdu okkur á Facebook

12V og 24V hleðslutæki frá Victron energy í miklu úrvali.



Standast erfiðar aðstæður!

**NAUST**marine
Miðhelli 4 · 221 Hafnarfirði
S. 414 8080 · www.naust.is

**LYFJA**
- Lífið heil

www.lyfja.is
Lægra verð í Lyfju



Now D-vítamín
Rannsóknir sýna að D-vítamín spilar mikilvægt hlutverk í virkni ónæmiskerfisins og sem vörn gegn flensu. Hágæða D3-vítamín í olíubasa sem tryggir hámarks nýtingu.

20% afsláttur
Gildir til 17. nóvember.



Vélavit útvegar varahluti í flestar gerðir traktora, sérhæfum okkur í JCB, Hydrema, Iveco, New Holland og Case

Erum einnig með alla varahluti í JCB vinnuvélar

Eigum allar síur í New Holland og JCB á lager

Útvegum olíuverk í flestar gerðir bíla og tækja

Hafið samband og látið okkur aðstoða við að útvega réttu varahlutina

**Vélavit**
Varahlutir - Viðgerðir

Skeiðarás 3 · Garðabær · Sími 5272600 · velavit@velavit.is

Hvað gera bændur nú?

Hvað sem verður...

Við vitum að rétt tryggingavernd skiptir sköpum í rekstri. Þess vegna eigum við náið samstarf við stjórnendur og eigendur fyrirtækja. Hvort sem þú ert sjálfstætt starfandi eða í umfangsmeiri rekstri, þá finnum við lausnir saman.

Fyrirtækjapjónusta TM leggur áherslu á persónulega þjónustu, sveigjanleika í samningum og viðskiptakjör.

Komdu í hóp ánægðra viðskiptavina TM.

